

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/392****2020/EES/62/04****frá 11. nóvember 2016****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um starfsleyfi, eftirlitskröfur og rekstrarlegar kröfur fyrir verðbréfamiðstöðvar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 ⁽¹⁾, einkum 12. gr. (3. mgr.), 17. gr. (9. mgr.), 22. gr. (10. mgr.), 25. gr. (12. mgr.), 55. gr. (7. mgr.), 18. gr. (4. mgr.), 26. gr. (8. mgr.), 29. gr. (3. mgr.), 37. gr. (4. mgr.), 45. gr. (7. mgr.), 46. gr. (6. mgr.), 33. gr. (5. mgr.), 48. gr. (10. mgr.), 49. gr. (5. mgr.), 52. gr. (3. mgr.), og 53. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ákvæði þessarar reglugerðar tengjast náið hvert öðru þar eð þau fjalla öll um eftirlitskröfur sem gilda um verðbréfamiðstöðvar (CSD). Til að tryggja samfellu milli þessara ákvæða, sem ættu að taka gildi á sama tíma, og til að auðvelda ítarlega yfirsýn og þægilegt aðgengi að þeim fyrir einstaklinga sem falla undir þessi ákvæði er æskilegt að fella alla tæknilegu eftirlitsstaðlana sem varða eftirlitskröfur samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 undir eina reglugerð.
- 2) Í ljósi alþjóðlegs eðlis fjármálamarkaða og að gefnum skuldbindingum Sambandsins á þessu sviði ætti að taka tilhlýðilegt tillit til kjarnareglna um innviði fjármálamarkaða sem gefnar voru út af greiðslu- og uppgjörnefndinni og Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (Kjarnareglur CPSS-IOSCO) í apríl 2012.
- 3) Til að tryggja samræmda beitingu reglna um bætt verðbréfauppgjör í Sambandinu ætti að skilgreina tiltekin tæknileg hugtök með skýrum hætti.
- 4) Mikilvægt er að tryggja viðeigandi starfsleyfi og eftirlit með verðbréfamiðstöð. Því ætti að setja saman lista yfir viðeigandi yfirvöld sem gefa út mikilvægustu gjaldmiðla Sambandsins sem gert er upp í og sem skulu koma að veitingu starfsleyfis og eftirliti með verðbréfamiðstöð. Listinn ætti að byggjast á hlutdeild gjaldmiðla sem þessi yfirvöld gefa út í heildarvirði fyrirmæla um uppgjör gegn greiðslu sem verðbréfamiðstöð gerir upp í árlega og á hlutdeild fyrirmæla um uppgjör gegn greiðslu sem verðbréfamiðstöð gerir upp í Sambandsgjaldmiðli í samanburði við heildarvirði fyrirmæla um uppgjör gegn greiðslu sem gerð eru upp í þeim gjaldmiðli í öllum verðbréfamiðstöðvum í Sambandinu.
- 5) Til að lögbær yfirvöld geti framkvæmt ítarlegt mat ætti verðbréfamiðstöð sem sækir um starfsleyfi að veita upplýsingar um uppbyggingu innra eftirlits síns og sjálfstæði stjórna sinna til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta hvort eftirlits- og stjórnunarkerfi fyrirtækisins tryggji sjálfstæði verðbréfamiðstöðvarinnar og hvort það kerfi og boðleiðir þess, sem og tilhögunin við að taka á mögulegum hagsmunaárekstrum, séu fullnægjandi.
- 6) Til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta gott orðspor, reynslu og færni framkvæmdastjórnar og stjórnarmanna verðbréfamiðstöðvarinnar ætti verðbréfamiðstöð sem sækir um að veita allar viðeigandi upplýsingar til að framkvæma matið.
- 7) Upplýsingar um útibú og dótturfélög verðbréfamiðstöðvar eru nauðsynlegar til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að skilja til hlítar stjórnskipulag verðbréfamiðstöðvarinnar og meta alla hugsanlega áhættu verðbréfamiðstöðvarinnar vegna starfsemi þessara útibúa og dótturfélaga.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 65, 10.3.2017, bls. 48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 48, 16.7.2020, bls. 36.

(1) Stjttíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1.

- 8) Verðbréfamiðstöð sem sækir um starfsleyfi ætti að veita lögbærum yfirvöldum viðeigandi upplýsingar til að sýna fram á að það búi yfir nauðsynlegu fjármagni og fullnægjandi fyrirkomulagi rekstrarsamfellu til að sinna hlutverki sínu á áframhaldandi grundvelli.
- 9) Auk þess að fá upplýsingar um meginstarfsemi er mikilvægt að lögbært yfirvald fái upplýsingar um viðbótarþjónustu sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um starfsleyfi hyggst bjóða til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að hafa fulla yfirsýn yfir þjónustu hennar.
- 10) Til að lögbært yfirvald geti metið samfellu og eðlilega starfsemi tæknikerfa verðbréfamiðstöðvar sem sækir um ætti hún veita lögbæru yfirvaldi lýsingu á viðkomandi tæknikerfum og hvernig þeim er stýrt, þ.m.t. hvort þeim sé útvistað.
- 11) Upplýsingar um gjöldin sem tengjast kjarnaþjónustu sem verðbréfamiðstöð veitir eru mikilvægar og ættu að mynda hluta af umsókn um starfsleyfi verðbréfamiðstöðvar til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að staðfesta hvort þessi gjöld séu hófleg, án mismununar og ekki hluti af kostnaði við aðra þjónustu.
- 12) Þegar verðbréfamiðstöð metur ráðstafanir sem hún hyggst gera svo notendur hennar geti fylgt landslögum sem um getur í 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ætti hún, til að tryggja að réttindi fjárfesta séu vernduð og að tekið sé á álitamálum varðandi lagaskil með fullnægjandi hætti, að taka tillit til bæði útgefenda og þátttakenda, eftir því sem við á, í samræmi við landslög hvors um sig.
- 13) Til að tryggja að aðgangur að eignaskráningarþjónustu, miðlægri vörsluþjónustu og verðbréfauppgjörsþjónustu innan fjármálamarkaðar sé sanngjarn og án mismununar ættu útgefendur, aðrar verðbréfamiðstöðvar og rekstraraðilar annarra markaðsinnviða að hafa fengið aðgang að verðbréfamiðstöð í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Verðbréfamiðstöð sem sækir um ætti því að veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um stefnur og verklagsreglur sínar um aðgang.
- 14) Til að geta gegnt skyldum sínum við að veita starfsleyfi á skilvirkan hátt ætti lögbært yfirvald að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá verðbréfamiðstöðvum sem sækja um starfsleyfi og tengdum þriðju aðilum, þ.m.t. þriðju aðilum sem verðbréfamiðstöðvar sem sækja um hafa útvistað tilteknum rekstrarþáttum og starfsemi til.
- 15) Til að tryggja almennt gagnsæi stjórnarháttá verðbréfamiðstöðvar sem sækir um starfsleyfi ætti lögbært yfirvald að fá í hendur skjöl sem staðfesta að hún hafi samþykkt nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á fót, án mismununar, óháðri notendanefnd fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem hún rekur.
- 16) Til að tryggja eðlilega starfsemi kjarnainnviðaþjónustu innan fjármálamarkaðarins ætti verðbréfamiðstöð sem sækir um starfsleyfi að veita lögbæru yfirvaldi allar nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að hún hafi fullnægjandi stefnur og verklagsreglur til að tryggja áreiðanleg skráningarkerfi sem og skilvirkt fyrirkomulag fyrir þjónustu verðbréfamiðstöðvar, einkum ráðstafanir til að koma í veg fyrir og bregðast við uppgjörsbrestum og reglur varðandi heilindi útgáfunnar, verndun verðbréfa þátttakenda og viðskiptavina þeirra, endanlegt uppgjör, vanskil þátttakenda og yfirfærslu eigna þátttakenda og viðskiptavina ef starfsleyfi er afturkallað.
- 17) Áhættustýringarlíkön í tengslum við þjónustu sem verðbréfamiðstöð sem sækir um veitir eru nauðsynlegur hluti af umsókn hennar um starfsleyfi til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta áreiðanleika og heilleika samþykkrá verklagsreglna og hjálpa markaðsaðilum við upplýst val.
- 18) Til að lögbær yfirvöld geti staðfest öryggi samtengingarfyrirkomulags verðbréfamiðstöðvar sem sækir um starfsleyfi, metið reglurnar sem beitt er í samtengdum kerfum og metið áhættuna sem stafar af þessum samtengingum ætti lögbært yfirvald að fá frá verðbréfamiðstöð allar upplýsingar sem skipta máli fyrir greininguna, ásamt mati verðbréfamiðstöðvarinnar á samtengingarfyrirkomulaginu.
- 19) Þegar lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvar veitir samþykki fyrir hlutdeild hennar í hlutafé annars aðila ættu þau að taka tillit til þeirra skilyrða sem tryggja að hlutdeildin valdi ekki verulegri aukningu í áhættusniði verðbréfamiðstöðvarinnar. Til að tryggja öryggi sitt og samfellu í starfsemi sinni ætti verðbréfamiðstöð ekki að undirgangast ótakmarkaðar fjárskuldbindingar vegna hlutdeildar í hlutafé annarra lögaðila en þeirra sem veita þá þjónustu sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Verðbréfamiðstöð ætti að fjármagna til fulls áhættuna sem leiðir af hlutdeild hennar í hlutafé annarrar einingar.

- 20) Verðbréfamiðstöð ætti að hafa full yfirráð yfir þeim aðilum sem hún á hlutdeild í svo að hún sé ekki háð öðrum hluthöfum í þeim, þ.m.t. að því er varðar stefnur í áhættustýringu. Þessi krafa ætti einnig að auðvelda framkvæmd eftirlitsstarfsemi af hálfu lögbærra yfirvalda og viðeigandi yfirvalda með því að gera kleift að nálgast upplýsingar sem skipta máli á auðveldan hátt.
- 21) Verðbréfamiðstöð ætti að hafa skýrar stefnumiðaðar grunnforsendur fyrir hlutdeildinni, umfram hagnað, með tilliti til hagsmuna útgefenda verðbréfa sem gefin eru út hjá verðbréfamiðstöðinni, þátttakenda hennar og viðskiptavina.
- 22) Til að gera tilhlýðilega magngreiningu og samantekt á þeirri áhættu sem stafar af hlutdeild verðbréfamiðstöðvar í hlutafé annars lögaðila ætti hún að útvega óháða áhættugreiningu, samþykka af innri eða ytri endurskoðanda, vegna fjárhagslegrar áhættu og skuldbindinga sinna sem stafa af hlutdeildinni.
- 23) Í kjölfar reynslunnar af fjármálakreppunni ættu yfirvöld að leggja áherslu á viðvarandi eftirlit, frekar en eftir á. Því er nauðsynlegt að tryggja að lögbær yfirvöld hafi jafnan fullnægjandi aðgang að upplýsingum um allar úttektir og mat samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Til að ákvarða umfang þeirra upplýsinga sem þarf að skila vegna hvernar úttektar og mats ættu ákvæði þessarar reglugerðar að fylgja þeim kröfum um starfsleyfi sem verðbréfamiðstöð þarf að hlíta samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Þetta felur í sér efnislegar breytingar á þáttum sem þegar hefur verið skilað í ferlinu við veitingu starfsleyfis, upplýsingar um reglubundna atburði og tölfraðileg gögn.
- 24) Til að stuðla að skilvirkum tvíhliða og marghliða upplýsingaskiptum á milli lögbærra yfirvalda ætti að deila niðurstöðum úttektar og mats sem eitt yfirvald gerir á starfsemi verðbréfamiðstöðvar með öðrum lögbærum yfirvöldum ef upplýsingarnar eru líklegar til að auðvelda starf þeirra, með fyrirvara um kröfur um trúnað og gagnavernd og til viðbótar við hvers konar samstarfsfyrirkomulag sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Skipuleggja ætti viðbótarupplýsingaskipti á milli lögbærra yfirvalda og viðeigandi yfirvalda eða yfirvalda sem sjá um markaði fyrir fjármálagerninga þannig að hægt sé að deila niðurstöðum lögbærra yfirvalda á meðan úttekt og mat standa yfir.
- 25) Að teknu tilliti til mögulegrar byrði við að safna og vinna úr miklu magni upplýsinga sem tengjast rekstri verðbréfamiðstöðvar og til að forðast tvíverknad ætti aðeins að láta í té viðkomandi breytt skjöl í tengslum við úttektina og matið. Þessi skjöl ætti að afhenda með þeim hætti að lögbæru yfirvaldi sé gert kleift að bera kennsl á allar viðkomandi breytingar sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi, stefnum, ferlum og kerfum sem verðbréfamiðstöðin hefur hrundið í framkvæmd frá því að hún fékk starfsleyfi eða frá lokum síðustu úttektar og mats.
- 26) Annar flokkur upplýsinga sem er gagnlegt fyrir lögbært yfirvald að hafa til að geta framkvæmt úttekt og mat vísar til atburða sem í eðli sínu verða með reglubundnu millibili og tengjast rekstri verðbréfamiðstöðvarinnar og þjónustu sem hún veitir.
- 27) Til að framkvæma alhliða áhættumat á verðbréfamiðstöð þarf lögbært yfirvald óska eftir tölfraðilegum gögnum um umfang atvinnustarfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar til að meta áhættu sem tengist rekstri verðbréfamiðstöðvarinnar og snurðulausum rekstri verðbréfamarkaða. Auk þess gera tölfraðileg gögn lögbæru yfirvaldi kleift að fylgjast með stærð og mikilvægi verðbréfavíðskipta og uppgjöra innan fjármálamarkaða sem og að meta viðvarandi og hugsanleg áhrif viðkomandi verðbréfamiðstöðvar á verðbréfamarkaðinn í heild.
- 28) Til að lögbært yfirvald geti fylgst með og metið áhættu sem verðbréfamiðstöðin stendur eða kann að standa frammi fyrir og sem kann að koma upp og ógna snurðulausri starfsemi verðbréfamarkaða ættu þau að geta óskað eftir viðbótarupplýsingum um áhættu og starfsemi verðbréfamiðstöðvar. Lögbært yfirvald ætti því að geta skilgreint og óskað eftir að eigin frumkvæði, eða í kjölfar beiðni frá öðru yfirvaldi, öllum viðbótarupplýsingum sem það telur nauðsynlegar fyrir sérhverja úttekt og mat á starfsemi verðbréfamiðstöðvar.
- 29) Mikilvægt er að tryggja að verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi sem hyggjast veita þjónustu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 trufla ekki snurðulausa starfsemi markaða Sambandsins.
- 30) Viðvarandi mat á því hvort verðbréfamiðstöð í þriðja landi uppfylli að fullu varfærniskröfur þriðja lands er á ábyrgð lögbærs yfirvalds í þriðja landinu. Upplýsingarnar sem verðbréfamiðstöð sem sækir um skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni ættu ekki að þjóna því markmiði að endurtaka mat lögbæra yfirvaldsins í þriðja landinu heldur tryggja að verðbréfamiðstöðin falli undir skilvirkt eftirlit og framfylgd í viðkomandi þriðja landi, og tryggja þannig öfluga fjárfestavernd.

- 31) Til að gera Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni kleift að framkvæma fullnægjandi mat á umsókn um viðurkenningu ætti að bæta við þær upplýsingar sem umsækjandinn veitir, upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að meta skilvirkni viðvarandi eftirlits, framfylgdarheimilda og -aðgerða lögbæra yfirvaldsins í þriðja landi. Þær upplýsingar ætti að veita samkvæmt samstarfsfyrirkomulagi sem komið er á með reglugerð (ESB) nr. 909/2014. Samstarfsfyrirkomulagið ætti að tryggja að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin fái tímanlega upplýsingar um eftirlits- eða framfylgdaraðgerð gegn verðbréfamiðstöð í þriðja landi, sem sækir um viðurkenningu, og allar breytingar á skilyrðunum sem leyfisveitingin til viðkomandi verðbréfamiðstöðvar var bundin og um viðeigandi uppfærslu á upplýsingum sem verðbréfamiðstöðin veitti upphaflega í viðurkenningarferlinu.
- 32) Þegar verðbréfamiðstöð í þriðja landi metur ráðstafanir sem hún hyggst gera svo notendur hennar geti fylgt landslögum sem um getur í 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ætti hún, til að tryggja að réttindi fjárfesta séu vernduð og að tekið sé á álitamálum varðandi lagaskil með fullnægjandi hætti, að taka tillit til bæði útgefenda og þátttakenda, eftir því sem við á, í samræmi við landslög hvors um sig sem um getur í 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar.
- 33) Til að koma á fót traustum áhættustýringarramma ætti verðbréfamiðstöð að hafa samþætta heildarsýn yfir alla viðeigandi áhættu. Þetta ætti að taka til áhættu sem verðbréfamiðstöð ber vegna annarra aðila og áhættu sem hún veldur þriðju aðilum, þ.m.t. notendum sínum og, að því marki sem framkvæmanlegt er, viðskiptavinum þeirra, sem og samtengdum verðbréfamiðstöðvum, miðlægum mótaðilum, viðskiptavettvöngum, greiðslukerfum, uppgjörsbönkum, viðskiptavökum og fjárfestum.
- 34) Til að tryggja að verðbréfamiðstöðvar hafi nægilega marga starfsmenn til að uppfylla allar skyldur sínar og til að tryggja að lögbær yfirvöld hafi viðeigandi tengiliði innan verðbréfamiðstöðvanna sem þau hafa eftirlit með, ættu verðbréfamiðstöðvar að hafa sérstaka lykilstarfsmenn sem eru ábyrgir fyrir frammistöðu verðbréfamiðstöðvarinnar og sinni eigin, einkum á stigi framkvæmdastjórnar og stjórnar.
- 35) Til að tryggja fullnægjandi eftirlit með starfsemi verðbréfamiðstöðva ætti að koma á og framkvæma reglulega óháðar úttektir sem ná til starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar, áhættustýringarferlis, regluvörslu og innra eftirlitskerfis. Ekki ætti endilega að þurfa aðkomu ytri endurskoðanda til að úttekt teljist óháð, að því tilskildu að verðbréfamiðstöðin sýni lögbæru yfirvaldi fram á að óháði innri endurskoðanda síns sé nægilega tryggt. Verðbréfamiðstöð ætti einnig að stofna endurskoðunarnefnd til að tryggja óháði innri endurskoðunar sinnar.
- 36) Verðbréfamiðstöð ætti að koma á fót áhættunefnd til að tryggja að stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar fái ráðgjöf á hæsta tæknilega stigi um gildandi og framtíðaráhættuþol sitt og -stefnu í heild. Til að tryggja óháði sitt frá æðstu stjórnendum verðbréfamiðstöðvarinnar og mikla hæfni ætti meirihluti áhættunefndar hvorki að sitja í stjórn né framkvæmdastjórn og formaðurinn að vera aðili með viðeigandi reynslu af áhættustýringu.
- 37) Þegar verðbréfamiðstöð metur hugsanlega hagsmunaárekstra ætti hún ekki aðeins að skoða þá sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða starfsfólk verðbréfamiðstöðvarinnar heldur einnig alla aðila sem eru beint eða óbeint tengdir þessum einstaklingum eða verðbréfamiðstöðinni, hvort sem það er einstaklingur eða lögaðili.
- 38) Verðbréfamiðstöð ætti að hafa áhættustjóra, regluvörð og tæknistjóra ásamt sviðum áhættustýringar, tækni, regluvörslu og innra eftirlits auk innri endurskoðunar. Verðbréfamiðstöð ætti í öllum tilvikum að geta hagað innri uppbyggingu þessara sviða í samræmi við þarfir sínar. Mismunandi einstaklingar ættu að gegna hlutverki áhættustjóra, regluvarðar og tæknistjóra enda þarf yfirleitt einstaklinga með mismunandi fræðilega og faglega hæfni til að sinna þessum verkum. Hvað þetta varðar eru ákvæðin í þessari reglugerð nátengd kerfinu sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾ fyrir aðra markaðsinnviði.
- 39) Skrár sem verðbréfamiðstöðvar halda ættu að vera skipulegar og veita auðvelt aðgengi að gögnum sem lögbær yfirvöld, sem taka þátt í eftirliti með verðbréfamiðstöðvum, geyma. Verðbréfamiðstöð ætti að tryggja að gagnaskrár sem hún geymir, þ.m.t. allt bókhald yfir verðbréf sem hún heldur, séu réttar og uppfærðar svo þær séu áreiðanleg gagna-uppspretta fyrir eftirlit.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

- 40) Til að auðvelda skýrslugjöf og skráningu samræmdra upplýsinga samkvæmt mismunandi kröfum ættu skrár sem verðbréfamiðstöð geymir að ná yfir hvern einstakan þjónustuhátt sem verðbréfamiðstöðin veitir í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 og ættu að hafa að geyma a.m.k. allar upplýsingar sem tilkynna ber um samkvæmt reglunum um ögun í uppgjöri sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 41) Verndun réttinda útgefenda og fjárfesta er nauðsynleg fyrir skipulega starfsemi verðbréfamarkaðarins. Verðbréfamiðstöð ætti því að beita viðeigandi reglum, verklagsreglum og eftirliti til að koma í veg fyrir óheimila stofnun eða eyðingu verðbréfa. Hún ætti einnig að stemma af verðbréfareikninga sem hún heldur minnst daglega.
- 42) Verðbréfamiðstöð ætti að nota traustar bókhaldsaðferðir og framkvæma endurskoðanir til að staðfesta að skrár hennar um verðbréf séu réttar og að ráðstafanir til að tryggja heilindi í verðbréfaútgáfum séu fullnægjandi.
- 43) Til að tryggja heilindi útgáfunnar á skilvirkan máta ættu þær afstemmingar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 909/2014 að gilda um allar verðbréfamiðstöðvar burtséð frá því hvort þær veita eignaskráningarþjónustuna eða miðlægu vörsluþjónustuna sem um getur í þeirri reglugerð í tengslum við verðbréfaútgáfu.
- 44) Að því er varðar aðra aðila sem taka þátt í afstemmingarferlinu ætti að gera greinarmun á nokkrum sviðsmyndum með tilliti til hlutverks þessara aðila. Afstemmingarnar ættu að endurspegla sérstök hlutverk þessara aðila. Samkvæmt líkani skráningaraðila heldur hann skrár yfir verðbréf sem einnig eru skráð í verðbréfamiðstöð. Samkvæmt líkani yfirfærsluaðila er rekstraraðili sjóðs eða yfirfærsluaðili ábyrgur fyrir reikningi þar sem haldið er utan um hluta verðbréfaútgáfu sem skráð er í verðbréfamiðstöð. Samkvæmt líkani sameiginlegs geymsluaðila er sameiginlegur geymsluaðili notaður af verðbréfamiðstöðvum sem stofna rekstrarsamhæfða tengingu og skal sameiginlegi geymsluaðilinn vera ábyrgur fyrir heilindum þeirra verðbréfaútgáfa sem verðbréfamiðstöðvar með rekstrarsamhæfða tengingu frumskrá eða hafa í miðlægri vörsluþjónustu.
- 45) Til að milda rekstraráhættu, að meðtalinni áhættu af völdum annmarka í upplýsingakerfum, innri ferlum og frammistöðu starfsfólks eða truflana vegna ytri atburða sem leiða til samdráttar, afturfarar eða brests í þjónustu sem verðbréfamiðstöð veitir, ættu verðbréfamiðstöðvar að greina alla áhættu og fylgjast með þróun hennar, án tillits til uppruna sem kann t.d. að liggja hjá notendum þeirra, þjónustuveitendum verðbréfamiðstöðva og öðrum rekstraraðilum markaðsinnviða, þ.m.t. öðrum verðbréfamiðstöðvum. Rekstraráhættu skal stýrt í samræmi við vel skjalfestan og traustan ramma með skýrt úthlutuðum hlutverkum og ábyrgð. Sá rammi ætti að fela í sér rekstrarleg markmið, rekjanleikabætti, matsaðferðir og hann ætti að vera felldur inn í áhættustýringarkerfi verðbréfamiðstöðvarinnar. Í þessu samhengi ætti áhættustjóri verðbréfamiðstöðvar að vera ábyrgur fyrir ramma um stýringu rekstraráhættu. Verðbréfamiðstöðvar ættu að stýra áhættu sinni innanhúss. Ef innra eftirlit er ófullnægjandi eða ef ekki er gerlegt með góðu móti að útiloka ákveðna áhættu ætti verðbréfamiðstöð að geta varið sig fjárhagslega gegn þeirri áhættu með tryggingu.
- 46) Verðbréfamiðstöðvar ættu ekki að fjárfesta með þeim hætti að það geti haft áhrif á áhættusnið þeirra. Verðbréfamiðstöðvar ættu einungis að gera afleiðusamninga ef þær þurfa að verjast áhættu sem þær geta ekki dregið úr á annan máta. Áhættuvörnin ætti að vera háð vissum ströngum skilyrðum sem tryggja að afleiðurnar séu ekki notaðar til annars en að verjast áhættum og ekki notaðar til að innleysa hagnað.
- 47) Eignir verðbréfamiðstöðva ætti að geyma á öruggum stað, þær ætti að vera hægt að nálgast auðveldlega og innleysa umsvifalaust. Verðbréfamiðstöð ætti því að tryggja að stefnur hennar og verklagsreglur varðandi skjótan aðgang að eignum hennar séu byggðar, hið minnsta, á eðli, stærð, gæðum, líftíma og staðsetningu eignanna. Verðbréfamiðstöð ætti einnig að tryggja að skjótur aðgangur að eignum hennar verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum af útivistun vörslu- eða fjárfestingarstarfsemi til þriðja aðila.
- 48) Til að stýra lausafjárþörf sinni ætti verðbréfamiðstöð að geta nálgast handbært fé sitt án tafar og einnig öll verðbréf sem hún á í eigin nafni sama viðskiptadag og ákvörðun um innlaun eignar er tekin.
- 49) Til að tryggja hærra verndarstig eignar verðbréfamiðstöðvar gagnvart vanskilum milliliðar ætti verðbréfamiðstöð sem hefur aðgang að annarri verðbréfamiðstöð í gegnum samtengingu verðbréfamiðstöðva að geyma þær eignir á aðgreindum reikningi hjá samtengdu verðbréfamiðstöðinni. Þessi aðgreining ætti að tryggja að eignir verðbréfamiðstöðvar séu aðgreindar frá eignum annarra aðila og séu varðar á viðeigandi hátt. Hins vegar er nauðsynlegt að heimila stofnun tengsla við verðbréfamiðstöðvar í þriðju löndum jafnvel þótt aðgreindir reikningar séu ekki tiltækir hjá slíkri

verðbréfamistöð í þriðja landi að því gefnu að eignir verðbréfamistöðvarinnar sem æskir aðgangs séu í öllum tilvikum nægilega verndaðar og lögbær yfirvöld séu upplýst um þá áhættu sem stafar af því að hafa ekki aðgreinda reikninga og fullnægjandi mildun slíkrar áhættu.

- 50) Til að tryggja að verðbréfamistöð fjárfesti fjármagn sitt í auðseljanlegum gerningum með lágmarks markaðs- og greiðslufallsáhættu og að þessar fjárfestingar séu innleystar hratt með lágmarksáhrifum á verð ætti hún að dreifa eignasafni sínu og koma á viðeigandi samþjöppunarmörkum að því er varðar útgefendur gerninga sem hún fjárfestir eignir sínar í.
- 51) Til að tryggja öryggi og skilvirkni samtengingarfyrikomulags verðbréfamistöðvar við aðra verðbréfamistöð ætti hún að greina, vakta og stýra öllum hugsanlegum áhættuvöldum sem stafa af samtengingarfyrikomulaginu. Samtenging verðbréfamistöðva ætti að hafa vel rökstuddan lagagrundvöll í öllum viðeigandi lögsögum, sem styður hönnun hennar og veitir fullnægjandi vernd þeim verðbréfamistöðvum sem taka þátt í samtengingunni. Samtengdar verðbréfamistöðvar ættu að mæla, vakta og stýra greiðslufalls- og lausafjáráhættu sem stafar af hvorri þeirra um sig.
- 52) Verðbréfamistöð sem æskir aðgangs að og notar óbeina tengingu verðbréfamistöðva eða millilið til að starfrækja samtengingu við viðtökuverðbréfamistöð ætti að mæla, vakta og stýra viðbótaráhættu, þ.m.t. vörslu-, greiðslufalls-, laga- og rekstraráhættu sem stafar af notkun milliliðar til að tryggja öryggi og skilvirkni samtengingarfyrikomulagsins.
- 53) Ef haldið er utan um verðbréf í nokkrum verðbréfamistöðvum í gegnum samtengingar verðbréfamistöðva, ættu verðbréfamistöðvar, til að tryggja heilindi útgáfunnar, að beita sérstökum afstemmingum og samræma aðgerðir sínar.
- 54) Verðbréfamistöðvar ættu að veita sanngjarnan og opinn aðgang að þjónustu sinni að teknu tilhlýðilegu tilliti til áhættu fyrir fjármálastöðugleika og skipulega virkni markaðarins. Þær ættu að stýra áhættunni sem stafar af þátttakendum þeirra og öðrum notendum með því að setja áhættutengdar viðmiðanir fyrir veitingu þjónustu sinnar. Verðbréfamistöðvar ættu að tryggja að notendur þeirra, svo sem þátttakendur, aðrar verðbréfamistöðvar, miðlægir mótaðilar, viðskiptavettvangar eða útgefendur, sem fá aðgang að þjónustu þeirra, standist viðmiðanirnar og hafi nauðsynlega athafnagetu, fjármagn, lagaheimildir og sérþekkingu á áhættustýringu til að koma í veg fyrir áhættu fyrir verðbréfamistöðvar og aðra notendur.
- 55) Til að tryggja öryggi og skilvirkni verðbréfauppgjörskerfis síns ætti verðbréfamistöð að vakta hlítu við aðgangskröfur sínar á viðvarandi grundvelli og hafa skýrt skilgreindar og opinberlega birtar verklagsreglur til að auðvelda tímabundna sviptingu og skipulegt brotthvarf aðila sem æskir aðgangs sem brýtur eða uppfyllir ekki lengur aðgangskröfur.
- 56) Að því er varðar starfsleyfi til að veita viðbótarbankaþjónustu ætti verðbréfamistöð að senda inn umsókn til lögbærra yfirvalda með öllum nauðsynlegum upplýsingum til að tryggja að viðbótarbankaþjónusta hafi ekki áhrif á snuðulausa kjarnaþjónustu af hálfu verðbréfamistöðvar. Aðilar sem þegar eru með starfsleyfi sem verðbréfamistöðvar ættu ekki að þurfa að senda aftur inn upplýsingar sem þegar var skilað í umsóknarferlinu fyrir að fá starfsleyfi sem verðbréfamistöð samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
- 57) Í því skyni að tryggja réttarvissu og samkvæmni í beitingu laganna ættu vissar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð varðandi ráðstafanir í tengslum við aga í uppgjöri að koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi þessara ráðstafana.
- 58) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 59) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur unnið í nánú samstarfi við aðila að seðlabankakerfi Evrópu og Evrópsku bankaefirlitsstofnunina við að semja tæknistaðlana í þessari reglugerð.
- 60) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitu hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjóð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „úttektartímabil“: það tímabil sem gerð er úttekt á og hefst daginn eftir lok úttektar- og matstímabilsins á undan,
- b) „uppgjörfyrirmæli“: greiðslufyrirmæli eins og þau eru skilgreind í i-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB ⁽¹⁾,
- c) „uppgjörstakmörkun“: að verðbréf séu útilokuð, tekin frá eða eynamerkt sem gerir þau ótíltæk til uppgjörs, eða að peningar séu útilokaðir eða teknir frá sem gerir þá ótíltæka til uppgjörs,
- d) „kauphallarsjóður“: sjóður þeirrar tegundar sem skilgreind er í 46. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽²⁾,
- e) „verðbréfamiðstöð útgefanda“: verðbréfamiðstöð sem veitir þá kjarnaþjónustu sem um getur í 1. eða 2. lið A-þáttar viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 í tengslum við verðbréfaútgáfu,
- f) „verðbréfamiðstöð fjárfestis“: verðbréfamiðstöð sem er annaðhvort þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi sem önnur verðbréfamiðstöð rekur eða notar þriðja aðila eða millilið sem er þátttakandi í verðbréfauppgjörskerfi sem önnur verðbréfamiðstöð rekur í tengslum við verðbréfaútgáfu,
- g) „varanlegur miðill“: tæki sem gerir kleift að geyma upplýsingar þannig að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar eins lengi og þarf eftir tilgangi þeirra og gerir kleift að afrita geymdar upplýsingar óbreyttar.

II. KAFLI

ÁKVÖRDUN MIKILVÆGUSTU GJALDMIÐLA OG RÁÐSTAFANIR TIL SAMRÁÐS VIÐ VIÐEIGANDI LÖGBÆR YFIRVÖLD

(Ákvæði b- og c-liðar 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

2. gr.

Ákvörðun mikilvægustu gjaldmiðla

1. Mikilvægustu gjaldmiðlar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, skulu ákvarðaðir samkvæmt útreikningi á öðru hvoru af eftirfarandi:
 - a) hlutdeild hvers Sambandsgjaldmiðils í heildarvirði uppgjörs verðbréfamiðstöðvar samkvæmt fyrirmælum um uppgjör gegn greiðslu, reiknuð út yfir eitt ár, að því tilskildu að hver einstök hlutdeild nemi meira en 1%,
 - b) hlutdeild fyrirmæla um uppgjör gegn greiðslu sem verðbréfamiðstöð gerir upp í Sambandsgjaldmiðli í samanburði við heildarvirði fyrirmæla um uppgjör gegn greiðslu sem gerð eru upp í þeim gjaldmiðli í öllum verðbréfamiðstöðvum í Sambandinu, reiknuð út yfir eitt ár, að því tilskildu að hver einstök hlutdeild nemi meira en 10%.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðslukerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjútíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

2. Lögbær yfirvöld hverrar verðbréfamiðstöðvar skulu framkvæma útreikninginn sem um getur í 1. mgr. á ársgrundvelli.

3. gr.

Ráðstafanir til samráðs viðeigandi yfirvalda sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014

1. Sé einn af mikilvægustu gjaldmiðlunum sem ákvarðaðir eru í samræmi við 2. gr. þessarar reglugerðar gefinn út af fleiri en einum seðlabanka skulu viðkomandi seðlabankar velja einn fulltrúa sem viðeigandi yfirvald fyrir þann gjaldmiðil sem um getur í b-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
2. Sé peningahluti verðbréfavíðskipta gerður upp í samræmi við 1. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá fleiri en einum seðlabanka sem gefa út sama gjaldmiðil skulu þeir seðlabankar velja einn fulltrúa sem það viðeigandi yfirvald sem um getur í c-lið 1. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar.

III. KAFLI

STARFSLEYFI VERÐBRÉFAMIDSTÖÐVA

(Ákvæði 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

1. ÞÁTTUR

Almennar upplýsingar um verðbréfamiðstöðvar sem sækja um

4. gr.

Auðkenning og félagsform verðbréfamiðstöðva sem sækja um

1. Í umsókn um starfsleyfi skal tilgreina á skýran hátt verðbréfamiðstöðina sem sækir um og þá starfsemi og þjónustu sem hún hyggst sinna.
2. Í um starfsleyfisumsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:
 - a) samskiptaupplýsingar einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni,
 - b) samskiptaupplýsingar einstaklings eða einstaklinga sem stjórna regluvörslu og innra eftirliti verðbréfamiðstöðvar sem sækir um,
 - c) firmaheiti verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, auðkenni lögaðila (LEI) og skráð heimilisfang hennar í Sambandinu,
 - d) stofnsamningur og samþykktir eða önnur stofnskjöi og lögboðin gögn verðbréfamiðstöðvar sem sækir um,
 - e) útdráttur úr viðkomandi fyrirtækjaskrá eða dómabók, eða annars konar vottun á skráðu heimilisfangi og atvinnustarfsemi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, sem er í gildi á umsóknardegi,
 - f) verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um rekur eða hyggst reka,
 - g) afrit af ákvörðun stjórnar um umsóknina og fundargerð þess fundar þar sem stjórnin samþykkti umsóknargögnin og framlagningu þeirra,
 - h) skýringarmynd sem sýnir eignatengsl móðurfélags, dótturfélaga og allra annarra tengdra lögaðila (e. *associated entities*) eða útibúa, sem auðkennir aðilana sem sýndir eru á myndinni með fullu firmaheiti, félagsformi, skráðu heimilisfangi og skattnúmerum eða skráningarnúmerum fyrirtækisins,
 - i) lýsing á atvinnustarfsemi dótturfélaga verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, og annarra lögaðila sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um á hlutdeild í, þ.m.t. upplýsingar um stærð hlutdeildar,

- j) listi með:
- i. nafni hvers einstaklings eða aðila sem á beint eða óbeint 5% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti í verðbréfamistöðinni sem sækir um,
 - ii. nafni hvers einstaklings eða aðila sem gæti haft veruleg áhrif á stjórnun verðbréfamistöðvarinnar sem sækir um gegnum eign sína í hlutafé hennar,
- k) listi með:
- i. nafni hvers aðila sem verðbréfamistöðin sem sækir um á 5% eða meira af hlutafé eða atkvæðisrétti í,
 - ii. nafni hvers aðila sem verðbréfamistöðin sem sækir um hefur veruleg áhrif á stjórnun hjá,
- l) listi yfir kjarnaþjónustu sem talin er upp í A-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamistöðin sem sækir um veitir eða hyggst veita,
- m) listi yfir viðbótarþjónustu sem tilgreind er sérstaklega í B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamistöðin sem sækir um veitir eða hyggst veita,
- n) listi yfir aðra viðbótarþjónustu sem er heimil samkvæmt, en ekki tilgreind sérstaklega í B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamistöðin sem sækir um veitir eða hyggst veita,
- o) listi yfir fjárfestingarþjónustu sem fellur undir tilskipun 2014/65/ESB og um getur í n-lið,
- p) listi yfir þjónustu og starfsemi sem verðbréfamistöðin sem sækir um útvistar eða hyggst útvista til þriðja aðila í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- q) gjaldmiðill eða gjaldmiðlar sem verðbréfamistöðin sem sækir um afgreiðir eða hyggst afgreiða í tengslum við þjónustu sem hún veitir, óháð því hvort peningalegt uppgjör fer fram gegnum reikning hjá seðlabanka, reikning hjá verðbréfamistöð eða reikning hjá tilgreindri lánastofnun,
- r) upplýsingar um öll yfirstandandi og lokin dómsmál, stjórnsýslumál, gerðardómsmál eða önnur málaferli sem verðbréfamistöðin sem sækir um er aðili að og sem gætu valdið henni fjárhagslegum eða öðrum kostnaði.
3. Hyggist verðbréfamistöðin sem sækir um veita kjarnaþjónustu eða setja á stofn útibú í samræmi við 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal starfsleyfisumsóknin einnig hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
- a) aðildarríki, eitt eða fleiri, sem verðbréfamistöðin sem sækir um hyggst starfa í,
 - b) starfsáætlanir sem tilgreina einkum þá þjónustu sem verðbréfamistöðin sem sækir um veitir eða hyggst veita í gístaðildarríkinu,
 - c) gjaldmiðill eða gjaldmiðlar sem verðbréfamistöðin sem sækir um afgreiðir eða hyggst afgreiða í gístaðildarríkinu,
 - d) hvar þjónustan er veitt eða fyrirhugað er að veita hana gegnum útibú, skipulag útíbúsins og nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun þess,
 - e) þar sem við á, mat á þeim ráðstöfunum sem verðbréfamistöðin sem sækir um hyggst gera til að gera notendum sínum kleift að hlíta landslögum eins og um getur í 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

5. gr.

Almennar upplýsingar um stefnur og verklagsreglur

1. Í umsókn um starfsleyfi skal veita eftirfarandi upplýsingar um stefnur og verklagsreglur verðbréfamistöðvarinnar sem sækir um, sem um getur í þessum kafla:
 - a) starfsheiti þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á samþykki og framkvæmd á stefnum og verklagsreglum,
 - b) lýsing á ráðstöfunum til framkvæmdar á, og eftirlits með, hlítni við stefnur og verklagsreglur.

2. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma lýsingu á þeim verklagsreglum sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um hefur sett skv. 3. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

6. gr.

Upplýsingar um þjónustu og starfsemi verðbréfamiðstöðvar

Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal veita eftirfarandi upplýsingar í umsókn um starfsleyfi:

- a) ítarlega lýsingu á þeirri þjónustu sem um getur í l- til p-lið 2. mgr. 4. gr.
- b) þær verklagsreglur sem beita á við að veita þá þjónustu sem um getur í a-lið.

7. gr.

Upplýsingar um samstæður

1. Sé verðbréfamiðstöð sem sækir um hluti af fyrirtækjasamstæðu sem í eru aðrar verðbréfamiðstöðvar eða lánastofnanir eins og um getur í b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal eftirfarandi koma fram í umsókn um starfsleyfi:

- a) þær stefnur og verklagsreglur sem um getur í 7. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) upplýsingar um samsetningu framkvæmdastjórnar, stjórnar og hluthafasamsetningu móðurfélagsins og annarra félaga í samstæðunni,
- c) þjónusta og lykileinstaklingar, aðrir en framkvæmdastjórn, sem verðbréfamiðstöð sem sækir um deilir með öðrum félögum í samstæðunni.

2. Ef verðbréfamiðstöð sem sækir um hefur móðurfélag skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsleyfisumsókn:

- a) skráð heimilisfang móðurfélags verðbréfamiðstöðvar sem sækir um,
- b) sé móðurfélagið með starfsleyfi eða skráð og eftirlitsskylt samkvæmt löggjöf Sambandsins eða þriðja lands, öll viðeigandi starfsleyfis- eða skráningarnúmer og nafn yfirvalds eða yfirvalda sem eru lögbær til eftirlits með móðurfélaginu.

3. Hafi verðbréfamiðstöð sem sækir um útvistað þjónustu eða starfsemi til félags innan samstæðunnar í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal umsóknin hafa að geyma samantekt á og afrit af útivistunarsamningnum.

2. ÞÁTTUR

Fjármagn til þjónustustarfsemi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um

8. gr.

Reikningsskil, viðskiptaáætlun og endurreisnaráætlun

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi fjárhags- og viðskiptaupplýsingar til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta hlítmi verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um við 44., 46. og 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014:

- a) reikningsskil, sem fela í sér heildarreikningsskil næstliðinna þriggja ára, og lögboðna áritun endurskoðanda á ársreikningum og samstæðureikningum í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB ⁽¹⁾, fyrir næstliðin þrjú ár,

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskila, um breytingu á tilskipunum ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 84/253/EBE (Stjtið. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87).

- b) sé verðbréfamiðstöðin sem sækir um endurskoðuð af ytri endurskoðanda, þá nafn og innlent skráningarnúmer endurskoðandans,
- c) viðskiptaáætlun, þ.m.t. fjármögnunaráætlun og fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir mismunandi viðskiptasviðsmyndum fyrir þá þjónustu sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um, veitir yfir minnst þriggja ára viðmiðunartímabil,
- d) allar áætlanir um að stofna dótturfélög og útibú og staðsetningu þeirra,
- e) lýsingu á atvinnustarfsemi sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um hyggst stunda, þ.m.t. starfsemi allra dótturfélaga eða útibúa hennar.

2. Ef þær sögulegu fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í a-lið 1. mgr. liggja ekki fyrir skal starfsleyfisumsóknin hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um verðbréfamiðstöðina sem sækir um:

- a) gögn sem sýna fram á nægjanlegt fjármagn í sex mánuði eftir að starfsleyfi er veitt,
- b) árshlutareikningsskil,
- c) yfirlit um fjárhagsstöðu verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, þ.m.t. efnahagsreikning, rekstrarreikning, breytingar á eigin fé og sjóðstreymi og samantekt á reikningsskilaaðferðum ásamt öðrum skýringum sem máli skipta,
- d) endurskoðaðan ársreikning móðurfélags, sé um það að ræða, fyrir þrjú næstliðin fjárhagsár fyrir umsóknardaginn.

3. Umsóknin skal hafa að geyma lýsingu á fullnægjandi endurreisnaráætlun til að tryggja samfellu mikilvægrar starfsemi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, sem um getur í 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, þ.m.t.:

- a) samantekt sem veitir yfirlit um áætlunina og framkvæmd hennar,
- b) mikilvægustu starfsemi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, álagssviðsmyndum og atburðum sem hrinda af stað endurreisn, og lýsingu á endurreisnartækjum sem hún mun nota,
- c) mat á áhrifum endurreisnaráætlunar á hagsmunaaðila sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af framkvæmd hennar,
- d) mat á lagalegum framfylgjanleika endurreisnaráætlunarinnar að teknu tilliti til lagalegra takmarkana sem löggjöf Sambandsins, innlend löggjöf eða löggjöf þriðja lands kveður á um.

3. ÞÁTTUR

Skipulagskröfur

9. gr.

Skipurit

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma skipurit sem lýsir stjórnskipulagi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um. Í skipuritinu skal eftirfarandi koma fram:

- a) deili og verkvið einstaklinga sem gegna eftirfarandi stöðum:
 - i. sitja í framkvæmdastjórn,
 - ii. eru yfirmenn rekstrareininga sem um getur í 3. mgr. 47. gr.:
 - iii. eru yfirmenn útibúa verðbréfamiðstöðvar sem sækir um,
 - iv. gegna öðrum mikilvægum stöðum innan verðbréfamiðstöðvar sem sækir um,
- b) fjöldi starfsmanna hjá hverju rekstrarsviði og -einingu.

*10. gr.***Starfsmannatengdar stefnur og verklagsreglur**

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um starfsmannatengdar stefnur og verklagsreglur verðbréfamiðstöðvar sem sækir um:

- a) lýsingu á starfskjarastefnu að meðtöldum upplýsingum um fasta og breytilega þætti starfskjara þeirra sem sitja í framkvæmdastjórn, stjórn og starfsfólks í áhættustýringu, regluvörslu og innra eftirliti, innri endurskoðun og tæknieiningum verðbréfamiðstöðvar sem sækir um,
- b) ráðstafanir sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um gerir til að draga úr áhættu sem tengist því að reiða sig um of á einstaka starfsmenn.

*11. gr.***Áhættueftirlitstæki og stjórnarhættir**

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um stjórnarhætti og áhættueftirlitstæki verðbréfamiðstöðvar sem sækir um:

- a) lýsingu á stjórnarháttum verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um sem komið er á fót í samræmi við 2. mgr. 47. gr.,
 - b) stefnur, verklagsreglur og kerfi sem komið er á fót í samræmi við 1. mgr. 47. gr.,
 - c) lýsingu á samsetningu, hlutverki og ábyrgð þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn og nefndum sem settar eru á fót í samræmi við 48. gr.
2. Þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. skulu hafa að geyma lýsingu á ferlum við val, ráðningu, frammistöðumat og brottvikningu framkvæmdastjórnar og stjórnarmanna.
3. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal lýsa verklagi sínu við að gera upplýsingar um stjórnarhætti sína og reglur um starfsemi sína aðgengilegar almenningi.
4. Fylgi verðbréfamiðstöð sem sækir um viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja skal umsóknin tilgreina allar slíkar leiðbeiningar, hafa að geyma afrit af þeim og rökstyðja öll tilvik þar sem hún víkur frá leiðbeiningunum.

*12. gr.***Regluvarsla, innra eftirlit og innri endurskoðun**

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma lýsingu á verklagi innanhússtilkynninga verðbréfamiðstöðvar sem sækir um í tengslum við brot sem um getur í 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

2. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma upplýsingar um stefnur og verklagsreglur um innri endurskoðun sem um getur í 51. gr. hjá verðbréfamiðstöðinni sem sækir um, þ.m.t.:

- a) lýsingu á tækjum til eftirlits og mats á því hvort innri endurskoðunarkerfi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um séu fullnægjandi og skilvirk,
- b) lýsingu á eftirlits- og verndartækjum fyrir upplýsingavinnslukerfi verðbréfamiðstöðvar sem sækir um,
- c) lýsingu á þróun og beitingu aðferða við innri endurskoðun hjá verðbréfamiðstöð sem sækir um,

- d) vinnuáætlun innri endurskoðunar til þriggja ára frá umsóknardegi,
- e) lýsingu á hlutverki og menntun og hæfi hvers einstaklings sem ber ábyrgð á innri endurskoðun sem um getur í d-lið 3. mgr. 47. gr. undir eftirliti endurskoðunarnefndar sem um getur í b-lið 1. mgr. 48. gr.

3. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um regluvörslu og innra eftirlit verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, sem um getur í c-lið 3. mgr. 47. gr.:

- a) lýsingu á hlutverki, menntun og hæfi einstaklinga sem bera ábyrgð á regluvörslu og innra eftirliti og annarra starfsmanna sem koma að mati á hlítni, þ.m.t. lýsingu á aðferðum til að tryggja sjálfstæði regluvörslu og innra eftirlits frá öðrum rekstrareiningum,
- b) stefnur og verklagsreglur regluvörslu og innra eftirlits, þ.m.t. lýsingu á regluvörsluhlutverki stjórnar og framkvæmdastjórnar,
- c) liggi hún fyrir, nýjustu innri skýrslu sem samin er af þeim einstaklingum bera ábyrgð á regluvörslu og innra eftirliti eða af öðrum starfsmönnum sem koma að mati á hlítni innan verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um.

13. gr.

Framkvæmdastjórn, stjórn og hluthafar

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um hvern þann sem situr í framkvæmdastjórn eða stjórn verðbréfamiðstöðvar sem sækir um til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta hlítni verðbréfamiðstöðvarinnar við 1. og 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014:

- a) afrit af ferilskrá sem skýrir frá reynslu og þekkingu viðkomandi,
- b) upplýsingar um hvers konar refsí- og stjórnsýsluviðurlög sem viðkomandi hefur verið beittur í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnþjónustu eða í tengslum við svik eða óréttmæta tileinkun fjármuna, í formi viðeigandi opinbers vottorðs sé það fáanlegt í viðkomandi aðildarríki,
- c) eigin yfirlýsingu um óflekkað mannorð að því er varðar veitingu fjármála- eða gagnþjónustu, þar sem hver og einn þeirra sem sitja í framkvæmdastjórn og stjórn lýsir því yfir hvort:
 - i. hann hefur verið sakfelldur fyrir refsivert brot eða beittur stjórnsýsluviðurlögum í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnþjónustu eða í tengslum við svik eða óréttmæta tileinkun fjármuna,
 - ii. hann hefur sætt ákvörðun sér í óhag í viðurlagamáli hjá eftirlitsyfirvaldi, opinberum aðila eða stofnun, eða er til umfjöllunar í slíku máli sem er ekki lokið,
 - iii. hann hefur sætt úrskurði sér í óhag í einkamáli fyrir dómstól í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnþjónustu, eða vegna svika í atvinnurekstri,
 - iv. hann hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem eftirlitsaðili hefur afturkallað skráningu eða starfsleyfi fyrir, hafandi verið tengdur fyrirtækinu í a.m.k. eitt ár fyrir dagsetningu afturköllunar starfsleyfisins eða skráningarinnar,
 - v. honum hefur verið synjað um rétt til að stunda hvers kyns tegund starfsemi sem krefst skráningar eða starfsleyfis frá eftirlitsaðila,
 - vi. hann hefur setið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis sem tekið er til meðferðar vegna ógjaldfærni, í a.m.k. eitt ár áður en hún hefst,

- vii. hann hefur settið í stjórn eða framkvæmdastjórn fyrirtækis, sem eftirlitsaðili beitti viðurlögum, hafandi verið tengdur fyrirtækinu í a.m.k. eitt ár áður en viðurlögum var beitt,
- viii. hann hefur hlotið annars konar sektir, sætt tímabundinni sviptingu, talist vanhæfur eða verið beittur öðrum viðurlögum af hálfu stjórnvalda, eftirlitsaðila eða fagaðila í tengslum við veitingu fjármála- eða gagnþjónustu,
- ix. hann hefur verið úrskurðaður vanhæfur til stjórnarsetu eða til að gegna annarri stjórnunarstöðu eða honum hefur verið sagt upp störfum eða hann leystur frá öðrum skyldum vegna misferlis eða vanrækslu í starfi.

Að því er varðar i. lið c-liðar þessarar málsgreinar skal eigin yfirlýsingar ekki krafist ef opinberu vottorði er framvísað skv. b-lið þessarar málsgreinar.

2. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um stjórn verðbréfamiðstöðvar sem sækir um:

- a) gögn sem sýna fram á hlítu við 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) lýsingu á hlutverki og ábyrgð stjórnarmanna,
- c) markmið um hlutfall stjórnarmanna af því kyni sem er í minnihluta í stjórn, viðeigandi stefnu um hvernig skuli ná því markmiði og aðferðina sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um notar til að kynna opinberlega þetta markmið, stefnuna og framkvæmd hennar.

3. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um fyrirkomulag eignarhalds og hluthafa verðbréfamiðstöðvar sem sækir um:

- a) lýsingu á fyrirkomulagi eignarhalds verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, eins og um getur í i-lið 2. mgr. 4. gr., þ.m.t. auðkenni og stærð eignarluta hvers aðila sem er í stöðu til að hafa yfirráð yfir starfsemi hennar
- b) lista yfir hluthafa og aðila sem eru í stöðu til að hafa bein eða óbein yfirráð yfir stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um.

14. gr.

Meðferð hagsmunaárekstra

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um stefnur og verklagsreglur sem settar eru svo að verðbréfamiðstöð sem sækir um geti greint og meðhöndlað hugsanlega hagsmunaárekstra í samræmi við 50. gr.:

- a) lýsingu á stefnum og verklagsreglum um greiningu, meðferð og upplýsingagjöf til lögbærra yfirvalda um hugsanlega hagsmunaárekstra og um ferlið sem notað er til að tryggja að starfsfólk verðbréfamiðstöðvar sem sækir um sé upplýst um þessar stefnur og verklagsreglur,
- b) lýsingu á stjórnstækjum og ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að þær kröfur, sem um getur í a-lið um meðferð hagsmunaárekstra, séu uppfylltar,
- c) lýsingu á eftirfarandi þáttum:
 - i. hlutverki og ábyrgð lykilstarfsmanna, einkum ef þeir gegna einnig ábyrgðarhlutverki hjá öðrum aðilum,
 - ii. ráðstöfunum sem tryggja að einstaklingar sem eiga í varanlegum hagsmunaárekstri séu útilokaðir frá ákvarðana-tökufærlum og viðtöku allra viðkomandi upplýsinga um þætti sem verða fyrir áhrifum af hinum varanlega hagsmunaárekstri,
 - iii. uppfærðri skrá yfir yfirstandandi hagsmunaárekstra þegar umsóknin er lögð fram og lýsingu á meðferð þessara hagsmunaárekstra.

2. Sé verðbréfamiðstöð sem sækir um hluti af samstæðu skal skráin sem um getur í iii. lið c-liðar 1. mgr. hafa að geyma lýsingu á hagsmunaárekstrum sem stafa af öðrum fyrirtækjum innan samstæðunnar í tengslum við þjónustu sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um veitir og lýsingu á þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að meðhöndla þá hagsmunaárekstra.

*15. gr.***Trúnaður**

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma stefnur og verklagsreglur verðbréfamiðstöðvar sem sækir um sem settar eru til að koma í veg fyrir óheimila notkun eða uppljóstrun trúnaðarupplýsinga. Eftirfarandi upplýsingar skulu teljast trúnaðarupplýsingar:

- a) upplýsingar sem varða þátttakendur, viðskiptavinum, útgefendur og aðra notendur þjónustu verðbréfamiðstöðvar sem sækir um,
- b) aðrar upplýsingar sem verðbréfamiðstöð sem sækir um býr yfir vegna atvinnustarfsemi sinnar og óheimilt er að nota í viðskiptaskyni.

2. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um aðgang starfsfólks að upplýsingum sem verðbréfamiðstöð sem sækir um býr yfir:

- a) innri verklagsreglur um heimildir til aðgangs að upplýsingum sem tryggja öruggan aðgang að gögnum,
- b) lýsingu á öllum takmörkunum á notkun gagna af trúnaðarástæðum.

*16. gr.***Notendanefnd**

Í umsókn um starfsleyfi skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram um hverja notendanefnd:

- a) umboð notendanefndar,
- b) stjórnarhættir notendanefndar,
- c) starfsreglur notendanefndar,
- d) aðgangsviðmið og tilhögun við kjör nefndarmanna í notendanefndina,
- e) listi yfir tillögur um nefndarmenn notendanefndarinnar og upplýsingar um hagsmuni sem þeir eru fulltrúar fyrir.

*17. gr.***Skráahald**

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma lýsingu á skráningarkerfum, stefnum og verklagsreglum verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, sem komið er á og viðhaldið í samræmi við VIII. kafla þessarar reglugerðar.

2. Sæki verðbréfamiðstöð um starfsleyfi áður en 54. gr. kemur til framkvæmda, skal umsóknin hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) greiningu á því að hvaða marki skráningarkerfi, stefnum og verklagsreglur hennar sem fyrir eru uppfylla kröfur 54. gr.,
- b) framkvæmdaáætlun sem sýnir hvernig verðbréfamiðstöðin sem sækir um mun uppfylla kröfur 54. gr. fyrir gildistöku hennar.

*4. ÞÁTTUR***Reglur um viðskiptahætti***18. gr.***Markmið**

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma lýsingu á þeim markmiðum verðbréfamiðstöðvar sem sækir um sem um getur 1. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

19. gr.

Meðferð kvartana

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma þær verklagsreglur sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um hefur sett um meðferð kvartana.

20. gr.

Þáttökuskilyrði

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar um þátttöku í því verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um rekur í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og 88.-90. gr. þessarar reglugerðar. Þessar upplýsingar skulu hafa að geyma eftirfarandi:

- a) þáttökuvíðmið sem gera sanngjarnan og opinn aðgang mögulegan öllum lögaðilum sem hyggjast gerast þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfum sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um rekur,
- b) verklagsreglur um beitingu viðurlaga gegn þátttakendum sem fyrir eru og hlíta ekki þáttökuvíðmiðum.

21. gr.

Gagnsæi

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma þau skjöl og upplýsingar um verðstefnu verðbréfamiðstöðvar sem sækir um fyrir þá þjónustu sem um getur í 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014. Þessar upplýsingar skulu einkum taka til verðs og þóknana fyrir hverja kjarnaþjónustu sem hún veitir og alla gildandi afslætti og endurgreiðslur, auk skilyrða fyrir lækkunum.
2. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal gefa lögbæru yfirvaldi lýsingu á þeim aðferðum sem notaðar eru til að birta viðkomandi upplýsingar í samræmi við 1., 2., 4., og 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
3. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma upplýsingar sem gera lögbæra yfirvaldinu kleift að meta hvernig verðbréfamiðstöðin sem sækir um hyggst uppfylla kröfur um aðskilnað gjalda og tekna í samræmi við 6. og 7. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

22. gr.

Ferli samskipta við þátttakendur og aðra rekstraraðila markaðsinnviða

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma viðeigandi upplýsingar um notkun verðbréfamiðstöðvar sem sækir um á alþjóðlegum opnum samskiptaferlum og -stöðlum fyrir skilaboð og tilvísunargögn í samskiptaferlum hennar við þátttakendur og aðra rekstraraðila markaðsinnviða.

5. ÞÁTTUR

Kröfur í tengslum við þjónustu sem verðbréfamiðstöðvar veita

23. gr.

Rafræn skráning

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma upplýsingar um þau ferli í tengslum við rafræna skráningu sem tryggja hlítu verðbréfamiðstöðvar sem sækir um við 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

*24. gr.***Ráðgerðir uppgjörsdagar og ráðstafanir til að koma í veg fyrir og taka á uppgjörsbrestum**

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um verðbréfamiðstöð sem sækir um:
 - a) ferli og ráðstafanir til að koma í veg fyrir uppgjörsbresti í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
 - b) ráðstafanir til að taka á uppgjörsbrestum í samræmi við 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
2. Sæki verðbréfamiðstöð um starfsleyfi áður en 6. og 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 öðlast gildi í samræmi við 4. og 5. mgr. 76. gr. þeirrar reglugerðar skal starfsleyfisumsóknin hafa að geyma framkvæmdaáætlun sem sýnir hvernig verðbréfamiðstöðin sem sækir um mun hlíta kröfum 6. og 7. mgr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

Þær stofnanir sem um getur í 1. mgr. 69. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu sjá til þess að framkvæmdaáætlunin sem um getur í fyrstu undirgrein hafi að geyma greiningu á því að hvaða marki gildandi reglur þeirra, ferli, kerfi og ráðstafanir uppfylla kröfur 6. og 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

*25. gr.***Heilindi útgáfunnar**

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma upplýsingar um reglur og ferli verðbréfamiðstöðvar sem sækir um sem miða að því að tryggja heilindi verðbréfaútgáfunnar eins og um getur í 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og IX. kafla þessarar reglugerðar.

*26. gr.***Verndun verðbréfa þátttakenda og viðskiptavina þeirra**

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að vernda verðbréf þátttakenda verðbréfamiðstöðvar sem sækir um og viðskiptavina þeirra í samræmi við 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014:

- a) reglur og ferli til að draga úr og stýra áhættuþáttum sem tengjast varðveislu verðbréfa,
- b) ítarlega lýsingu á mismunandi stigum aðgreiningar sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um býður upp á, lýsingu á kostnaði sem tengist hverju stigi, viðskiptaskilmálum sem þau eru boðin á, helstu réttaráhrifum þeirra og viðeigandi gjaldþrotalögum,
- c) reglur og ferli til að fá þau samþykki sem um getur í 7. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

*27. gr.***Endanlegt uppgjör**

Umsókn um starfsleyfi skal fela í sér upplýsingar um reglur um endanlegt uppgjör sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um hefur sett í samræmi við 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

28. gr.

Uppgjör peningahluta

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma verklagsreglur um uppgjör peningagreiðslna fyrir hvert verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin sem sækir um rekur í samræmi við 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
2. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal veita upplýsingar um hvort uppgjör peningagreiðslna sé veitt í samræmi við 1. eða 2. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

Sé fyrirhugað að uppgjör peningagreiðslna fari fram í samræmi við 2. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal verðbréfamiðstöðin sem sækir um útskýra hvers vegna uppgjör í samræmi við 1. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 er ekki hentugt eða tiltækt.

29. gr.

Reglur og verklag í tengslum við viðbrögð við greiðslufalli þátttakenda

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma upplýsingar um reglur og verklag sem verðbréfamiðstöð sem sækir um kemur á til að bregðast við greiðslufalli þátttakanda.

30. gr.

Yfirfærsla eigna þátttakenda og viðskiptavina ef starfsleyfi er afturkallað

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma upplýsingar um verklagsreglur sem verðbréfamiðstöð sem sækir um setur til að tryggja tímanlegt og skipulegt uppgjör og yfirfærslu eigna viðskiptavina og þátttakenda til annarrar verðbréfamiðstöðvar ef til afturköllunar starfsleyfis hennar kemur.

6. ÞÁTTUR

Varfærniskröfur

31. gr.

Lagaleg áhætta

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera lögbæru yfirvaldi kleift að meta hvort reglur, ferlar og samningar verðbréfamiðstöðvar sem sækir um séu skýr, skiljanleg og framfylgjanleg í öllum viðkomandi lögsögum í samræmi við 1. og 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
2. Hyggist verðbréfamiðstöð sem sækir um stunda viðskipti í fleiri en einni lögsögu skal hún veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar eru til að greina og draga úr áhættu sem stafar af hugsanlegum álitamálum varðandi lagaskil á milli lögsagna í samræmi við 3. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014. Þar á meðal skulu vera upplýsingar um allt lögfræðilegt mat sem þessar ráðstafanir byggjast á.

32. gr.

Almenn viðskiptaáhætta

1. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal láta lögbæra yfirvaldinu í té lýsingu á áhættustýringar- og eftirlitskerfum sem og upplýsingatæknitólum sem hún kemur á fót til að stýra viðskiptaáhættu (e. *business risk*) í samræmi við 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
2. Hafi verðbréfamiðstöð sem sækir um fengið áhættumat frá þriðja aðila skal hún láta lögbæra yfirvaldinu það í té ásamt öllum viðeigandi upplýsingum sem styðja áhættumatið.

33. gr.

Rekstraráhætta

1. Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma upplýsingar sem sýna að verðbréfamiðstöðin sem sækir um uppfylli kröfur um stýringu rekstraráhættu (e. *operational risk*) í samræmi við 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og X. kafla þessarar reglugerðar.
2. Umsókn um starfsleyfi skal einnig hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar um listann yfir þjónustu sem um getur í p-lið 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar:
 - a) afrit af útvistunarsamningum,
 - b) aðferðir sem notaðar eru til eftirlits með þjónustustigi útvistaðrar þjónustu og starfsemi.

34. gr.

Fjárfestingarstefna

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma gögn sem sýna fram á að:

- a) verðbréfamiðstöðin sem sækir um geymi fjáreignir sínar í samræmi við 1., 2. og 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og XI. kafla þessarar reglugerðar,
- b) fjárfestingar verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um séu í samræmi við 3. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og XI. kafla þessarar reglugerðar.

35. gr.

Eiginfjárkröfur

Í umsókn um starfsleyfi skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í tengslum við eiginfjárkröfur:

- a) upplýsingar sem sýna fram á að eigið fé verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, þ.m.t. óráðstafað eigið fé og varasjóðir hennar uppfylli kröfurnar í 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) áætlunin sem um getur í 2. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og allar uppfærslur þeirrar áætlunar auk gagna sem sýna fram á að stjórn eða viðkomandi nefnd stjórnar verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um hafi samþykkt hana.

7. ÞÁTTUR

36. gr.

Samtengingar verðbréfamiðstöðva

Ef verðbréfamiðstöð sem sækir um hefur komið á eða hyggst koma á samtengingum verðbréfamiðstöðva skal starfsleyfisumsóknin hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) lýsingu á samtengingum verðbréfamiðstöðva ásamt mati á hugsanlegum áhættuþáttum sem stafa af þessu samtengingarfyrikomulagi verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um,
- b) vænt eða raunverulegt magn og virði uppgjöra sem fara fram gegnum samtengingar verðbréfamiðstöðva,

- c) ferlar í tengslum við greiningu, mat, eftirlit með og stýringu á öllum hugsanlegum áhættuþáttum fyrir verðbréfamistöðina sem sækir um og fyrir þátttakendur hennar sem stafa af samtengingarfyrikomulaginu og viðeigandi ráðstafanir sem gerðar eru til að milda þá,
- d) mat á gildissviði gjaldþrotalaga sem gilda um rekstur samtengingar verðbréfamistöðva og á áhrifum þeirra á verðbréfamistöðina sem sækir um,
- e) aðrar upplýsingar sem skipta máli og lögbæra yfirvaldið fer fram á til að meta hvort samtengingar verðbréfamistöðva uppfylla þær kröfur sem kveðið er á um í 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og XII. kafla þessarar reglugerðar.

8. ÞÁTTUR

Aðgangur að verðbréfamistöðvum

37. gr.

Aðgangsreglur

Umsókn um starfsleyfi skal hafa að geyma lýsingu á ferlum til afgreiðslu á eftirfarandi aðgangsbeiðnum:

- a) frá lögaðilum sem hyggjast gerast þátttakendur í samræmi við 33. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og XIII. kafla þessarar reglugerðar,
- b) frá útgefendum í samræmi við 49. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og XIII. kafla þessarar reglugerðar,
- c) frá öðrum verðbréfamistöðvum í samræmi við 52. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og XIII. kafla þessarar reglugerðar,
- d) frá öðrum rekstraraðilum markaðsinnviða í samræmi við 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og XIII. kafla þessarar reglugerðar.

9. ÞÁTTUR

Viðbótarupplýsingar

38. gr.

Beiðni um viðbótarupplýsingar

Lögbært yfirvald getur krafist nauðsynlegra viðbótarupplýsinga frá verðbréfamistöð sem sækir um til að meta hvort hún uppfylli kröfur reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 á þeim tíma sem starfsleyfið er veitt.

IV. KAFLI

HLUTDEILD VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐVA Í VISSUM AÐILUM

(Ákvæði 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

39. gr.

Viðmið um hlutdeild verðbréfamistöðvar

Þegar lögbært yfirvald veitir samþykki fyrir hlutdeild verðbréfamistöðvar í lögaðila sem veitir ekki þá þjónustu sem greinir í A- og B- þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal það taka tillit til eftirfarandi viðmiða:

- a) að hvaða marki verðbréfamistöðin gengst undir fjárskuldbindingar vegna hlutdeildarinnar,

- b) hvort verðbréfamiðstöðin hefur nægilegt fjármagn til að uppfylla þau viðmið sem um getur í 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 til að mæta áhættu sem stafar af eftirfarandi:
- ábyrgðum sem verðbréfamiðstöðin veitir þeim lögaðila,
 - öllum óvissum skuldbindingum sem verðbréfamiðstöð tekur á sig í þágu þess lögaðila,
 - samkomulagi um skiptingu taps eða endurreisnarfyrirkomulagi þess lögaðila,
- c) hvort lögaðilinn sem verðbréfamiðstöðin á hlutdeild í veitir þjónustu sem er til viðbótar við þá kjarnaþjónustu sem verðbréfamiðstöðin býður upp á, eins og um getur í 4. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, svo sem:
- sem miðlægur mótaðili sem er með starfsleyfi eða viðurkenndur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 648/2012, eða
 - sem viðskiptavettvangur eins og hann er skilgreindur í 42. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- d) hvort hlutdeild verðbréfamiðstöðvarinnar leiðir til yfirráða hennar yfir lögaðilanum eins og skilgreint er í 21. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- e) greiningar verðbréfamiðstöðvarinnar á áhættu sem stafar af hlutdeildinni, þ.m.t. greiningar sem eru samþykktar af innri eða ytri endurskoðendum, sem sýnir fram á að allri áhættu sem stafar af hlutdeildinni sé stýrt með fullnægjandi hætti. Lögbær yfirvöld skulu einkum taka tillit til eftirfarandi þátta greiningar verðbréfamiðstöðvarinnar:
- stefnumiðaðs rökstuðnings fyrir hlutdeildinni, að teknu tilliti til hagsmuna notenda verðbréfamiðstöðvarinnar, þ.m.t. útgefenda, þátttakenda og viðskiptavina þeirra,
 - fjárhagslegrar áhættu og skuldbindinga sem leiða af hlutdeild verðbréfamiðstöðvarinnar.

V. KAFLI

ÚTTEKT OG MAT

(Ákvæði 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

40. gr.

Upplýsingar sem ber að veita lögbæru yfirvaldi

- Að því er varðar þennan kafla skal „úttektartímabil“ eins og það er skilgreint í a-lið 1. gr. fela í sér tímabilið á milli þess sem verðbréfamiðstöð er veitt fyrsta starfsleyfi í samræmi við 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og fyrstu úttektar og mats eins og um getur í 1. mgr. 22. gr. þeirrar reglugerðar.
- Að því er varðar úttekt og mat sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal verðbréfamiðstöð veita lögbæru yfirvaldi sínu eftirfarandi upplýsingar:
 - þær upplýsingar sem um getur í 41. og 42. gr.,
 - skýrslu um starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar og efnislegar breytingar eins og um getur í 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og gerðar eru á úttektartímabilinu og öll tengd skjöl,
 - allar viðbótarupplýsingar sem lögbært yfirvald krefst og eru nauðsynlegar til að meta hlítmi verðbréfamiðstöðvar og starfsemi hennar við reglugerð (ESB) nr. 909/2014 á úttektartímabilinu.
- Skýrslan sem um getur í b-lið 2. mgr. skal hafa að geyma yfirlýsingu verðbréfamiðstöðvarinnar um heildarhlítmi við ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 á úttektartímabilinu.

41. gr.

Reglulegar upplýsingar sem varða úttektir

Verðbréfamiðstöð skal veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar um hvert úttektartímabil:

- nýjustu endurskoðuðu heildarreikningsskil verðbréfamiðstöðvar, þ.m.t. á samstæðustigi,

- b) samantekt á nýjasta árshlutareikningi verðbréfamiðstöðvarinnar,
- c) allar ákvarðanir stjórnar sem fylgja ráðum notendanefndar og allar ákvarðanir þar sem stjórnin hefur ákveðið að fylgja ekki ráðum notendanefndar,
- d) upplýsingar um öll yfirstandandi einkamál, stjórnsýslumál eða önnur dómsmál eða mál utan dómstóla sem snerta verðbréfamiðstöðina, einkum í tengslum við mál sem varða skatt og ógjaldfærni eða gjaldþrot, eða mál sem geta leitt til fjárhagslegs kostnaðar eða skaðað orðspor verðbréfamiðstöðvarinnar,
- e) upplýsingar um yfirstandandi einkamál, stjórnsýslumál eða önnur dómsmál eða mál utan dómstóla sem snerta stjórnarmann eða meðlim framkvæmdastjórnar sem gætu haft neikvæð áhrif á verðbréfamiðstöðina,
- f) allar endanlegar ákvarðanir sem leiða af málsmeðferðum sem um getur í d- og e-lið,
- g) eintak af niðurstöðum álagssprófa um rekstrarsamfellu eða svipaðra athugana sem gerðar eru á úttektartímabilinu,
- h) skýrslu um rekstraratvik sem áttu sér stað á úttektartímabilinu og höfðu áhrif á snuðulausa kjarnaþjónustu, viðbrögð við þeim og árangur þeirra viðbragða,
- i) skýrslu um frammistöðu verðbréfauppgjörskerfisins, þ.m.t. mat á tiltækileika kerfisins á úttektartímabilinu, sem er mældur daglega sem prósentu þess tíma sem kerfið er starfhæft og virkar samkvæmt samþykktum viðmiðum,
- j) samantekt á þeim tegundum handvirkra inngripa sem verðbréfamiðstöðin framkvæmir,
- k) upplýsingar um skilgreiningu á mikilvægri starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar, allar efnislegar breytingar á endurreisnaráætlun hennar, niðurstöður álagssviðsmynda, atburði sem hrinda af stað endurreisn og endurreisnartæki verðbréfamiðstöðvarinnar,
- l) upplýsingar um allar formlegar kvartanir sem bárust verðbréfamiðstöðinni á úttektartímabilinu, þ.m.t. upplýsingar um eftirfarandi þætti:
 - i. eðli kvörtunar,
 - ii. hvernig brugðist var við kvörtuninni, þ.m.t. um niðurstöðu hennar,
 - iii. daginn sem afgreiðslu kvörtunar lauk,
- m) upplýsingar um tilvik þar sem verðbréfamiðstöðin synjaði þátttakanda eða mögulegum þátttakanda, útgefanda, annarri verðbréfamiðstöð eða öðrum rekstraraðila markaðsinnviða um aðgang að þjónustu sinni í samræmi við 33. gr. (3. mgr.), 49. gr. (3. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) og 53. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- n) skýrslu um breytingar sem hafa áhrif á samtengingar verðbréfamiðstöðva sem verðbréfamiðstöðin hefur komið á fót, þ.m.t. breytingar á kerfum og ferlum sem eru notuð til uppgjörs með samtengingum verðbréfamiðstöðva,
- o) upplýsingar um öll tilvik greindra hagsmunaárekstra sem áttu sér stað á úttektartímabilinu, þ.m.t. lýsingu á meðferð þeirra,
- p) upplýsingar um innra eftirlit og úttektir sem verðbréfamiðstöðin framkvæmdi á úttektartímabilinu,
- q) upplýsingar um brot sem uppgötvast á reglugerð (ESB) nr. 909/2014, þ.m.t. brot sem tilkynnt er um með boðleiðinni sem um getur í 5. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- r) ítarlegar upplýsingar um viðurlög sem verðbréfamiðstöðin beitir, þ.m.t. öll tilvik tímabundinnar lokunar aðildar þátttakanda í samræmi við 9. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, tímabil lokunarinnar og ástæður hennar,
- s) almenna starfsstefnu verðbréfamiðstöðvarinnar sem nær til minnst þriggja ára tímabils eftir síðustu úttekt og mat ásamt ítarlegri viðskiptaáætlun um þjónustuna sem verðbréfamiðstöðin veitir til minnst eins árs tímabils frá síðustu úttekt og mati.

42. gr.

Tölfræðileg gögn sem fylgja skulu hverri úttekt og mati

1. Verðbréfamiðstöð skal veita lögbæru yfirvaldi eftirfarandi tölfræðileg gögn um hvert úttektartímabil:
 - a) lista yfir þátttakendur í hverju verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin rekur þ.m.t. skráningarland þeirra,
 - b) lista yfir útgefendur og lista yfir verðbréfaútgáfur sem skráðar eru á verðbréfareikninga í miðlægrri vörsluþjónustu og ómiðlægru í hverju verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin rekur, sem tilgreinir skráningarland útgefanda og auðkenning útgefanda sem verðbréfamiðstöðin veitir þá þjónustu sem um getur í 1. og 2. lið A-þáttar viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
 - c) heildarmarkaðsvirði og nafnvirði verðbréfa sem skráð eru á verðbréfareikningum í miðlægru vörsluþjónustu og ómiðlægru í hverju verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin rekur,
 - d) nafnvirði og markaðsvirði þeirra verðbréfa sem um getur í c-lið, tilgreind á eftirfarandi hátt:
 - i. eftir hverri eftirfarandi tegund fjármálagerninga:
 - framseljanleg verðbréf eins og um getur í a-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - ríkisskuldabréf eins og um getur í 61. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - framseljanleg verðbréf eins og um getur í b-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, önnur en ríkisskuldabréf sem um getur í 61. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - framseljanleg verðbréf eins og um getur í c-lið 44. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - kauphallarsjóðir eins og þeir eru skilgreindir er í 46. lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, öðrum en kauphallarsjóðum,
 - peningamarkaðsgerningar, aðrir en ríkisskuldabréf sem um getur í 61. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - losunarheimildir,
 - aðrir fjármálagerningar,
 - ii. eftir skráningarlandi þátttakanda,
 - iii. eftir skráningarlandi útgefanda,
 - e) nafnvirði og markaðsvirði verðbréfa sem eru frumskráð í hvert verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin rekur,
 - f) nafnvirði og markaðsvirði verðbréfa sem um getur í e-lið, tilgreind á eftirfarandi hátt:
 - i. eftir tegundum fjármálagerninga sem um getur í i. lið d-liðar,
 - ii. eftir skráningarlandi þátttakanda,
 - iii. eftir skráningarlandi útgefanda,
 - g) heildarfjöldi og virði fyrirmæla um uppgjör gegn greiðslu og heildarfjöldi og virði fyrirmæla um uppgjör án greiðslu (FOP) sem eru framkvæmd í hverju verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöðin rekur,
 - h) heildarfjöldi og virði uppgjörsfyrirmæla sem flokkuð eru á eftirfarandi hátt:
 - i. eftir tegundum fjármálagerninga sem um getur í i. lið d-liðar,
 - ii. eftir skráningarlandi þátttakanda,
 - iii. eftir skráningarlandi útgefanda,

- iv. eftir uppgjörsgjaldmiðli,
- v. eftir tegund uppgjörsfyrirmæla, eins og hér segir:
 - fyrirmæli um uppgjör án greiðslu (FOP) sem samanstanda af uppgjörsfyrirmælunum um afhendingu án greiðslu (DFP) og viðtöku án greiðslu (RFP),
 - uppgjörsfyrirmæli um afhendingu gegn greiðslu (DVP) og viðtöku gegn greiðslu (RVP),
 - uppgjörsfyrirmæli um afhendingu með greiðslu (DWP) og viðtöku með greiðslu (RWP),
 - uppgjörsfyrirmæli um greiðslu án afhendingar (PFOD),
- vi. sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör gegn greiðslu, eftir því hvort peningahlutinn er gerður upp í samræmi við 1. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eða í samræmi við 2. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- i) fjölda og virði uppgjörskaupa (e. *buy-in*) sem um getur í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- j) fjölda og fjárhæð viðurlaga sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 á hvern þátttakanda,
- k) heildarvirði verðbréfalántöku og -lánveitinga sem verðbréfamiðstöðin annast sem umboðsaðili eða fyrir eigin reikning fyrir hverja tegund fjármálagernings sem um getur í i. lið d-liðar,
- l) heildarvirði uppgjörsfyrirmæla sem gerð eru upp gegnum hverja samtengingu verðbréfamiðstöðva, með tilgreiningu á hvort verðbréfamiðstöðin er verðbréfamiðstöð sem æskir aðgang eða viðtökuverðbréfamiðstöð,
- m) virði ábyrgða og skuldbindinga sem verðbréfamiðstöðinni er veitt eða hún veitir í tengslum við verðbréfalántöku og -lánveitingar,
- n) virði fjárstýringarstarfsemi sem felur í sér erlendan gjaldeyri og framseljanleg verðbréf sem tengjast stýringu á löngum stöðum (jákvæðum stöðum) þátttakenda, að meðtöldum flokkum stofnana með langar stöður (jákvæðar stöður) í stýringu hjá verðbréfamiðstöðinni,
- o) fjölda afstemmingarferla sem sýna ótilhlýðilega stofnun eða eyðingu verðbréfa eins og um getur í 2. mgr. 65. gr. þar sem þessi ferli varða verðbréfaútgáfur sem skráðar eru á verðbréfareikninga sem verðbréfamiðstöðin hefur í miðlægri vörslupjónustu og ómiðlægri,
- p) meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi (e. *mode*) fyrir tímamann sem það tekur að leiðrétta villu sem greinist skv. 2. mgr. 65 gr.

Gildin sem um getur í g-, h- og l-lið 1. undirgreinar skulu reiknað eins og hér segir:

- a) sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör gegn greiðslu, uppgjörsfjárhæð peningahlutans,
 - b) sé um að ræða fyrirmæli um uppgjör án greiðslu, markaðsvirði fjármálagerninganna eða, sé það ekki tiltækt, nafnvirði fjármálagerninganna.
2. Markaðsvirðið sem um getur í 1. mgr. skal reiknað út á síðasta degi úttektartímabilsins eins og hér segir:
- a) sé um að ræða fjármálagerninga sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾ sem teknir eru til viðskipta á viðskiptavettvangi innan Sambandsins skal markaðsvirðið vera lokaverði á þeim markaði sem á best við með tilliti til seljanleika eins og um getur í b-lið 6. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar,
 - b) sé um að ræða fjármálagerninga sem eru teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi innan Sambandsins, aðra en sem um getur í a-lið, skal markaðsvirðið vera lokaverðið á þeim viðskiptavettvangi innan Sambandsins sem er með mestu veltuna,
 - c) sé um að ræða fjármálagerninga aðra en þá sem um getur í a- og b-lið skal markaðsvirðið ákvarðað á grundvelli verðs sem reiknað er út með fyrirfram ákveðinni aðferð sem byggist á viðmiðum tengdum markaðsgögnum, s.s. markaðsverði sem er aðgengilegt á viðskiptavettvöngum eða hjá verðbréfafyrirtækjum.
3. Verðbréfamiðstöðin skal útvega þau gildi sem um getur í 1. mgr. í þeim gjaldmiðli sem verðbréfin eru í, eru gerð upp í eða sem lán er veitt í. Lögberu yfirvaldi er heimilt að fara fram á við verðbréfamiðstöðina að hún útvegi þessi gildi í gjaldmiðli heimaaðildarríkis verðbréfamiðstöðvarinnar eða í evrum.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjút. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

4. Að því er varðar tölfraeðilegar upplýsingar sem verðbréfamiðstöð veitir er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákvarða algrím eða meginreglur um gagnasöfnun.

43. gr.

Aðrar upplýsingar

Skjöl sem verðbréfamiðstöð lætur lögbæru yfirvaldi í té skv. 41. gr. skulu tilgreina eftirfarandi:

- a) hvort skjalið er afhent í fyrsta skipti eða er skjal sem hefur þegar verið afhent og hefur verið uppfært á úttektartímabilinu,
- b) einkvæmt tilvísunarnúmer skjalsins sem verðbréfamiðstöðin úthlutar,
- c) titil skjalsins,
- d) kafla, hluta eða blaðsíðu skjalsins þar sem breytingar hafa verið gerðar á úttektartímabilinu og allar viðbótarútskýringar í tengslum við breytingar sem voru gerðar á úttektartímabilinu.

44. gr.

Upplýsingar sem veita skal lögbærum yfirvöldum sem um getur í 7. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014

Að því er varðar hvert úttektartímabil skal lögbæra yfirvaldið veita þeim yfirvöldum sem um getur í 7. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eftirfarandi upplýsingar:

- a) skýrslu um mat lögbæra yfirvaldsins á áhættuþáttum sem verðbréfamiðstöðin er eða kann að verða útsett fyrir eða sem hún stofnar til í þágu snurðulausrar starfsemi verðbréfamarkaðarins,
- b) um allar fyrirhugaðar eða loknar úrbætur eða viðurlög á hendur verðbréfamiðstöðinni í kjölfar úttektar eða mats.

Þar sem við á skal skýrslan sem um getur í a-lið hafa að geyma niðurstöður greiningar lögbærra yfirvalda á því hvernig verðbréfamiðstöðin hlítir þeim kröfum sem um getur í 2. mgr. 24. gr. og viðkomandi skjöl og upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 24. gr. og verðbréfamiðstöðin leggur fram.

45. gr.

Upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sem um getur í 8. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014

1. Meðan á úttekt og mati stendur skal lögbært yfirvald senda þeim lögbæru yfirvöldum sem um getur í 8. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 allar viðeigandi upplýsingar sem verðbréfamiðstöðin veitir um starfsfólk, lykileinstaklinga, starfssvið, þjónustu eða kerfi sem deilt er á milli þeirrar verðbréfamiðstöðvar og annarra verðbréfamiðstöðva sem hún viðheldur sambandi við af þeim tegundum sem um getur í a-, b- og c-lið 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, innan 10 virkra daga frá viðtöku þeirra upplýsinga.

2. Eftir að hafa framkvæmt úttektina og matið skal lögbæra yfirvaldið senda þeim lögbæru yfirvöldum sem um getur í 8. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eftirfarandi upplýsingar:

- a) skýrslu um mat lögbæra yfirvaldsins á áhættuþáttum sem verðbréfamiðstöðin er eða kann að verða útsett fyrir eða sem hún stofnar til í þágu snurðulausrar starfsemi verðbréfamarkaðarins,
- b) um allar fyrirhugaðar eða loknar úrbætur eða viðurlög á hendur verðbréfamiðstöðinni í kjölfar úttektar eða mats.

VI. KAFLI

VIÐURKENNING Á VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ Í ÞRÍÐJA LANDI

(Ákvæði 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

46. gr.

Efni umsóknar

1. Í umsókn um viðurkenningu skulu koma fram þær upplýsingar sem tilgreindar eru fram í I. viðauka.
2. Umsókn um viðurkenningu skal:
 - a) lögð fram á varanlegum miðli,
 - b) lögð fram bæði á pappírformi og rafrænu formi og skal síðara formið vera á opnu hugbúnaðarsniði (e. *open source*) sem auðvelt er að lesa,
 - c) lögð fram á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum, þ.m.t. í formi þýðingar ef frumskjölin eru ekki á tungumáli sem venja er að nota í alþjóðafjármálageiranum,
 - d) lögð fram með einkvæmu tilvísunarnúmeri fyrir hvert skjal sem fylgir.
3. Verðbréfamíðstöð sem sækir um skal leggja fram gögn sem staðfesta upplýsingarnar sem tilgreindar eru í I. viðauka.

VII. KAFLI

ÁHÆTTUEFTIRLITSTÆKI

(Ákvæði 1.–7. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

47. gr.

Áhættueftirlitstæki verðbréfamíðstöðva

1. Sem hluta af stjórnarháttum sínum skal verðbréfamíðstöð setja skriflegar stefnur, verlagsreglur og koma á kerfum sem greina, mæla, hafa eftirlit með, stýra og gera kleift að tilkynna um áhættu sem verðbréfamíðstöðin kann að standa frammi fyrir og áhættu sem verðbréfamíðstöðin veldur öðrum aðilum, þ.m.t. þátttakendum sínum og viðskiptavinum þeirra, sem og samtengdum verðbréfamíðstöðvum, miðlægum mótaðilum, viðskiptavettvöngum, greiðslukerfum, uppgjörsbönkum, viðskiptavökum (e. *liquidity providers*) og fjárfestum.

Verðbréfamíðstöð skal haga þeim stefnum, verklagsreglum og kerfum sem um getur í fyrstu undirgrein á þann hátt að tryggt sé að notendur og, ef við á, viðskiptavinir þeirra stýri og taki með tilhlýðilegum hætti á þeirri áhættu sem þeir valda verðbréfamíðstöðinni.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu stjórnarhættir verðbréfamíðstöðvarinnar taka til eftirfarandi:
 - a) samsetningar, hlutverks, skyldna, ferla við tilnefningu, frammistöðumats og ábyrgðar stjórnar og áhættueftirlitsnefnda hennar,
 - b) skipulags, hlutverks, skyldna, ráðningarferla og frammistöðumats framkvæmdastjórnar,
 - c) stjórnunarlína milli framkvæmdastjórnar og stjórnar.

Þeir stjórnarhættir sem um getur í fyrstu undirgrein skulu vera skýrt tilgreindir og vel skjalfestir.

3. Verðbréfamíðstöð skal koma á fót eftirfarandi starfseiningum og tilgreina verkefni þeirra:
 - a) áhættustýringu,
 - b) tæknieiningu,

- c) regluvörslu og innra eftirliti,
- d) innri endurskoðun.

Hver starfseining skal hafa vel skjalfesta lýsingu á verkefnum sínum, nauðsynlegum heimildum, tilföngum, sérfræðipækkingu og aðgangi að öllum viðeigandi upplýsingum til að rækja starfa sinn.

Hver starfseining skal starfa óháð öðrum einingum verðbréfamiðstöðvarinnar.

48. gr.

Áhættueftirlitsnefndir

1. Verðbréfamiðstöð skal koma á fót eftirfarandi nefndum:
 - a) áhættunefnd sem veitir stjórninni ráðgjöf um heildaráhættuþol og -stefnu verðbréfamiðstöðvarinnar í nútíð og framtíð,
 - b) endurskoðunarnefnd sem veitir stjórninni ráðgjöf um frammistöðu innri endurskoðunar verðbréfamiðstöðvarinnar sem hún skal hafa umsjón með,
 - c) starfskjaranefnd sem veitir stjórninni ráðgjöf um starfskjarastefnu verðbréfamiðstöðvarinnar sem hún skal hafa umsjón með.
2. Formaður hvernar nefndar skal hafa viðeigandi reynslu á valdsviði nefndarinnar og vera óháður stjórnarmönnum í framkvæmdastjórn verðbréfamiðstöðvarinnar

Meirihluti nefndarmanna hvernar nefndar skal ekki samanstanda af stjórnarmönnum í framkvæmdastjórn.

Verðbréfamiðstöðin skal veita hverri nefnd skýrt umboð og setja henni skýrar verklagsreglur, sem eru aðgengilegar öllum, og tryggja aðgang nefndarmanna að ytri sérfræðiráðgjöf ef nauðsyn krefur.

49. gr.

Áhættutengdar skyldur lykilstarfsmanna

1. Verðbréfamiðstöð skal vera nógu vel mönnuð til að uppfylla skyldur sínar. Verðbréfamiðstöð skal ekki deila starfsfólki sínu með öðrum einingum samstæðunnar nema samkvæmt skilmálum skriflegs útivistunarsamnings í samræmi við 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.
2. Stjórnin skal hafa a.m.k. eftirfarandi skyldur:
 - a) að koma á skriflegum stefnum, verklagsreglum og ferlum sem stjórnin, framkvæmdastjórnin og nefndir skulu starfa eftir,
 - b) að setja skýr markmið og gera skýrar áætlanir fyrir verðbréfamiðstöðina,
 - c) að hafa skilvirkt eftirlit með framkvæmdastjórn,
 - d) að setja viðunandi starfskjarastefnu,
 - e) að tryggja eftirlit með áhættustýringareiningunni og taka ákvarðanir í tengslum við áhættustýringu,
 - f) að tryggja óhæði og næg tilföng þeirra starfssviða sem um getur í 3. mgr. 47. gr.,
 - g) að hafa eftirlit með útivistunarsamningum,
 - h) að hafa eftirlit með og tryggja hlífni við viðeigandi laga- og eftirlitskröfur,

- i) að sæta ábyrgð gagnvart hluthöfum eða öðrum eigendum, starfsmönnum, notendum og öðrum hlutaðeigandi hagsmunaaðilum,
- j) að samþykka áætlanagerðir og úttektir innri endurskoðunar,
- k) að endurskoða og uppfæra reglulega stjórnarhætti verðbréfamiðstöðvarinnar.

Úthluti stjórnin eða stjórnarmenn verkefnum skulu þeir áfram bera ábyrgð á ákvörðunum sem geta haft áhrif á snurðulausa þjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar.

Stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar ber endanlega ábyrgð á áhættustýringu verðbréfamiðstöðvarinnar. Stjórnin skal skilgreina, ákvarða og skjalfesta viðeigandi stig áhættuþols og fjárhagslega getu til að taka áhættu fyrir verðbréfamiðstöðina og alla þjónustu sem hún veitir. Stjórnin og framkvæmdastjórnin skulu tryggja að stefnur, verklagsreglur og eftirlit verðbréfamiðstöðvarinnar séu í samræmi við áhættuþol og fjárhagslega getu hennar til að taka áhættu og taki til þess með hvaða hætti hún greinir, tilkynnir, hefur eftirlit með og stýrir áhættu.

3. Framkvæmdastjórn skal a.m.k. hafa eftirfarandi skyldur:

- a) að tryggja að starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar samræmist markmiðum og áætlunum verðbréfamiðstöðvarinnar eins og þau eru ákvörðuð af stjórninni,
- b) að móta og setja verklagsreglur um áhættustýringu, tækni, regluvörslu og innra eftirlit sem stuðla að markmiðum verðbréfamiðstöðvarinnar,
- c) að sjá til þess að verklagsreglurnar um áhættustýringu, tækni, regluvörslu og innra eftirlit séu endurskoðaðar og prófaðar reglulega,
- d) að tryggja að nægum tilföngum sé varið til áhættustýringar, tæknimála, regluvörslu og innra eftirlits og innri endurskoðunar.

4. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að skipting ábyrgðar sé skýr, samræmd og vandlega skrásett. Verðbréfamiðstöð skal hafa skýrar og beinar stjórnunarlínur milli stjórnarmanna sinna og æðstu stjórnenda til að tryggja að æðstu stjórnendur beri ábyrgð á afkomu hennar. Stjórnunarlínur fyrir áhættustýringu, regluvörslu og innri endurskoðun skulu vera skýrar og aðgreindar frá annarri starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar.

5. Verðbréfamiðstöð skal hafa áhættustjóra sem hefur með höndum framkvæmd áhættustýringarrámmans, þ.m.t. þeirra stefna og verklagsreglna sem stjórnin setur.

6. Verðbréfamiðstöð skal hafa tæknistjóra sem hefur með höndum framkvæmd tæknirámmans, þ.m.t. þeirra stefna og starfsreglna sem stjórnin setur.

7. Verðbréfamiðstöð skal hafa regluvörð sem hefur með höndum framkvæmd regluvörslu- og eftirlitsrámmans, þ.m.t. þeirra stefna og starfsreglna sem stjórnin setur.

8. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að mismunandi einstaklingar gegni hlutverki áhættustjóra, regluvarðar og tæknistjóra, þeir séu starfsmenn verðbréfamiðstöðvarinnar eða aðila í sömu samstæðu og verðbréfamiðstöðin. Einn einstaklingur skal gegna hverju og einu þessara hlutverka.

9. Verðbréfamiðstöðin skal setja verklagsreglur sem tryggja að áhættustjórinn, tæknistjórinn og regluvörðurinn hafi beinan aðgang að stjórninni.

10. Einstaklingum sem eru skipaðir áhættustjóri, regluvörður eða tæknistjóri er heimilt að gegna öðrum skyldum innan verðbréfamiðstöðvarinnar að því tilskildu að settar séu tilteknar verklagsreglur til að greina og meðhöndla hagsmunaaðrekstra sem kunna að rísa vegna þessara skyldna.

50. gr.

Hagsmunaaðrekstrar

1. Verðbréfamiðstöð skal setja sér stefnu um hagsmunaaðrekstra sem kunna að rísa í starfsemi hennar eða hafa áhrif á hana, þ.m.t. að því er varðar útivistunarsamninga.

2. Sé verðbréfamistöðin hluti af fyrirtækjasamstæðu skal skipulags- og stjórnunarfyrrkomulag hennar taka mið af öllum aðstæðum sem verðbréfamistöðinni er eða ætti að vera kunnugt um og geta leitt til hagsmunaárekstra vegna skipulags og starfsemi annarra fyrirtækja í sömu samstæðu.
3. Deili verðbréfamistöð áhættustjóra, regluverði, tæknistjóra eða innri endurskoðun með öðrum aðilum samstæðunnar skulu stjórnarhættirnir tryggja að tengdir hagsmunaárekstrar á samstæðustigi séu meðhöndlaðir á viðeigandi hátt.
4. Skipulags- og stjórnunarfyrrkomulagið sem um getur í 3. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal fela í sér lýsingu á þeim aðstæðum sem geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér verulega hættu á því að hagsmunir eins eða fleiri notenda verðbréfamistöðvarinnar, eða viðskiptavina þeirra, skaðist, verklagsreglur sem ber að fylgja og ráðstafanir sem ber að gera til að taka á slíkum hagsmunaárekstrum.
5. Lýsingin á aðstæðum sem um getur í 4. mgr. skal taka tillit til þess hvort stjórnarmaður, yfirstjórnandi eða starfsmaður verðbréfamistöðvarinnar, eða nokkur einstaklingur sem tengist slíkum einstaklingum eða verðbréfamistöðinni beint eða óbeint:
 - a) á persónulegra hagsmuna að gæta í tengslum við notkun á þjónustu, tilföngum og búnaði verðbréfamistöðvarinnar í þágu annarrar viðskiptastarfsemi,
 - b) á persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna að gæta í öðrum aðila sem gerir samninga við verðbréfamistöðina,
 - c) á hlutdeild eða persónulegra hagsmuna að gæta í öðrum aðila sem veitir þjónustu sem verðbréfamistöðin notar, að meðtöldum öllum aðilum sem verðbréfamistöðin útvistar þjónustu og starfsemi til,
 - d) á persónulegra hagsmuna að gæta í aðila sem notar þjónustu verðbréfamistöðvarinnar
 - e) er tengdur lögaðila eða einstaklingi sem hefur áhrif á starfsemi aðila sem veitir þjónustu sem verðbréfamistöðin notar eða notar þjónustu sem verðbréfamistöðin veitir,
 - f) situr í stjórn eða öðrum stjórnunareiningum eða nefndum aðila sem veitir þjónustu sem verðbréfamistöðin notar, eða notar þjónustu sem verðbréfamistöðin veitir.

Að því er varðar þessa málsgrein nær bein eða óbein tenging við einstakling til maka eða sambúðarmaka, aðstandenda í beinan legg af eldri eða yngri kynslóð að öðrum lið og maka þeirra eða sambúðarmaka, systkina og maka þeirra eða sambúðarmaka og allra einstaklinga með sama lögheimili eða fast heimilisfang og starfsmenn, stjórnendur eða stjórnarmenn.

6. Verðbréfamistöð skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun upplýsinga sem geymdar eru í kerfum hennar og skal koma í veg fyrir notkun slíkra upplýsinga í annarri atvinnustarfsemi. Einstaklingur sem hefur aðgang að upplýsingum sem skráðar eru hjá verðbréfamistöð eða lögaðila sem tilheyrir sömu samstæðu og verðbréfamistöðin skal ekki nota upplýsingar sem skráðar eru hjá þeirri verðbréfamistöð í neinum viðskiptalegum tilgangi án skriflegs fyrirframsamþykkis þess aðila sem upplýsingarnar fjalla um.

51. gr.

Endurskoðunaraðferðir

1. Innri endurskoðun verðbréfamistöðvar skal:
 - a) koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda heildarendurskoðunaráætlun til að kanna og meta hvort kerfi, áhættustýringarferli, innra eftirlitskerfi, starfskjarastefna, stjórnarhættir, starfsemi og rekstur verðbréfamistöðvarinnar, þ.m.t. útvistuð starfsemi, séu fullnægjandi og skilvirk,
 - b) endurskoða og gefa skýrslu um endurskoðunaráætlunina til lögbæra yfirvaldsins minnst árlega,
 - c) koma á fót yfirgripsmikilli, áhættugrunaðri úttekt,
 - d) gefa út tilmæli á grundvelli niðurstöðu vinnu sem unnin er í samræmi við a-lið og sannreyna að þessum tilmælum sé fylgt,

- e) skýra stjórninni frá málum er varða innri endurskoðun,
 - f) vera óháð framkvæmdastjórninni og heyra beint undir stjórnina,
 - g) tryggja að unnt sé að gera sérstakar úttektir með stuttum fyrirvara eftir því sem atburðir gefa tilefni til.
2. Tilheyri verðbréfamiðstöðin samstæðu er heimilt að sinna hlutverki innri endurskoðunar á samstæðustigi, að því tilskildu að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:
- a) hún sé aðgreind frá og óháð öðrum starfseiningum og starfsemi samstæðunnar,
 - b) hún heyri beint undir stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar,
 - c) fyrirkomulag rekstrar innri endurskoðunar komi ekki í veg fyrir framkvæmd eftirlitsstarfsemi, þ.m.t. vettvangsaðgengi til að afla viðeigandi upplýsinga sem þörf er á til að rækja þessi hlutverk.
3. Verðbréfamiðstöðin skal meta innri endurskoðun.

Mat á innri endurskoðun skal fela í sér viðvarandi eftirlit með frammistöðu innri endurskoðunar og reglubundna endurskoðun með sjálfsmati sem endurskoðunarnefndin eða aðrir aðilar innan verðbréfamiðstöðvarinnar eða samstæðunnar, sem hafa fullnægjandi þekkingu á venjum í innri endurskoðun, framkvæma.

Ytra mat á starfseiningu innri endurskoðunar skal framkvæmt minnst einu sinni á fimm ára fresti af til þess hæfum og óháðum matsaðila sem starfar utan verðbréfamiðstöðvarinnar og samstæðu hennar.

4. Rekstur, áhættustýringarferli, innra eftirlitskerfi og skrár verðbréfamiðstöðvar skulu lúta reglulegum innri eða ytri úttektum.

Tíðni úttekta skal ákvarðast á grundvelli skjalfests áhættumats. Þær úttektir sem um getur í fyrstu undirgrein skulu fara fram minnst einu sinni á tveggja ára fresti.

5. Reikningsskil verðbréfamiðstöðvar skulu gerð árlega og endurskoðuð af löggiltum endurskoðendum eða endurskoðunar-fyrirtækjum sem samþykkt eru í samræmi við tilskipun 2006/43/EB.

52. gr.

Úttektarniðurstöðum deilt með notendanefnd

1. Verðbréfamiðstöð skal deila niðurstöðum úttektar með notendanefndinni í eftirfarandi tilvikum:
- a) ef niðurstöðurnar varða viðmið um samþykki á útgefendum eða notendum fyrir viðkomandi verðbréfauppgjörskerfi þeirra sem verðbréfamiðstöðin rekur,
 - b) ef niðurstöðurnar varða aðra þætti sem falla undir umboð notendanefndarinnar,
 - c) ef niðurstöðurnar kunna að hafa áhrif á þjónustustig verðbréfamiðstöðvarinnar, þ.m.t. það að tryggja samfelldan rekstur.
2. Ekki skal veita þeim sem sitja í notendanefnd upplýsingar sem geta veitt þeim samkeppnisforskot.

VIII. KAFLI

SKRÁHALD

(Ákvæði 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

53. gr.

Almennar kröfur

1. Verðbréfamiðstöð skal ávallt halda ítarlegar og nákvæmar skrár yfir alla sína starfsemi eins og tilgreint er í þessari reglugerð, þ.m.t. þegar atburðir sem valda röskun eiga sér stað og gera það að verkum að áætlanir um rekstrarsamfellu og endurreisn eftir stóráfall eru virkjaðar. Auðvelt skal vera að nálgast þessar skrár.

2. Skrár sem verðbréfamistöð heldur skulu með aðgreindum hætti taka til hverrar einstakar þjónustu sem verðbréfamistöðin veitir í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014.
3. Verðbréfamistöð skal halda skrár á varanlegum miðli sem gerir kleift að veita yfirlýðunum sem um getur í 2. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 upplýsingar. Skráningarkerfið skal tryggja að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) unnt sé að endurgera hvert lykilstig í vinnslu skráa á vegum verðbréfamistöðvarinnar,
 - b) unnt sé að skrá, rekja og endurheimta upphaflegt innihald allra skráa eins og það var áður en nokkrar leiðréttingar eða aðrar breytingar voru gerðar,
 - c) ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir óheimilar breytingar á skráum,
 - d) ráðstafanir séu gerðar til að tryggja öryggi og trúnað skráðra gagna,
 - e) fyrirkomulag til að greina og leiðrétta villur sé innbyggt í skráningarkerfið,
 - f) tímanleg endurheimt skráa eftir kerfisbilun sé tryggð innan skráningarkerfisins.

54. gr.

Skrár yfir viðskipta- og uppgjörsfyrirmæli (flæði e. flow)

1. Verðbréfamistöð skal halda skrár yfir öll viðskipti, uppgjörsfyrirmæli og fyrirmæli um uppgjörstakmarkanir sem hún afgreiðir og skal tryggja að skrár sínar hafi að geyma allar nauðsynlegar upplýsingar til að tilgreina þau nákvæmlega.
2. Í tengslum við öll móttækin uppgjörsfyrirmæli og fyrirmæli um uppgjörstakmarkanir skal verðbréfamistöð, strax eftir móttöku viðkomandi upplýsinga, útbúa og halda uppfærðri skrá yfir eftirfarandi upplýsingar, eftir því hvort uppgjörsfyrirmælin eða uppgjörstakmarkanirnar taka til annaðhvort verðbréfa eða peninga eingöngu eða bæði til verðbréfa og peninga:
 - a) tegund uppgjörsfyrirmæla eins og um getur í v. lið h-liðar í 1. mgr. 42. gr.
 - b) tegund viðskipta eins og hér segir:
 - i. kaup eða sala verðbréfa,
 - ii. umsjón veðtrygginga,
 - iii. verðbréfalánveiting/-lántaka,
 - iv. endurhverf viðskipti,
 - v. annað,
 - c) einkvæma fyrirmælatilvísun þátttakandans,
 - d) viðskiptadag,
 - e) ráðgerðan uppgjörsdag,
 - f) tímastimpil uppgjör,
 - g) tímastimpil þess tíma sem uppgjörsfyrirmælin fara inn í verðbréfauppgjörskerfið,
 - h) tímastimpil þess tíma sem uppgjörsfyrirmælin verða óafturkræf,
 - i) tímastimpil pörunar ef um er að ræða pöruð uppgjörsfyrirmæli,
 - j) auðkenni verðbréfareiknings,
 - k) auðkenni peningareiknings,

- l) auðkenni uppgjörsbanka,
- m) auðkenni þátttakanda sem gefur fyrirmæli,
- n) auðkenni mótaðila þátttakanda sem gefur fyrirmæli,
- o) auðkenni viðskiptavinar þátttakanda sem gefur fyrirmæli, hafi verðbréfamiðstöðin vitneskju þar um,
- p) auðkenni viðskiptavinar mótaðila þátttakanda sem gefur fyrirmæli, hafi verðbréfamiðstöðin vitneskju þar um,
- q) auðkenni verðbréfa,
- r) uppgjörsgjaldmiðil,
- s) peningafjárhæð uppgjör,
- t) magn eða nafnverð verðbréfa,
- u) stöðu uppgjörsfyrirmæla, þ.m.t.:
 - i. óafgreidd fyrirmæli sem enn kunna að verða gerð upp á fyrirhuguðum uppgjörstegi,
 - ii. brestur í framkvæmd uppgjörsfyrirmæla, sem ljóst er að ekki verður unnt að gera upp á fyrirhuguðum uppgjörstegi,
 - iii. uppgjörsfyrirmæli sem hafa verið gerð upp að fullu,
 - iv. uppgjörsfyrirmæli sem hafa verið gerð upp að hluta, að meðtöldum uppgerðum hluta og óuppgerðum hluta annað hvort fjármálagerninga eða peninga,
 - v. niðurfelld uppgjörsfyrirmæli, þ.m.t. upplýsingar um hvort kerfið eða þátttakandi hefur fellt þau úr gildi.

Skrá skal eftirfarandi upplýsingar um hvern flokk uppgjörsfyrirmæla sem um getur í fyrstu undirgrein:

- a) hvort fyrirmæli eru pöruð eða ekki,
- b) hvort hægt er að gera fyrirmæli upp að hluta,
- c) hvort fyrirmæli eru í bið,
- d) ef við á, ástæður þess að fyrirmæli eru enn óafgreidd eða brestur hefur orðið á framkvæmd þeirra,
- e) viðskiptastað,
- f) ef við á, stað stöðustofnunar,

hefjist ferli uppgjörskaupa í samræmi við 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, upplýsingar um:

- i. lokaniðurstöðu ferlis uppgjörskaupa eigi síðar en á síðasta viðskiptadegi framlengingartímabilsins, þ.m.t. fjölda og virði fjármálagerninga þar sem uppgjörskaupin heppnast að hluta eða að öllu leyti,
- ii. greiðslu bóta í peningum þ.m.t. fjárhæð bóta í peningum, ef uppgjörskaupin eru ekki möguleg, misheppnast eða heppnast aðeins að hluta til,
- iii. niðurfellingu upphaflegra uppgjörsfyrirmæla,
- iv. að því er varðar hvern uppgjörsbrest, fjárhæð viðurlaga sem um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

55. gr.

Skrár yfir stöður (birgðir)

- 1. Verðbréfamiðstöð skal halda skrár yfir stöður sem samsvara öllum verðbréfareikningum sem hún heldur utan um. Halda skal aðgreindar skrár fyrir hvern reikning í samræmi við 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

2. Verðbréfamiðstöð skal halda skrár yfir eftirfarandi upplýsingar:
 - a) auðkenni hvers útgefanda sem verðbréfamiðstöðin veitir þá kjarnaþjónustu sem um getur í 1. eða 2. lið A-þáttar viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
 - b) auðkenni hvernar verðbréfaútgáfu sem verðbréfamiðstöðin veitir þá kjarnaþjónustu vegna sem um getur í 1. eða 2. lið A-þáttar viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, lögin sem verðbréfin, sem verðbréfamiðstöðin skráir, grundvallast á og skráningarland útgefanda hvernar verðbréfaútgáfu,
 - c) auðkenni hvernar verðbréfaútgáfu sem skráð er á verðbréfareikninga sem verðbréfamiðstöðin hefur ekki í miðlægri vörsluþjónustu, lögin sem verðbréfin sem verðbréfamiðstöðin skráir grundvallast á og skráningarland útgefanda hvernar verðbréfaútgáfu,
 - d) auðkenni verðbréfamiðstöðvar útgefanda eða viðeigandi aðila í þriðja landi sem gegnir svipuðu hlutverki og verðbréfamiðstöð útgefanda fyrir hverja verðbréfaútgáfu sem um getur í c-lið,
 - e) auðkenni verðbréfareikninga útgefanda, ef um er að ræða verðbréfamiðstöðvar útgefanda,
 - f) auðkenni peningareikninga útgefanda, ef um er að ræða verðbréfamiðstöðvar útgefanda,
 - g) auðkenni uppgjörspanka sem hver útgefandi notar, ef um er að ræða verðbréfamiðstöðvar útgefanda,
 - h) auðkenni þátttakenda,
 - i) skráningarland þátttakenda,
 - j) auðkenni verðbréfareikninga þátttakenda,
 - k) auðkenni peningareikninga þátttakenda,
 - l) auðkenni uppgjörspanka sem hver þátttakandi notar,
 - m) skráningarland uppgjörspanka sem hver þátttakandi notar.
3. Við lok hvers viðskiptadags skal verðbréfamiðstöð skrá eftirfarandi upplýsingar um hverja stöðu að því marki sem þær varða stöðuna:
 - a) auðkenni þátttakenda og annarra reikningseigenda,
 - b) tegund verðbréfareikninga eftir því hvort verðbréfareikningur tilheyrir þátttakanda („eigin reikningur þátttakanda“), einum viðskiptavina hans („aðgreining einstakra viðskiptavina“) eða fleiri en einum af viðskiptavinum hans („aðgreining safnreikninga viðskiptavina“),
 - c) fyrir hvert verðbréfaútgáfuauðkenni (ISIN-númer), stöður verðbréfareikninga í dagslok, þ.m.t. fjölda verðbréfa,
 - d) fyrir hvern verðbréfareikning og ISIN-númer skv. c-lið, fjölda verðbréfa sem lúta uppgjörstakmörkunum, tegund takmarkananna og auðkenni haghafa takmarkananna í dagslok.
4. Verðbréfamiðstöð skal halda skrár yfir uppgjörspanni og ráðstafanir sem verðbréfamiðstöð og þátttakendur hennar gera til að koma í veg fyrir og bregðast við uppgjörspanni í samræmi við 6. og 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

56. gr.

Skrár yfir viðbótarþjónustu

1. Verðbréfamiðstöð skal halda skrár af þeim tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka þessarar reglugerðar fyrir hverja tegund viðbótarþjónustu sem hún veitir í samræmi við B- og C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, þ.m.t. stöður í dagslok á peningareikningum sem verðbréfamiðstöðin eða tilnefnd lánastofnun starfrækir fyrir hvern gjaldmiðil.
2. Veiti verðbréfamiðstöð aðra viðbótarþjónustu en sem nefnd er sérstaklega í B- og C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal hún halda fullnægjandi skrár yfir þá þjónustu.

57. gr.

Gögn um starfsemi

1. Verðbréfamiðstöð skal viðhalda viðunandi og skipulegum gögnum um starfsemi sem varðar viðskipti hennar og innra skipulag.
2. Þau gögn sem um getur í 1. mgr. skulu endurspeglar allar efnislegar breytingar á skjölum sem verðbréfamiðstöðin geymir og skulu fela í sér eftirfarandi:
 - a) skipurit fyrir stjórn, framkvæmdastjórn, nefndir sem skipta máli, rekstrareiningar og allar aðrar einingar eða deildir verðbréfamiðstöðvarinnar,
 - b) deili á þeim hluthöfum, hvort sem þeir eru einstaklingar eða lögaðilar, sem hafa bein eða óbein yfirráð yfir stjórnun verðbréfamiðstöðvarinnar eða eiga hlutdeild í hlutafé verðbréfamiðstöðvarinnar og fjárhæð þessara eignarhluta,
 - c) hlutdeild verðbréfamiðstöðvarinnar í hlutafé annarra lögaðila,
 - d) skjöl sem staðfesta stefnur, verklagsreglur og ferli sem krafist er samkvæmt skipulagskröfum verðbréfamiðstöðvarinnar og í tengslum við þá þjónustu sem hún veitir,
 - e) fundargerðir stjórnar og nefnda framkvæmdastjórnar og annarra nefnda,
 - f) fundargerðir notendaneftnda,
 - g) fundargerðir samráðshópa við þátttakendur og viðskiptavini, ef einhverjir eru,
 - h) skýrslur um innri og ytri endurskoðun, áhættustýringarskýrslur, skýrslur um innra eftirlit og regluvörslu, þ.m.t. viðbrögð framkvæmdastjórnar við skýrslunum,
 - i) alla útvistunarsamninga,
 - j) áætlun um rekstrarsamfellu og endurreisn eftir stóráfall,
 - k) gögn sem sýna allar eignir, skuldir og eiginfjárstöðu verðbréfamiðstöðvarinnar,
 - l) gögn sem sýna öll gjöld og tekjur, þ.m.t. gjöld og tekjur sem eru færð sérstaklega í reikninga í samræmi við 6. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
 - m) mótteknar formlegar kvartanir, þ.m.t. upplýsingar um nafn og heimilisfang kvartanda, móttökudag kvörtunar, nöfn allra aðila sem eru tilgreindir í kvörtuninni, lýsing á eðli og efni kvörtunarinnar og dagsetningu úrlausnar hennar,
 - n) gögn um alla röskun á þjónustu eða starfstruflanir, þ.m.t. ítarleg skýrsla um tímasetningu, áhrif og aðgerðir til úrbóta á viðkomandi röskun eða starfstruflun,
 - o) gögn um niðurstöður afturvirkra prófa og álagsprófa sem framkvæmd eru af verðbréfamiðstöðvum sem veita viðbótarbankaþjónustu,
 - p) skrifleg samskipti við lögbær yfirvöld, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og viðeigandi yfirvöld,
 - q) lögfræðiálit sem aflað er í samræmi við viðkomandi ákvæði um skipulagskröfur í samræmi við VII. kafla þessarar reglugerðar,
 - r) gögn um samtengingarfyrikomulag í samræmi við XII. kafla þessarar reglugerðar,
 - s) gjaldskrár og gjöld sem gilda um mismunandi þjónustu, þ.m.t. allur afsláttur eða endurgreiðslur.

58. gr.

Viðbótargögn

Verðbréfamiðstöð skal viðhalda viðbótargögnum sem lögbæra yfirvaldið krefst til að gera því kleift að hafa eftirlit með hlítni verðbréfamiðstöðvarinnar við reglugerð (ESB) nr. 909/2014.

IX. KAFLI

AFSTEMMINGAR

(Ákvæði 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

59. gr.

Almennar afstemmingar

1. Verðbréfamiðstöð skal framkvæma afstemmingar eins og um getur í 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 í tengslum við hverja verðbréfaútgáfu sem skráð er á verðbréfareikninga sem verðbréfamiðstöðin hefur í miðlægri vörsluþjónustu eða ómiðlægri.

Verðbréfamiðstöð skal bera dagslokátölur næsta dags á undan saman við öll uppgjör sem afgreidd eru yfir daginn og dagslokátölur þess dags vegna hvernar verðbréfaútgáfu og verðbréfareiknings sem verðbréfamiðstöðin hefur í miðlægri vörsluþjónustu eða ómiðlægri,

Verðbréfamiðstöð skal nota tvíhliða bókhald þannig að fyrir hverja kreditfærslu sem gerð er á verðbréfareikningi sem verðbréfamiðstöðin hefur í miðlægri vörsluþjónustu eða ómiðlægri, komi samsvarandi debetfærsla á annan verðbréfareikning sem sama verðbréfamiðstöð heldur utan um.

2. Þær úttektir sem um getur í 6. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu tryggja að gögn verðbréfamiðstöðva í tengslum við verðbréfaútgáfur séu rétt og að þær afstemmingar sem um getur í 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og þær ráðstafanir í tengslum við samvinnu og upplýsingaskipti við þriðju aðila sem tengjast afstemmingu sem um getur í 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 989/2014 séu fullnægjandi.

3. Varði afstemmingarferlið verðbréf sem lúta vörslusetningu (e. *immobilisation*) skal verðbréfamiðstöðin gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda áþreifanleg verðbréf gegn þjófnaði, svikum og eyðingu. Þessar ráðstafanir skulu hið minnsta fela í sér notkun hvelvinga sem eru hannaðar og staðsettar þannig að þær tryggi hátt verndarstig gegn flóðum, jarðskjálftum, eldi og öðrum stóráföllum.

4. Úttektir sem um getur í 6. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 á hvelvingum, þ.m.t. vettvangsskoðanir, skulu fara fram minnst árlega. Verðbréfamiðstöð skal deila niðurstöðum þessa eftirlits í formi úttekta með lögbera yfirvaldinu.

60. gr.

Afstemmingar vegna fyrirtækjaaðgerða

1. Verðbréfamiðstöð skal ekki ákvarða réttindi til afraksturs fyrirtækjaaðgerðar á birgðir sem myndi breyta stöðu verðbréfareikninga í verðbréfamiðstöðinni fyrir en að aflokinni þeirri afstemmingu sem tilgreind er í 59. gr. og 61., 62. og 63. gr.

2. Þegar fyrirtækjaaðgerð hefur verið afgreidd skal verðbréfamiðstöðin tryggja að allir verðbréfareikningar sem verðbréfamiðstöðin hefur í miðlægri vörsluþjónustu eða ómiðlægri, séu uppfærðir.

61. gr.

Afstemming ef líkan skráningaraðila er notað

Ef skráningaraðili (e. *registrar*), umsjónaraðili útgáfu (e. *issuance agent*) eða annar svipaður aðili kemur að afstemmingarferlinu fyrir ákveðnar verðbréfaútgáfur í samræmi við 2. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og heldur skrár yfir verðbréf sem eru einnig skráð í verðbréfamiðstöðinni skulu þær ráðstafanir sem verðbréfamiðstöðin og sá aðili gera til að tryggja heilindi útgáfunnar fela í sér daglega afstemmingu heildarstöðunnar sem er skráð á verðbréfareikningana í verðbréfamiðstöðinni við samsvarandi skrár yfir verðbréf sem sá aðili heldur utan um. Verðbréfamiðstöðin og sá aðili skulu einnig framkvæma:

a) ef verðbréfin hafa verið yfirfærð á tilteknum viðskiptadegi, afstemmingu í dagslok á stöðu hvers verðbréfareiknings sem verðbréfamiðstöðin heldur utan um við stöðuna í samsvarandi skrár yfir verðbréf sem sá aðili heldur utan um,

- b) minnst einu sinni á tveggja vikna fresti, fulla afstemmingu allra staðna í verðbréfaútgáfu við allar stöður á samsvarandi skrá verðbréfa sem sá aðili heldur utan um.

62. gr.

Afstemming ef líkan yfirfærsluaðila er notað

Ef rekstraraðili sjóðs, yfirfærsluaðili (e. *transfer agent*) eða annar svipaður aðili hefur með höndum afstemmingarferli reiknings sem heldur utan um hluta verðbréfaútgáfu sem er skráð í verðbréfamiðstöð skulu þær ráðstafanir sem verðbréfamiðstöðin og sá aðili gera til að tryggja heilindi þess hluta útgáfunnar fela í sér daglega afstemmingu heildarstöðu þeirra verðbréfareikninga sem verðbréfamiðstöðin heldur utan um við skrár þess aðila yfir verðbréf sem verðbréfamiðstöðin heldur utan um, þ.m.t. samanlagðra upphafs- og lokastaðna.

Haldi verðbréfamiðstöðin utan um reikninga sína í skrá rekstraraðilans gegnum þriðja aðila sem er ekki verðbréfamiðstöð skal verðbréfamiðstöðin fara fram á það við þriðja aðilann að hann upplýsi rekstraraðilann um að þriðji aðilinn komi fram fyrir hönd verðbréfamiðstöðvarinnar og að þriðji aðilinn geri samsvarandi ráðstafanir til samstarfs og upplýsingaskipta við rekstraraðilann til að tryggja að kröfur þessarar greinar séu uppfylltar.

63. gr.

Afstemmingar ef líkan sameiginlegs geymsluaðila er notað

Ef verðbréfamiðstöðvar, sem hafa komið á rekstrarsamhæfðri tengingu, nota sameiginlegan geymsluaðila (e. *common depository*) eða annan svipaðan rekstraraðila skal hver verðbréfamiðstöð daglega stemma heildarstöðu hvernar verðbréfaútgáfu sem skráð er á þá verðbréfareikninga sem hún heldur utan um, nema fyrir aðrar verðbréfamiðstöðvar í rekstrarsamhæfðu tengingunni, við samsvarandi skrár yfir verðbréf sem sameiginlegi geymsluaðilinn eða annar svipaður rekstraraðili heldur utan um fyrir þá verðbréfamiðstöð.

Beri sameiginlegur geymsluaðili eða annar svipaður rekstraraðili ábyrgð á heildarheilindum tiltekinnar verðbréfaútgáfu skal sameiginlegi geymsluaðilinn eða viðkomandi annar svipaður rekstraraðili daglega bera heildarstöðu hvernar verðbréfaútgáfu saman við stöðu þeirra verðbréfareikninga sem hún heldur utan um fyrir hverja verðbréfamiðstöð.

Varði afstemmingarferlið verðbréf sem lúta vörslusetningu skulu verðbréfamiðstöðvarnar tryggja að sameiginlegi geymsluaðilinn eða viðkomandi annar rekstraraðili uppfylli kröfur 3. mgr. 59. gr.

64. gr.

Viðbótarráðstafanir ef aðrir aðilar koma að afstemmingarferli

1. Verðbréfamiðstöð skal endurskoða minnst árlega samstarf og upplýsingaskipti sín við aðra aðila sem um getur í 61., 62. og 63. gr. Þessa endurskoðun má framkvæma samhliða endurskoðun á samtengingarfyrikomulagi verðbréfamiðstöðva. Að kröfu lögbærs yfirvalds skal verðbréfamiðstöðin gera aðrar ráðstafanir til samstarfs og upplýsingaskipta til viðbótar þeim sem tilgreindar eru í þessari reglugerð.
2. Þegar verðbréfamiðstöð kemur á samtengingum skulu þær uppfylla þær viðbótarkröfur sem kveðið er á um í 86. gr.
3. Verðbréfamiðstöð skal fara fram á við þátttakendur sína að þeir stemmi skrár sínar af daglega við þær upplýsingar sem berast frá verðbréfamiðstöðinni.
4. Að því er varðar 3. mgr. skal verðbréfamiðstöð daglega veita þátttakendum eftirfarandi upplýsingar um hvern verðbréfareikning og hverja verðbréfaútgáfu:
 - a) samanlagða stöðu verðbréfareiknings í upphafi viðkomandi viðskiptadags,
 - b) einstakar yfirfærslur verðbréfa á eða af verðbréfareikningi á viðkomandi viðskiptadegi,
 - c) samanlagða stöðu verðbréfareiknings í lok viðkomandi viðskiptadags.

Verðbréfamiðstöð skal veita þær upplýsingar sem um getur í fyrstu undirgrein að beiðni annarra eigenda verðbréfareikninga sem verðbréfamiðstöðin hefur í miðlægri vörsluþjónustu eða ómiðlægri, ef upplýsingarnar eru nauðsynlegar til að stemma af skrár þessara eigenda við skrár verðbréfamiðstöðvarinnar.

5. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að þátttakendur hennar, aðrir eigendur reikninga í verðbréfamiðstöðinni og reikningsstofnanir veiti henni, að beiðni hennar, þær upplýsingar sem hún telur nauðsynlegar til að tryggja heilindi útgáfunnar, einkum til að leysa vandkvæði í afstemmingu.

Að því er varðar þessa málsgrein merkir „reikningsstofnun“ aðila sem hefur gert samning við verðbréfamiðstöðina um að framkvæma rafræna skráningu á verðbréfareikningum í henni.

65. gr.

Vandamál í tengslum við afstemmingu

1. Verðbréfamiðstöð skal greina allan mismun og misræmi sem upp kemur í afstemmingarferlinu og reyna að leiðrétta það áður en uppgjör hefst næsta viðskiptadag.
2. Leiði afstemmingarferlið í ljós ótilhlýðilega stofnun eða eyðingu verðbréfa og verðbréfamiðstöðinni tekst ekki að leysa það vandamál fyrir lok næsta viðskiptadags skal hún tímabundið stöðva uppgjör verðbréfaútgáfunnar þar til hin ótilhlýðilega stofnun eða eyðing verðbréfa hefur verið leiðrétt.
3. Sé uppgjör stöðvað tímabundið skal verðbréfamiðstöðin tilkynna þátttakendum sínum, lögbæru yfirvaldi, viðeigandi yfirvöldum og öllum öðrum aðilum sem koma að afstemmingarferlinu og um getur í 61., 62. og 63. gr. um það án ástæðulausrar tafar.
4. Verðbréfamiðstöð skal án ástæðulausrar tafar gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að leiðrétta ótilhlýðilega stofnun eða eyðingu verðbréfa og tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu og viðeigandi yfirvöldum um þær ráðstafanir sem voru gerðar.
5. Verðbréfamiðstöð skal án ástæðulausrar tafar tilkynna þátttakendum sínum, lögbæru yfirvaldi, viðeigandi yfirvöldum og öðrum aðilum sem koma að afstemmingarferlinu og um getur í 61., 62. og 63. gr. um það þegar ótilhlýðileg stofnun eða eyðing verðbréfa hefur verið leiðrétt.
6. Sé uppgjör verðbréfaútgáfu stöðvað tímabundið skulu ráðstafanir í tengslum við ögun í uppgjöri sem settar eru fram í 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ekki gilda í tengslum við þá verðbréfaútgáfu á meðan tímabundin stöðvun varir.
7. Verðbréfamiðstöð skal hefja uppgjör á ný um leið og hin ótilhlýðilega stofnun eða eyðing verðbréfa hefur verið leiðrétt.
8. Séu tilvik ótilhlýðilegrar stofnunar eða eyðingar verðbréfa, eins og um getur í 2. mgr., fleiri en fimm á mánuði skal verðbréfamiðstöðin innan eins mánaðar senda lögbæru yfirvaldi og viðeigandi yfirvöldum tillögu að áætlun um ráðstafanir til að fækka slíkum tilvikum. Verðbréfamiðstöð skal uppfæra áætlunina og veita lögbæru yfirvaldi og viðeigandi yfirvöldum skýrslu um framkvæmd hennar mánaðarlega þar til tilvikum af því tagi sem um getur í 2. mgr. hefur fækkað niður fyrir fimm á mánuði.

X. KAFLI

REKSTRARÁHÆTTA

(Ákvæði 1.–6. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

1. ÞÁTTUR

Greining rekstraráhættu

66. gr.

Almenn rekstraráhætta og mat hennar

1. Sú rekstraráhætta sem um getur í 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 samanstendur af áhættuþáttum vegna annmarka í upplýsingakerfum, innri ferlum og á frammistöðu starfsfólks eða truflana af völdum ytri atburða sem leiða til minnkunar, afturfarar eða truflunar á þjónustu sem verðbréfamiðstöðin veitir.

2. Verðbréfamiðstöð skal greina allar einstakar bilanir í rekstri sínum og meta breytilegt eðli þeirrar rekstraráhættu sem hún stendur frammi fyrir, þ.m.t. heimsfaraldra og netárásir, á viðvarandi grundvelli.

67. gr.

Rekstraráhætta sem lykilþátttakendur kunna að valda

1. Verðbréfamiðstöð skal á viðvarandi grundvelli tilgreina lykilþátttakendur í verðbréfauppgjörskerfinu sem hún rekur, á grundvelli eftirfarandi þátta:

- a) viðskiptamagns og -virðis,
- b) verulegs hæðis milli þátttakenda hennar og viðskiptavina þátttakenda hennar, ef verðbréfamiðstöðinni er kunnugt um hverjir þeir eru, sem gæti haft áhrif á verðbréfamiðstöðina,
- c) mögulegra áhrifa þeirra á aðra þátttakendur og verðbréfauppgjörskerfi verðbréfamiðstöðvarinnar í heild ef rekstrarvandamál kæmi upp sem hefði áhrif á snurðulausa þjónustu af hálfu hennar.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal verðbréfamiðstöðin einnig tilgreina eftirfarandi:

- i. viðskiptavini þátttakenda ef viðkomandi viðskiptavinir eru ábyrgir fyrir verulegu hlutfalli viðskipta sem verðbréfamiðstöðin afgreiðir,
- ii. viðskiptavini þátttakenda ef viðkomandi viðskiptavinir eiga í viðskiptum sem eru veruleg, út frá magni og virði, samanborið við áhættustýringargetu viðkomandi þátttakenda.

2. Verðbréfamiðstöð skal endurskoða og halda auðkenningu lykilþátttakenda uppfærðri á viðvarandi grundvelli.
3. Verðbréfamiðstöð skal hafa skýr og gagnsæ viðmið, aðferðir og kröfur til að tryggja að lykilþátttakendur uppfylli rekstrarlegar kröfur.
4. Verðbréfamiðstöð skal á viðvarandi grundvelli tilgreina, hafa eftirlit með og stýra rekstraráhættu sem henni stafar af lykilþátttakendum.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal áhættustýringarkerfið fyrir rekstraráhættu sem um getur í 70. gr. einnig fela í sér reglur og ferli til að afla allra viðeigandi upplýsinga um viðskiptavini þátttakenda. Verðbréfamiðstöðin skal einnig fella inn í samninga við þátttakendur sína öll skilyrði sem nauðsynleg eru til að auðvelda öflun þeirra upplýsinga.

68. gr.

Rekstraráhætta sem kann að stafa af nauðsynlegri veitupjónustu og veitendum nauðsynlegrar þjónustu

1. Verðbréfamiðstöð skal tilgreina nauðsynlega veituaðila og veitendur nauðsynlegrar þjónustu sem áhætta getur stafað af fyrir rekstur verðbréfamiðstöðvarinnar vegna þess hve háð hún er þeim.

2. Verðbréfamiðstöð skal grípa til viðeigandi aðgerða til að stýra því hæði sem um getur í 1. mgr. með fullnægjandi samnings- og skipulagsráðstöfunum og sértækum ákvæðum í áætlun sinni um rekstrarsamfellu og áætlun sinni um endurreisn eftir stóráfall, áður en stofnað er til sambands við þessa veitendur.

3. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að samningar hennar við alla veitendur sem tilgreindir eru skv. 1. mgr. krefjist fyrirframsamþykkis verðbréfamiðstöðvarinnar á því að þjónustuveitandi ráði undirverktaka til að inna af hendi þjónustuþætti sem eru veittir verðbréfamiðstöðinni.

Útvisti þjónustuveitandi þjónustu sinni sem um getur í fyrstu undirgrein skal verðbréfamiðstöðin tryggja að það hafi ekki áhrif á þjónustustig og álagsþol þjónustunnar og að verðbréfamiðstöðin haldi fullum aðgangi að upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að veita hina útvistuðu þjónustu.

4. Verðbréfamiðstöð skal koma á skýrum boðleiðum við þá veitendur sem um getur í 1. mgr. til að auðvelda upplýsingaskipti við bæði venjulegar og sérstakar aðstæður.
5. Verðbréfamiðstöð skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um það ef hún er háð veituaðilum og þjónustuveitendum sem tilgreindir eru skv. 1. mgr. og gera ráðstafanir til að tryggja að yfirvöld geti fengið upplýsingar um frammistöðu þessara veitenda, annaðhvort beint frá veitubjónustunni og þjónustuveitandanum eða gegnum verðbréfamiðstöðina.

69. gr.

Rekstraráhætta sem aðrar verðbréfamiðstöðvar eða rekstraraðilar markaðsinnviða kunna að valda

1. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að kerfi hennar og tilhögun samskipta við aðrar verðbréfamiðstöðvar eða rekstraraðila markaðsinnviða séu áreiðanleg, örugg og miði að því að lágmarka rekstraráhættu.
2. Allt samkomulag sem verðbréfamiðstöð gerir við aðra verðbréfamiðstöð eða aðra rekstraraðila markaðsinnviða skal kveða á um að:
 - a) hin verðbréfamiðstöðin eða viðkomandi rekstraraðili markaðsinnviða upplýsi verðbréfamiðstöðina um alla veitendur nauðsynlegrar þjónustu sem fyrrnefnda verðbréfamiðstöðin eða rekstraraðilinn reiða sig á,
 - b) stjórnarhættir og stjórnunarferli hinnar verðbréfamiðstöðvarinnar eða viðkomandi rekstraraðila markaðsinnviða hafi ekki áhrif á snuðulausa þjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar, þ.m.t. fyrirkomulag áhættustýringar og skilyrði um aðgang án mismununar.

2. ÞÁTTUR

Aðferðir til að prófa, taka á og lágmarka rekstraráhættu

70. gr.

Kerfi og rammi rekstraráhættustýringar

1. Verðbréfamiðstöð skal búa yfir vel skjalfestum ramma um stýringu rekstraráhættu með skýrt skilgreindum hlutverkum og ábyrgð, sem hluta af þeim stefnum, starfsreglum og kerfum hennar sem um getur í 47. gr. Verðbréfamiðstöð skal búa yfir viðeigandi upplýsingatæknikerfum, stefnum, verklagsreglum og eftirliti til að greina, mæla, hafa eftirlit með, tilkynna um og draga úr rekstraráhættu sinni.
2. Stjórn og framkvæmdastjórn verðbréfamiðstöðvar skulu ákvarða, framkvæma, og hafa eftirlit með þeim áhættustýringarramma rekstraráhættu sem um getur í 1. mgr., skilgreina alla rekstraráhættu sem verðbréfamiðstöðin stendur frammi fyrir og fylgjast með gögnum um rekstraráhættu sem skipta máli, þ.m.t. í tilvikum þar sem mikilvæg gögn glatast.
3. Verðbréfamiðstöð skal skilgreina og skjalfesta skýr markmið um rekstraröryggi, þ.m.t. um rekstrarframmistöðu og þjónustustig fyrir þjónustu sína og verðbréfauppgjörskerfi. Hún skal hafa stefnur og verklagsreglur til að ná þessum markmiðum.
4. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að markmið sín um rekstrarframmistöðu og þjónustustig sem um getur í 3. mgr. feli í sér bæði eigindlega og megindlega mælikvarða á rekstrarframmistöðu.
5. Verðbréfamiðstöð skal reglulega fylgjast með því og meta hvort settum markmiðum hennar, þ.m.t. um þjónustustig, sé náð.
6. Verðbréfamiðstöð skal hafa reglur og ferla sem tryggja að reglulega sé gefin skýrsla um frammistöðu verðbréfakerfis hennar til framkvæmdastjórnar, stjórnarmanna, viðkomandi stjórnarnefnda, notandanefnda og lögbærra yfirvalda.

7. Verðbréfamiðstöð skal reglulega endurskoða rekstrarmarkmið með það fyrir augum að innleiða nýjungar á sviði tækni og viðskipta.
8. Áhættustýringarrámminn fyrir rekstraráhættu verðbréfamiðstöðvar skal fela í sér ferli til breytingastjórnunar og verkefnastjórnunar til að draga úr rekstraráhættu sem stafar af breytingum á rekstri, stefnum, verklagsreglum og eftirliti sem verðbréfamiðstöðin kemur á.
9. Áhættustýringarrámmi fyrir rekstraráhættu verðbréfamiðstöðvar skal fela í sér heildarramma um raunlægt öryggi (e. *physical security*) og upplýsingaöryggi til að stýra þeirri áhættu sem verðbréfamiðstöðin stendur frammi fyrir í tengslum við árásir, þ.m.t. netaárásir, innrásir og náttúruhamfarir. Þessi heildarrámmi skal gera verðbréfamiðstöðinni kleift að vernda þær upplýsingar sem hún býr yfir fyrir óheimilum aðgangi eða birtingu, tryggja áreiðanleika og heilleika gagna og viðhalda tiltækileika þeirrar þjónustu sem verðbréfamiðstöðin veitir.
10. Verðbréfamiðstöð skal koma á fót viðeigandi ferlum fyrir starfsmannahald til að ráða, þjálfa og halda í hæfa starfsmenn og draga úr áhrifum starfsmannaveltu eða því að verðbréfamiðstöðin reiði sig um of á lykilstarfsmenn.

71. gr.

Samhæfing á og hlítni við kerfi rekstraráhættustýringar og samhæfðar áhættustýringar

1. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að kerfi hennar um rekstraráhættustýringu sé hluti af daglegum áhættustýringarferlum hennar og að niðurstöður þeirra séu teknar til greina við ákvörðun, eftirlit með og mótun á rekstraráhættusniði hennar.
2. Verðbréfamiðstöð skal búa yfir kerfum til reglulegrar skýrslugjafar til framkvæmdastjórnar um útsetningu fyrir og tap í tengslum við rekstraráhættu, auk verklagsreglna um viðeigandi úrbætur til að draga úr slíkri áhættu og tapi.
3. Verðbréfamiðstöð skal búa yfir ferlum til að tryggja hlítni við áhættustýringarkerfið fyrir rekstraráhættu, þ.m.t. innri reglum um meðferð misbrests við notkun þess kerfis.
4. Verðbréfamiðstöð skal hafa ítarlegar og vel skjalfestar starfsreglur um skráningu, eftirlit með og úrlausn allra rekstraratvika, þ.m.t.:
 - a) kerfi til að flokka atvik að teknu tilliti til áhrifa þeirra á snuðulausa þjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar,
 - b) kerfi til að tilkynna mikilvæg rekstraratvik til framkvæmdastjórnar, stjórnar og lögbærra yfirvalda,
 - c) endurskoðun eftir verulega truflun á starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar til að greina upptök og ákveða nauðsynlegar umbætur í rekstri eða á áætluninni um rekstrarsamfellu og áætluninni um endurreisn eftir stórásfall, þ.m.t. stefnum og áætlunum notenda verðbréfamiðstöðvarinnar. Niðurstöður slíkrar endurskoðunar skulu tilkynntar lögbæru yfirvaldi og viðeigandi yfirvöldum án tafar.

72. gr.

Rekstraráhættudeild áhættustýringar

Sérstök rekstraráhættudeild skal starfa innan áhættustýringareiningar verðbréfamiðstöðvar. Deildin skal einkum:

- a) þróa aðferðir, stefnur og ferla til að greina, mæla, hafa eftirlit með og tilkynna um rekstraráhættu,
- b) þróa ferla til eftirlits með og stýringar á rekstraráhættu, þ.m.t. með því að gerðar séu allar nauðsynlegar breytingar á áhættustýringarkerfinu fyrir rekstraráhættu,
- c) tryggja að þær aðferðir, stefnur og ferlar sem um getur í a- og b-lið séu innleidd á tilhlýðilegan hátt.

73. gr.

Úttektir og prófanir

1. Gera skal úttektir á áhættustýringarramma og -kerfum fyrir rekstraráhættu verðbréfamiðstöðvar. Tíðni þessara úttekta skal byggjast á skjalfestu áhættumati og vera minnst einu sinni á tveggja ára fresti.
2. Þær úttektir sem um getur í undanfarandi málsgrein skulu ná til starfsemi bæði innri rekstrareininga og rekstraráhættudeildar áhættustýringar verðbréfamiðstöðvarinnar.
3. Verðbréfamiðstöð skal reglulega meta og, ef nauðsyn krefur, endurbæta kerfið fyrir stýringu rekstraráhættu.
4. Verðbréfamiðstöð skal reglulega prófa og endurskoða rekstrarfyrirkomulag, stefnur og ferli ásamt notendum. Prófanir og endurskoðanir skulu einnig fara fram ef verulegar breytingar verða á verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin rekur eða í kjölfar rekstraratvika sem hafa áhrif á snurðulausa þjónustu hennar.
5. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að gagnaflæði og ferli sem tengjast áhættustýringarkerfi rekstraráhættu séu aðgengileg úttektaraðilum án tafar.

74. gr.

Mildun rekstraráhættu með váttryggingu

Verðbréfamiðstöð er einungis heimilt að gera samning um váttryggingu til að draga úr rekstraráhættu sem um getur í þessum kafla ef þær ráðstafanir sem um getur í þessum kafla draga ekki nægjanlega úr rekstraráhættu.

3. ÞÁTTUR

Upplýsingatæknikerfi

75. gr.

Upplýsingatæknitól

1. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að upplýsingatæknikerfi hennar séu vel skjalfest og til þess fallin að fullnægja rekstrarþörfum hennar og mæta þeirri rekstraráhættu sem hún stendur frammi fyrir.

Upplýsingatæknikerfi verðbréfamiðstöðvar skulu:

- a) vera álagsspolin, þ.m.t. við erfiðar markaðsaðstæður,
 - b) hafa fullnægjandi getu til að vinna úr auknum upplýsingum vegna aukins í uppgjörsmagns,
 - c) uppfylla markmið verðbréfamiðstöðvarinnar um þjónustustig.
2. Kerfi verðbréfamiðstöðvar skulu hafa fullnægjandi getu til að vinna úr öllum viðskiptum fyrir dagslok, jafnvel þótt meiriháttar truflun eigi sér stað.

Verðbréfamiðstöð skal hafa ferli til að tryggja fullnægjandi getu upplýsingatæknikerfa sinna, þ.m.t. þegar ný tækni er innleidd.

3. Verðbréfamiðstöð skal byggja upplýsingatæknikerfi sín á alþjóðlega viðurkenndum tæknistöðlum og bestu venjum.
4. Upplýsingatæknikerfi verðbréfamiðstöðvar skulu tryggja að öll gögn sem hún hefur aðgang að séu vernduð fyrir tapi, leka, óheimilum aðgangi, óviðunandi umsýslu, ófullnægjandi skráhaldi og öðrum áhættuþáttum í tengslum við úrvinnslu.
5. Upplýsingaöryggisrammi verðbréfamiðstöðvar skal tilgreina þau kerfi sem hún hefur yfir að ráða til að greina og koma í veg fyrir netárásir. Ramminn skal einnig lýsa áætlun verðbréfamiðstöðvarinnar um viðbrögð við netárásum.

6. Verðbréfamiðstöðin skal beita upplýsingatæknikerfi sín ströngum prófunum með því að herma eftir erfiðum aðstæðum áður en kerfin eru notuð í fyrsta sinn, eftir verulegar breytingar á kerfunum og eftir verulegar rekstrartruflanir. Eftir atvikum skal verðbréfamiðstöð fá eftirtalda aðila til að taka þátt í hönnun og framkvæmd þessara prófa:

- a) notendur,
- b) nauðsynlega veituaðila og veitendur nauðsynlegrar þjónustu,
- c) aðrar verðbréfamiðstöðvar,
- d) aðra rekstraraðila markaðsinnviða,
- e) aðrar stofnanir sem áætlunin um rekstrarsamfellu tilgreinir að verðbréfamiðstöðin sé gagnháð (e. *interdependencies*).

7. Upplýsingaöryggisramminn skal tilgreina:

- a) aðgangsstýringar að kerfinu,
- b) fullnægjandi verndarráðstafanir gegn innbrotum og gagnamisnotkun,
- c) sérstök tæki til að vernda áreiðanleika og heilleika gagna, þ.m.t. dulkóðunaraðferðir,
- d) áreiðanleg netkerfi og ferli til nákvæmra og skjótra gagnasendinga án verulegrar truflunar og
- e) gagnaferla (e. *audit trails*).

8. Verðbréfamiðstöð skal búa yfir aðferðum til að velja og skipta út þriðju aðilum sem veita upplýsingatækniþjónustu og tryggja að hún hafi tímanlegan aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum og búi yfir viðhlítandi eftirliti og vöktunartólum.

9. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að upplýsingatæknikerfi og upplýsingaöryggisramminn í tengslum við kjarnaþjónustu sína séu endurskoðuð minnst árlega og lúti úttektarmati. Niðurstöður matsins skulu tilkynntar stjórn verðbréfamiðstöðvarinnar og lögbæra yfirvaldinu.

4. ÞÁTTUR

Rekstrarsamfella

76. gr.

Áætlun og stefna

1. Verðbréfamiðstöð skal hafa áætlun um rekstrarsamfellu og áætlun um endurreisn eftir stóráfall sem:

- a) eru samþykktar af stjórn,
- b) lúta úttektum og skal gera stjórninni grein fyrir niðurstöðum þeirra.

2. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að áætlun sín um rekstrarsamfellu:

- a) tilgreini alla mikilvæga starfsemi og upplýsingatæknikerfi hennar og kveði á um að viðhalda skuli lágmarksþjónustustigi fyrir þessa starfsemi,
- b) feli í sér áætlun og markmið verðbréfamiðstöðvarinnar um að tryggja rekstrarsamfellu þeirrar starfsemi og upplýsingatæknikerfa sem um getur í a-lið,
- c) taki tillit til allra samtenginga og gagnhæðis við, a.m.k.:
 - i. notendur,
 - ii. nauðsynlega veituaðila og veitendur nauðsynlegrar þjónustu,
 - iii. aðrar verðbréfamiðstöðvar,
 - iv. aðra rekstraraðila markaðsinnviði,
- d) skilgreini og skjalfesti þær ráðstafanir sem beita skal ef neyðarástand skapast í tengslum við rekstrarsamfellu eða ef meiriháttar truflun á sér stað í rekstri verðbréfamiðstöðvarinnar, til að tryggja lágmarksþjónustustig nauðsynlegra starfsþátta verðbréfamiðstöðvarinnar,
- e) tilgreini hámark ásættanlegs tíma sem nauðsynlegir starfsþættir og upplýsingatæknikerfi mega vera óstarfhæf.

3. Verðbréfamiðstöð skal gera allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að uppgjöri sé lokið við lok viðskiptadags, jafnvel þótt truflun verði, og að allar stöður notenda á þeim tíma sem truflun á sér stað séu tilgreindar af vissu og tímanlega.

77. gr.

Rekstraráhrifagreining

1. Verðbréfamiðstöð skal framkvæma rekstraráhrifagreiningu til að:
 - a) gera lista yfir alla ferla og starfsemi sem eiga þátt í að veita þjónustu hennar,
 - b) tilgreina, og útbúa skrá yfir, alla þætti upplýsingatæknikerfis síns sem styðja þá ferla og starfsemi sem tilgreind eru í a-lið, sem og gagnhæði þeirra,
 - c) tilgreina og skjalfesta eigindleg og megindleg áhrif í sviðsmynd endurreisnar eftir stórásfall á hvern feril og starfsemi sem um getur í a-lið og hvernig áhrifin breytast með tímanum ef truflun á sér stað,
 - d) skilgreina og skjalfesta það lágmarksþjónustustig sem telst ásætlanlegt og fullnægjandi frá sjónarhóli notenda verðbréfamiðstöðvarinnar,
 - e) tilgreina og skjalfesta lágmarkskröfur um tilföng í formi starfsfólks og færni, vinnuástöðu og upplýsingatækni til að framkvæma hvern mikilvægan starfsþátt á samþykktu lágmarksstigi.
2. Verðbréfamiðstöð skal áhættugreina hvaða áhrif ýmsar sviðsmyndir hafa á rekstrarsamfellu mikilvægrar starfsemi hennar.
3. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að rekstraráhrifagreining og áhættugreining sín uppfylli allar eftirfarandi kröfur:
 - a) þeim sé haldið uppfærðum,
 - b) þær séu endurskoðaðar í kjölfar mikilvægra atvika eða verulegra rekstrarlegra breytinga, og minnst árlega,
 - c) þær taki tillit til allrar þróunar sem skiptir máli, þ.m.t. markaðsþróunar og þróunar í upplýsingatækni.

78. gr.

Endurreisn eftir stórásfall

1. Verðbréfamiðstöð skal hafa fyrirkomulag sem tryggir rekstrarsamfellu í mikilvægri starfsemi sinni við áfallaáðstæður, þ.m.t. náttúruhamfarir, heimsfaraldur, raunlægar árásir (e. *physical attacks*), innrásir, hryðjuverkaárásir og netárásir. Þessar ráðstafanir skulu tryggja:
 - a) að nægilegt hæft starfsfólk sé tiltækt,
 - b) að nægilegt fjármagn sé tiltækt,
 - c) að varakerfi (e. *failover*) sé til staðar og unnt sé að endurreisa og hefja að nýju starfsemi á öðrum vinnslustað.
2. Áætlun verðbréfamiðstöðvar um endurreisn eftir stórásfall skal tilgreina og fela í sér markmið um endurreisnartíma mikilvægrar starfsemi og ákvarða hvaða endurreisnaraðferðir henta hverjum mikilvægum starfsþætti best. Markmið um endurreisnartíma hvers mikilvægs starfsþáttar skal ekki vera umfram tvær klukkustundir. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að öryggisafritunarkerfi hefji vinnslu án ástæðulausrar tafar nema þetta myndi tefla heilindi verðbréfaútgáfanna eða trúnaði gagna sem verðbréfamiðstöðin heldur utan um í tvísýnu. Verðbréfamiðstöð skal tryggja að hún geti aftur hafið mikilvæga starfsemi sína innan tveggja klukkustunda frá truflun. Við ákvörðun á endurreisnartíma fyrir hvern starfsþátt skal verðbréfamiðstöð taka tillit til hugsanlegra heildaráhrifa á skilvirkni markaðarins. Þessar ráðstafanir skulu a.m.k. tryggja að samþykktu þjónustustigi sé náð við óvenjulegar aðstæður.
3. Verðbréfamiðstöð skal a.m.k. starfrækja vinnslustað til vara með fullnægjandi tilföng, getu, virkni og starfsmenn til að mæta þeim rekstrarþörfum og áhættuþáttum sem hún stendur frammi fyrir og tryggja samfellu mikilvægrar starfsemi, a.m.k. í tilfellum þar sem aðalstaður starfseminnar er ekki tiltækur.

Vinnslustaðurinn sem er til vara skal:

- a) veita það þjónustustig sem nauðsynlegt er til að tryggja að verðbréfamiðstöðin reki mikilvæga starfsemi sína í samræmi við markmiðið um endurreisnartíma,
 - b) vera staðsettur í landfræðilegri fjarlægð frá aðalvinnslustað þar sem vinnslustaðurinn til vara getur haft annað áhættusnið og sem kemur í veg fyrir að hann verði fyrir áhrifum af atburði sem hefur áhrif á aðalvinnslustaðinn,
 - c) vera án tafar tiltækur starfsmönnum verðbréfamiðstöðvarinnar til að tryggja samfellu mikilvægrar starfsemi hennar þegar aðalvinnslustaðurinn er ekki tiltækur.
4. Verðbréfamiðstöð skal þróa og viðhalda ítarlegum ferlum og áætlunum um:
- a) greiningu, skráningu og tilkynningar um alla atburði sem trufla starfsemi hennar,
 - b) viðbrögð við rekstraratvikum og neyðarástandi,
 - c) mat á skemmdum og viðeigandi áætlanir um virkjun viðbragða sem um getur í b-lið,
 - d) áfallastjórnun og samskipti, þ.m.t. viðeigandi tengiliði, til að tryggja að áreiðanlegar og uppfærðar upplýsingar séu sendar hlutaðeigandi hagsmunaaðilum og lögbæra yfirvaldinu,
 - e) virkjun og flutning til annarra rekstrarstaða og starfsstöðva til vara,
 - f) endurreisn upplýsingatæknikerfa, þ.m.t. virkjun varavinnslustaðar fyrir upplýsingatækni og varakerfa.

79. gr.

Prófun og eftirlit

Verðbréfamiðstöð skal hafa eftirlit með áætlun sinni um rekstrarsamfellu og áætlun sinni um endurreisn eftir stóráfall og prófa þær árlega hið minnsta. Verðbréfamiðstöð skal einnig prófa áætlun sína um rekstrarsamfellu og áætlun sína um endurreisn eftir áfall að loknum veigamiklum breytingum á kerfum eða tengdri starfsemi til að tryggja að kerfin og starfsemin uppfylli markmið verðbréfamiðstöðvarinnar. Verðbréfamiðstöðin skal skipuleggja og halda skrár um þessi próf, sem skulu fela í sér:

- a) sviðsmyndir stóráfalla,
- b) flutning milli aðalvinnslustaðar og vinnslustaðar sem er til vara,
- c) þátttöku, eins og við á:
 - i. notenda verðbréfamiðstöðvar,
 - ii. nauðsynlegra veituaðila og veitenda nauðsynlegrar þjónustu,
 - iii. annarra verðbréfamiðstöðva,
 - iv. annarra rekstraraðila markaðsinnviða,
 - v. allra annarra stofnana sem áætlunin um rekstrarsamfellu tilgreinir að verðbréfamiðstöðin sé gagnháð.

80. gr.

Viðhald

1. Verðbréfamiðstöð skal reglulega endurskoða og uppfæra áætlun sína um rekstrarsamfellu og endurreisn eftir stóráfall. Endurskoðunin skal taka til allrar mikilvægrar starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar og miða að því að skila sem hentugastri endurreisnaráætlun fyrir þá starfsemi.
2. Við uppfærslur á áætlun sinni um rekstrarsamfellu og áætlun sinni um endurreisn eftir stóráfall skal verðbréfamiðstöðin taka mið af niðurstöðum prófa og tilmælum úr úttektum og frá lögbæra yfirvaldinu.
3. Verðbréfamiðstöð skal endurskoða áætlun sína um rekstrarsamfellu og áætlun sína um endurreisn eftir stóráfall eftir allar verulegar truflanir á starfseminni. Í slíkri endurskoðun skal greina ástæður truflunarinnar og tilgreina allar úrbætur sem þörf er á í starfsemi verðbréfamiðstöðvarinnar og á áætluninni um rekstrarsamfellu og áætluninni um endurreisn eftir stóráfall.

XI. KAFLI

FJÁRFESTINGARSTEFNA

(Ákvæði 2., 3. og 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

81. gr.

Auðseljanlegir gerningar með markaðs- og greiðslufallsáhættu í lágmarki

1. Fjármálagerningar skulu teljast auðseljanlegir og með markaðs- og greiðslufallsáhættu í lágmarki ef þeir eru skuldagerningar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þeir eru útgefnir af eða eru með ábyrgð:
 - i. ríkis/hins opinbera,
 - ii. seðlabanka,
 - iii. fjölbjóðlegs þróunarbanka sem talinn er upp í 117. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹⁾,
 - iv. Evrópska fjármálastöðugleikasjóðsins eða Evrópska stöðugleikakerfisins,
- b) verðbréfamiðstöðin geti sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að lítil markaðs- og greiðslufallsáhætta stafi af fjármálagerningnum á grundvelli innra mats verðbréfamiðstöðvarinnar,
- c) þeir séu í einhverjum af eftirfarandi gjaldmiðlum:
 - i. gjaldmiðli sem færslur eru gerðar upp í í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin rekur,
 - ii. öðrum gjaldmiðli þar sem verðbréfamiðstöðin getur stýrt þeirri áhættu sem af honum stafar,
- d) þeir séu framseljanlegir án takmarkana og lúti hvorki takmörkunum samkvæmt reglum né kröfu þriðja aðila sem hamli seljanleika,
- e) verslað sé með þá í beinni sölu eða með endurhverfum viðskiptum á virkum markaði, í fjölbreyttum hópi kaupenda og seljanda, þ.m.t. við erfið skilyrði, sem verðbréfamiðstöðin hefur áreiðanlegan aðgang að,
- f) áreiðanleg verðgögn um þessa gerninga séu aðgengileg öllum með reglulegu millibili.

Að því er varðar b-lið skal verðbréfamiðstöðin við framkvæmd slíks mats beita skilgreindum og hlutlægum aðferðum sem byggja ekki eingöngu á utanaðkomandi álitum og taka tillit til áhættunnar sem leiðir af því að útgefandinn sé með aðsetur í tilteknu landi.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu afleiðusamningar teljast auðseljanlegir fjármálagerningar með markaðs- og greiðslufallsáhættu í lágmarki að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a) þeir séu gerðir til að verjast gjaldeyrisáhættu sem stafar af uppgjöri í fleiri en einum gjaldmiðli í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin rekur, eða vaxtaáhættu sem kann að hafa áhrif á eignir verðbréfamiðstöðvarinnar, og teljist í báðum tilvikum áhættuvarnarsamningur samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) sem samþykktir eru í samræmi við 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ⁽²⁾,
- b) áreiðanleg gögn um verð séu birt reglulega fyrir þessa afleiðusamninga,
- c) þeir séu gerðir til þess tiltekna tíma sem er nauðsynlegur til að draga úr þeirri gjaldeyris- eða vaxtaáhættu sem verðbréfamiðstöðin stendur frammi fyrir.

82. gr.

Viðeigandi tímarammi aðgangs að eignum

1. Verðbréfamiðstöð skal hafa tafarlausan og skilyrðislausan aðgang að handbæru fé.
2. Verðbréfamiðstöð skal hafa aðgang að fjármálagerningum á sama viðskiptadegi og ákvörðun er tekin um að innleysa þá.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjttíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (Stjttíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1).

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skal verðbréfamistöð setja verklagsreglur sem tryggja að hún geti nálgast peninga og fjármálagerninga innan þeirra tímaramma sem þar er kveðið á um. Verðbréfamistöð skal upplýsa lögbæra yfirvaldið um allar breytingar á þessum verklagsreglum í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og fá samþykki fyrir viðkomandi breytingu áður en hún framkvæmir hana.

83. gr.

Samþjöppunarmörk fyrir einstaka aðila

1. Að því er varðar 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal verðbréfamistöð geyma fjáreignir sínar með dreifðum hætti hjá lánastofnunum með starfsleyfi eða verðbréfamistöðvum með starfsleyfi, til að halda sig innan ásættanlegra samþjöppunarmarka.

2. Að því er varðar 5. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal ákvarða ásættanleg samþjöppunarmörk á grundvelli eftirfarandi þátta:

- a) landfræðilegar dreifingar þeirra aðila sem verðbréfamistöðin geymir fjáreignir sínar hjá,
- b) gagnhæðis sem kann að vera á milli aðilans sem hefur fjáreignirnar í vörslu sinni, eða aðila í samstæðu hans, og verðbréfamistöðvarinnar,
- c) greiðslufalláhættu hjá aðilanum sem hefur fjáreignirnar í vörslu sinni.

XII. KAFLI

SAMTENGINGAR VERÐBRÉFAMIDSTÖÐVA

(Ákvæði 3., 5., 6. og 7. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

84. gr.

Skilyrði um viðunandi vernd samtengdra verðbréfamistöðva og þátttakenda þeirra

1. Samtengingu verðbréfamistöðva skal komið á og henni viðhaldið samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

- a) verðbréfamistöð sem æskir aðgangs skal uppfylla kröfur þáttökureglna viðtökuverðbréfamistöðvar,
- b) verðbréfamistöð sem æskir aðgangs skal framkvæma greiningu á fjárhagslegu heilbrigði viðtökuverðbréfamistöðvar í þriðja landi, stjórnarháttum, vinnslugetu, rekstraröryggi og því hvort hún reiðir sig á þriðja aðila sem veitir nauðsynlega þjónustu,
- c) verðbréfamistöð sem æskir aðgangs skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að hafa eftirlit með og stýra þeim áhættuþáttum sem greiningin sem um getur í b-lið leiðir í ljós,
- d) verðbréfamistöð sem æskir aðgangs skal gera laga- og rekstrarskilmála samtengingarfyrrkomulagsins aðgengilega þátttakendum sínum svo þeir geti metið og stýrt viðkomandi áhættu,
- e) áður en sett er á fót samtenging verðbréfamistöðvar við verðbréfamistöð í þriðja landi skal verðbréfamistöðin sem æskir aðgangs meta þau landslög sem gilda um viðtökuverðbréfamistöðina,
- f) samtengdar verðbréfamistöðvar skulu tryggja trúnað upplýsinga í tengslum við starfrækslu samtengingarinnar. Sýna skal fram á getuna til að tryggja trúnað með þeim upplýsingum sem verðbréfamistöðvarnar veita, þ.m.t. öllum lagalegum álitum eða fyrirkomulagi þar að lútandi,
- g) samtengdar verðbréfamistöðvar skulu samþykkja samræmdar kröfur og verklagsreglur varðandi rekstrarlega þætti og samskipti í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- h) áður en samtenging kemst á skulu verðbréfamistöð sem æskir aðgangs og viðtökuverðbréfamistöð:
 - i. gera prófanir á samtengingunni enda á milli (e. *end-to-end*),
 - ii. koma á neyðaráætlun, sem hluta af áætlun um rekstrarsamfellu viðkomandi verðbréfamistöðva, sem tilgreinir aðstæður þar sem verðbréfauppgjörskerfi verðbréfamistöðvanna tveggja verða fyrir starfstruflun eða bila og tilgreinir aðgerðir til úrbóta ef þessar aðstæður koma upp,
- i) viðtökuverðbréfamistöðin og verðbréfamistöðin sem æskir aðgangs skulu endurskoða allt samtengingarfyrrkomulag minnst árlega, að teknu tilliti til allrar nýlegrar þróunar sem máli skiptir, þ.m.t. markaðsþróunar og þróunar á sviði upplýsingatækni, sem og breytinga á landslögum sem um getur í e-lið,

- j) að því er varðar samtengingar verðbréfamistöðva sem bjóða ekki upp á uppgjör með afhendingu gegn greiðslu (DVP) skal árlega endurskoðunin sem um getur í i-lið einnig fela í sér mat á allri þróun sem kann að gera uppgjör með afhendingu gegn greiðslu mögulega.

Að því er varðar e-lið skal verðbréfamistöð við mat sitt tryggja að verðbréfin sem haldið er utan um í verðbréfa-uppgjörskerfinu sem viðtökuverðbréfamistöðin rekur njóti sambærilegs stigs eignaverndar og tryggt er með reglum sem gilda um verðbréfauppgjörskerfið sem verðbréfamistöðin sem æskir aðgangs rekur. Verðbréfamistöð sem æskir aðgangs skal gera þá kröfu til verðbréfamistöðvarinnar í þriðja landi að sú síðari leggi fram lögfræðilegt mat sem tekur til eftirfarandi atriða:

- i. réttar verðbréfamistöðvarinnar sem æskir aðgangs til verðbréfanna, þ.m.t. laga sem gilda um eignaréttarlega þætti, eðlis réttar verðbréfamistöðvarinnar sem æskir aðgangs til verðbréfanna og möguleikans á að leggja kvaðir á eða veðsetja verðbréfin,
- ii. áhrif ógjaldfærni meðferðar, sem hafin er á búi viðtökuverðbréfamistöðvar í þriðja landi, á verðbréfamistöðina sem æskir aðgangs í tengslum við aðgreiningarkröfur, endanlegt uppgjör, verklagsreglur og fresti til að lýsa kröfum í verðbréfin í viðkomandi þriðja landi.

2. Auk þeirra skilyrða sem um getur í 1. mgr. skal koma á samtengingu verðbréfamistöðva sem býður upp á uppgjör með afhendingu gegn greiðslu og viðhalda henni samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

- a) verðbréfamistöðin sem æskir aðgangs skal meta og milda viðbótarháttu sem stafar af uppgjöri í peningum,
- b) verðbréfamistöð sem hefur ekki starfsleyfi til að veita viðbótarbankþjónustu í samræmi við 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og sem kemur að framkvæmd peningalegs uppgjors fyrir hönd þátttakenda sinna skal ekki fá greiðslufrest og skal nota forfjármögnun sem þátttakendur hennar útvega í tengslum við uppgjör með afhendingu gegn greiðslu sem afgreiða á gegnum samtenginguna,
- c) verðbréfamistöð sem notar millilið til peningalegs uppgjors skal tryggja að milliliðurinn framkvæmi það uppgjör á skilvirkan hátt. Verðbréfamistöðin skal árlega endurskoða umsamið fyrirkomulag við þann millilið.

3. Auk þeirra skilyrða sem um getur í 1. og 2. mgr. skal koma á og viðhalda rekstrarsambærilegri tengingu samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

- a) samtengdu verðbréfamistöðvarnar skulu samþykkja samræmd viðmið um afstemmingu, hvenær dags afgreiðslutími vinnslu uppgjors og fyrirtækjaaðgerða er og lokunartíma,
- b) samtengdar verðbréfamistöðvar skulu koma á sambærilegum verklagsreglum og kerfum til sendingar uppgjörsfyrirmæla til að tryggja viðhlítandi og örugga samfellda vinnslu (e. *straight-through-processing*) á uppgjörsfyrirmælum,
- c) styðji rekstrarsambærð tenging uppgjör með afhendingu gegn greiðslu skulu samtengdu verðbréfamistöðvarnar láta niðurstöður uppgjorsins endurspeglast minnst daglega og án ástæðulausrar tafar í bókum sínum,
- d) samtengdu verðbréfamistöðvarnar skulu koma sér saman um sambærileg áhættustýringarlíkön,
- e) samtengdu verðbréfamistöðvarnar skulu koma sér saman um sambærilegar reglur og verklag um viðbrögð við greiðslufalli eins og um getur í 41. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

85. gr.

Eftirlit með og stýring viðbótarháttu sem stafar af notkun óbeinna tenginga eða milliliða til að starfrækja samtengingar verðbréfamistöðva

1. Auk þess að uppfylla kröfur 84. gr. skal verðbréfamistöð sem æskir aðgangs og notar óbeina tengingu eða millilið til að starfrækja samtengingu verðbréfamistöðva tryggja að:

- a) milliliðurinn sé annað hvort af eftirfarandi:
 - i. lánastofnun eins og hún er skilgreind í 1. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
 - hún hlítir 5. og 6. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eða kröfum um aðgreiningu og upplýsingagjöf sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 5. og 6. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ef tengingunni er komið á verðbréfamistöð í þriðja landi,

- hún tryggir skjótan aðgang verðbréfamiðstöðvarinnar sem æskir aðgangs að verðbréfum sínum þegar þess er þörf,
 - greiðslufallsáhætta hennar er lítil sem skal staðfest með innra mati verðbréfamiðstöðvarinnar sem æskir aðgangs á grundvelli skilgreindra og hlutlægra aðferða sem byggja ekki eingöngu á ytra áliti,
- ii. fjármálastofnun í þriðja landi sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:
- hún lýtur og hlítir varfærnisreglum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,
 - hún hefur traustar reikningsskilaaðferðir, vörsluaðferðir og innra eftirlit,
 - hún hlítir 5. og 6. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 eða kröfum um aðgreiningu og upplýsingagjöf sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í 5. og 6. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ef tengingunni er komið á við verðbréfamiðstöð í þriðja landi,
 - hún tryggir skjótan aðgang verðbréfamiðstöðvarinnar sem æskir aðgangs að verðbréfum sínum þegar þess er þörf,
 - greiðslufallsáhætta hennar er lítil samkvæmt innra mati verðbréfamiðstöðvarinnar sem æskir aðgangs á grundvelli skilgreindra og hlutlægra aðferða sem byggja ekki eingöngu á ytra áliti,
- b) milliliðurinn hlítir reglum og kröfum verðbréfamiðstöðvarinnar sem æskir aðgangs, sem sýnt er fram á með upplýsingum sem sá milliliður veitir, þ.m.t. hvers kyns viðkomandi lögfræðiálitum eða fyrirkomulagi,
- c) milliliðurinn tryggir trúnað um upplýsingar í tengslum við starfrækslu samtengingar verðbréfamiðstöðvanna, eins og sýnt sé fram á með upplýsingum sem sá milliliður veitir, þ.m.t. hvers kyns viðkomandi lögfræðiálitum eða fyrirkomulagi,
- d) milliliðurinn hafi rekstrarlega getu og kerfi til að:
- i. annast þá þjónustu sem veitt er verðbréfamiðstöðinni sem æskir aðgangs,
 - ii. senda verðbréfamiðstöðinni tímanlega allar upplýsingar sem varða þjónustuna og eru veittar í tengslum við samtengingu verðbréfamiðstöðvanna,
 - iii. hlíta kröfum í tengslum við afstemmingu í samræmi við 86. gr. og IX. kafla,
- e) milliliðurinn fylgi og hlíti áhættustýringarstefnum og ferlum verðbréfamiðstöðvarinnar sem æskir aðgangs og hafi viðhlítandi þekkingu á áhættustýringu,
- f) milliliðurinn hafi gert ráðstafanir sem fela í sér stefnur um rekstrarsamfellu og tengdar áætlanir um rekstrarsamfellu og endurreisn eftir stóráfall til að tryggja samfellu þjónustu sinnar, tímanlega endurreisn rekstrar síns og efnidir á skuldbindingum sínum þegar atburðir eiga sér stað sem veruleg hætta er á að trufla starfsemi hans,
- g) milliliðurinn hafi nægt fjármagn til að uppfylla skyldur sínar við verðbréfamiðstöðina sem æskir aðgangs og mæta tapi sem hann kann að vera gerður ábyrgur fyrir,
- h) sérgreindur reikningur hjá viðtökuverðbréfamiðstöðinni sé notaður til að starfrækja samtengingu verðbréfamiðstöðvanna,
- i) skilyrði e-liðar 1. mgr. 84. gr. sé uppfyllt,
- j) verðbréfamiðstöðin sem æskir aðgangs sé upplýst um ráðstafanir í þágu rekstrarsamfellu milli milliliðarins og viðtökuverðbréfamiðstöðvarinnar,
- k) ágóði uppgjörss sé tafarlaust fluttur til verðbréfamiðstöðvarinnar sem æskir aðgangs.

Að því er varðar fyrsta undirlið i. liðar a-liðar, þriðja undirlið ii. liðar a-liðar og h-lið skal verðbréfamiðstöð sem æskir aðgangs tryggja að hún geti hvenær sem er haft aðgang að verðbréfum sem geymd eru á hinum sérgreindum reikningum. Sé sérgreindur reikningur hjá verðbréfamiðstöð sem æskir aðgangs hins vegar ekki tiltækur til að starfrækja samtengingu verðbréfamiðstöðva sem komið er á við verðbréfamiðstöð í þriðja landi skal verðbréfamiðstöðin sem æskir aðgangs upplýsa lögbert yfirvald sitt um þær ástæður sem réttlæta það að sérgreindur reikningur sé ekki tiltækur og veita því upplýsingar um áhættuna sem stafar af því að sérgreindir reikningar séu ekki tiltækir. Verðbréfamiðstöð sem æskir aðgangs skal í öllum tilvikum tryggja fullnægjandi vernd eignar sinna í vörslu verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi.

2. Auk þess að hlíta kröfum 1. mgr. skal verðbréfamiðstöð sem æskir aðgangs, ef hún notar millilið til að starfrækja samtengingu verðbréfamiðstöðva og sá milliliður starfrækir verðbréfareikninga hennar fyrir hönd hennar í bókum viðtökuverðbréfamiðstöðvarinnar, tryggja að:

- a) milliliðurinn eigi engan rétt til verðbréfa sem eru í vörslu,

- b) reikningurinn í bókum viðtökuverðbréfamistöðvarinnar sé opnaður í nafni verðbréfamistöðvarinnar sem æskir aðgangs og að skuldir og skuldbindingar sem varða skráningu, yfirfærslu og vörslu verðbréfa séu einungis framfylgjanlegar milli verðbréfamistöðvanna tveggja,
 - c) verðbréfamistöðin sem æskir aðgangs hafi tafarlausan aðgang að verðbréfunum sem eru í vörslu hjá viðtökuverðbréfamistöðinni, þ.m.t. ef skipt er um millilið eða hann verður ógjaldfær eða gjaldþrota.
3. Verðbréfamistöðvar sem æskja aðgangs og um getur í 1. og 2. mgr. skulu gera áreiðanleikakönnun árlega til að tryggja að þau skilyrði sem þar er getið um séu uppfyllt.

86. gr.

Afstemmingar fyrir samtengdar verðbréfamistöðvar

1. Þær afstemmingar sem um getur í 6. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skulu fela í sér eftirfarandi ráðstafanir:
- a) viðtökuverðbréfamistöðin skal senda verðbréfamistöðinni sem æskir aðgangs dagleg yfirlit með eftirfarandi upplýsingum um hvern verðbréfareikning og hverja verðbréfaútgáfu:
 - i. samanlagða upphafsstöðu,
 - ii. einstakar hreyfingar yfir daginn,
 - iii. samanlagða dagslokastöðu,
 - b) verðbréfamistöð sem æskir aðgangs skal daglega bera upphafsstöðu og dagslokastöðu, sem viðtökuverðbréfamistöð eða milliliður tilkynnir henni um, saman við þær skrár sem verðbréfamistöðin sem æskir aðgangs heldur sjálf.

Sé um að ræða óbeina tengingu skulu þau daglegu yfirlit sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar send gegnum milliliðinn sem um getur í a-lið 1. mgr. 85. gr.

2. Stöðvi verðbréfamistöð uppgjör verðbréfaútgáfu tímabundið í samræmi við 2. mgr. 65. gr. skulu allar verðbréfamistöðvar sem eru þátttakendur í eða hafa óbeina tengingu við þá verðbréfamistöð, þ.m.t. ef um er að ræða rekstrarsamhæfðar tengingar, því næst stöðva uppgjör verðbréfaútgáfunnar tímabundið.

Komi milliliðir að því að starfrækja samtengingar verðbréfamistöðva skulu þeir gera viðeigandi samning við hlutaðeigandi verðbréfamistöðvar til að tryggja hlítu við fyrstu undirgrein.

3. Komi til fyrirtækjaáðgerðar sem lækkar stöður verðbréfareikninga sem verðbréfamistöð fjárfestis geymir hjá annari verðbréfamistöð skal sú verðbréfamistöð fjárfestis ekki afgreiða uppgjörsmáli um viðkomandi verðbréfaútgáfu fyrir en hin verðbréfamistöðin hefur fullafgreitt fyrirtækjaáðgerðina.

Komi til fyrirtækjaáðgerðar sem lækkar stöður verðbréfareikninga sem verðbréfamistöð fjárfestis geymir hjá annari verðbréfamistöð skal sú verðbréfamistöð fjárfestis ekki uppfæra verðbréfareikningana sem hún heldur utan um til að endurspegla fyrirtækjaáðgerðina fyrir en hin verðbréfamistöðin hefur fullafgreitt fyrirtækjaáðgerðina

Verðbréfamistöð útgefanda skal tryggja að upplýsingar um afgreiðslu fyrirtækjaáðgerða vegna tiltekinnar verðbréfaútgáfu séu sendar tímanlega til allra þátttakenda hennar, þ.m.t. verðbréfamistöðva fjárfesta. Verðbréfamistöðvar fjárfesta skulu svo senda upplýsingarnar til þátttakenda sinna. Sú sending skal fela í sér allar nauðsynlegar upplýsingar svo verðbréfamistöðvar fjárfesta geti látið niðurstöðu viðkomandi fyrirtækjaáðgerða endurspeglast með viðunandi hætti í þeim verðbréfareikningunum sem þær halda utan um.

87. gr.

Uppgjör með afhendingu gegn greiðslu gegnum samtengingar verðbréfamistöðva

Uppgjör með afhendingu gegn greiðslu (DVP) skal teljast hentugt og mögulegt ef:

- a) markaðseftirspurn er eftir uppgjöri með afhendingu gegn greiðslu sem sýnt er fram á með beiðni frá einhverri notendanefnd einnar samtengdu verðbréfamistöðvanna,

- b) samtengdu verðbréfamiðstöðvarnar geta innheimt sanngjarna viðskiptaþóknun fyrir uppgjör með afhendingu gegn greiðslu, með kostnaðarálagningaráferðinni (e. *cost-plus basis*), nema samtengdu verðbréfamiðstöðvarnar semji um annað,
- c) öruggur og skilvirkur aðgangur er að peningum í þeim gjaldmiðlum sem viðtökuverðbréfamiðstöðin notar við uppgjör verðbréfa viðskipta verðbréfamiðstöðvarinnar sem æskir aðgangs og þátttakenda hennar.

XIII. KAFLI

AÐGANGUR AÐ VERÐBRÉFAMIÐSTÖÐ

(Ákvæði 33. gr. (5. mgr.), 49. gr. (5. mgr.), 52. gr. (3. mgr.) og 53. gr. (4. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

88. gr.

Viðtökuaðilar og aðilar sem æskja aðgangs

1. Að því er varðar þennan kafla skal viðtökuaðili vera einn af eftirfarandi aðilum:
 - a) viðtökuverðbréfamiðstöð eins og hún er skilgreind í 5. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar 1., 4., 9., 13. og 14. mgr. 89. gr. og 90. gr. þessarar reglugerðar,
 - b) verðbréfamiðstöð sem fær beiðni frá þátttakanda, útgefanda, miðlægum mótaðila eða viðskiptavettvangi um aðgang að þjónustu hennar í samræmi við 33. gr. (2. mgr.), 49. gr. (2. mgr.) og 53. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar 1.–3. mgr., 5.–8. mgr. og 10.–14. mgr. 89. gr. og 90. gr. þessarar reglugerðar,
 - c) miðlægur mótaðili sem fær beiðni frá verðbréfamiðstöð um aðgang að viðskiptagagnastreymi (e. *transaction feeds*) hans í samræmi við 1. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar 90. gr. þessarar reglugerðar,
 - d) viðskiptavettvangur sem fær beiðni frá verðbréfamiðstöð um aðgang að viðskiptagagnastreymi hans í samræmi við 1. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar 90. gr. þessarar reglugerðar.
2. Að því er varðar þennan kafla er aðili sem æskir aðgangs einn af eftirfarandi aðilum:
 - a) verðbréfamiðstöð sem æskir aðgangs eins og hún er skilgreind í 6. lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar 1., 4., 9. og 13. mgr. 89. gr. og 90. gr. þessarar reglugerðar,
 - b) þátttakandi, útgefandi, miðlægur mótaðili eða viðskiptavettvangur sem óskar eftir aðgangi að verðbréfauppgjörskerfi sem verðbréfamiðstöð rekur eða annarri þjónustu sem verðbréfamiðstöð veitir í samræmi við 33. gr. (2. mgr.), 49. gr. (2. mgr.) og 53. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar 1.–3. mgr., 5.–8. mgr. og 10.–14. mgr. 89. gr. og 90. gr. þessarar reglugerðar,
 - c) verðbréfamiðstöð sem óskar eftir aðgangi að viðskiptagagnastreymi miðlægs mótaðila í samræmi við 1. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar 90. gr. þessarar reglugerðar,
 - d) verðbréfamiðstöð sem óskar eftir aðgangi að viðskiptagagnastreymi viðskiptavettvangs í samræmi við 1. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar 90. gr. þessarar reglugerðar.

1. ÞÁTTUR

Viðmið um réttlætingu aðgangssynjunar

(Ákvæði 33. gr. (3. mgr.), 49. gr. (3. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) og 53. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

89. gr.

Áhætta sem verðbréfamiðstöðvar og lögbær yfirvöld skulu taka tillit til

1. Verðbréfamiðstöð sem framkvæmir heildaráhættumat eftir að fá aðgangsbeiðni frá þátttakanda sem æskir aðgangs, útgefanda, verðbréfamiðstöð sem æskir aðgangs, miðlægum mótaðila eða viðskiptavettvangi, í samræmi við 33. gr. (3. mgr.), 49. gr. (3. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) eða 53. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, og jafnframt lögbært yfirvald sem metur ástæður synjunar af hálfu verðbréfamiðstöðvar um að veita þjónustu, skal taka tillit til eftirfarandi áhættuþátta sem stafa af aðgangi að þjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar:
 - a) lagalegrar áhættu,

- b) fjárhagslegrar áhættu,
- c) rekstraráhættu.

2. Við mat á lagalegri áhættu að fenginni aðgangsbæðni þátttakanda sem æskir aðgang skulu verðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til eftirfarandi viðmiða:

- a) hvort þátttakanda sem æskir aðgang sé ókleift að hlíta lagakröfum um þátttöku í verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin rekur, eða hann veiti verðbréfamiðstöðinni ekki upplýsingar sem eru nauðsynlegar svo hún geti metið hlítnina, þ.m.t. hvers kyns lögfræðiálit eða upplýsingar um lagalegt fyrirkomulag sem krafist er,
- b) hvort þátttakanda sem æskir aðgang sé ókleift að tryggja, í samræmi við reglur sem gilda í heimaaðildarríki verðbréfamiðstöðvarinnar, trúnað um þær upplýsingar sem eru veittar gegnum verðbréfauppgjörskerfið, eða veiti verðbréfamiðstöðinni ekki þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar svo hún geti metið getu hans til að hlíta þessum reglum um trúnað, þ.m.t. hvers kyns lögfræðiálit eða upplýsingar um lagalegt fyrirkomulag sem krafist er,
- c) sé þátttakandi sem æskir aðgang með staðfestu í þriðja landi, hvort annað af eftirfarandi eigi við:
 - i. þátttakandinn sem æskir aðgang lúti ekki reglu- og eftirlitsramma sem sé jafngildur þeim reglu- og eftirlitsramma sem myndi gilda um hann ef hann hefði staðfestu í Sambandinu,
 - ii. reglur verðbréfamiðstöðvarinnar um endanlegt uppgjör sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 séu ekki framfylgjanlegar í lögsögu þátttakandans sem æskir aðgang.

3. Við mat á lagalegri áhættu að fenginni bæðni útgefanda um að skrá verðbréf sín í verðbréfamiðstöð í samræmi við 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/104 skulu verðbréfamiðstöðin og lögbært yfirvald hennar taka tillit til eftirfarandi viðmiða:

- a) hvort útgefandanum sé ókleift að uppfylla lagakröfur um þjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar,
- b) hvort útgefandanum sé ókleift að ábyrgjast að verðbréfin hafi verið gefin út með þeim hætti sem gerir verðbréfamiðstöðinni kleift að tryggja heilindi útgáfunnar í samræmi við 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

4. Við mat á lagalegri áhættu að fenginni aðgangsbæðni verðbréfamiðstöðvar sem æskir aðgang skulu viðtökuverðbréfamiðstöðin og lögbært yfirvald hennar taka tillit til þeirra viðmiða sem tilgreind eru í a-, b- og c-lið 2. mgr.

5. Við mat á lagalegri áhættu að fenginni aðgangsbæðni miðlægs mótaðila skulu verðbréfamiðstöðin og lögbært yfirvald hennar taka tillit til þeirra viðmiða sem tilgreind eru í a-, b- og c-lið 2. mgr.

6. Við mat á lagalegri áhættu að fenginni aðgangsbæðni viðskiptavettvangs skulu verðbréfamiðstöðin og lögbært yfirvald hennar taka tillit til eftirfarandi viðmiða:

- a) þeirra viðmiða sem um getur í b-lið 2. gr.,
- b) sé viðskiptavettvangurinn með staðfestu í þriðja landi, hvort viðskiptavettvangurinn sem æskir aðgang lúti ekki reglu- og eftirlitsramma sem sé jafngildur þeim reglu- og eftirlitsramma sem gildir um viðskiptavettvanga í Sambandinu.

7. Við mat á fjárhagslegri áhættu að fenginni aðgangsbæðni þátttakanda sem æskir aðgang skulu verðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til þess hvort þátttakandinn sem æskir aðgang hefur nægt fjármagn til að uppfylla samningsskyldur sínar við verðbréfamiðstöðina.

8. Við mat á fjárhagslegri áhættu að fenginni bæðni útgefanda um að skrá verðbréf sín í verðbréfamiðstöðina í samræmi við 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2104 skulu verðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til þess viðmiðs sem tilgreint er í 7. mgr.

9. Við mat á fjárhagslegri áhættu að fenginni aðgangsbæðni verðbréfamiðstöðvar sem æskir aðgang skulu viðtökuverðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til þess viðmiðs sem tilgreint er í 7. mgr.

10. Við mat á fjárhagslegri áhættu að fenginni aðgangsbæðni miðlægs mótaðila eða viðskiptavettvangs skulu verðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til þess viðmiðs sem tilgreint er í 7. mgr.

11. Við mat á rekstraráhættu að fenginni aðgangsbæði þátttakanda sem æskir aðgang skulu verðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til eftirfarandi viðmiða:

- a) hvort þátttakandinn sem æskir aðgang hafi ekki rekstrarlega getu til þátttöku í verðbréfamiðstöðinni,
- b) hvort þátttakandinn sem æskir aðgang hlíti ekki áhættustýringarreglum viðtökuverðbréfamiðstöðvar eða skorti nauðsynlega þekkingu á því sviði,
- c) hvort þátttakandinn sem æskir aðgang hafi ekki sett sér áætlun um rekstrarsamfellu eða áætlun um endurreisn eftir stóráfall,
- d) hvort það að veita aðgang krefjist þess að viðtökuverðbréfamiðstöðin geri verulegar breytingar á rekstri sínum sem hafi áhrif á áhættustýringarferli hennar og tefli snurðulausri starfsemi verðbréfauppgjörskerfisins sem hún rekur í hættu, þ.m.t. framkvæmd viðvarandi handvirkar vinnslu verðbréfamiðstöðvarinnar.

12. Við mat á rekstraráhættu að fenginni bæði útgefanda um að skrá verðbréf sín í verðbréfamiðstöð í samræmi við 1. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/104 skulu verðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til eftirfarandi viðmiða:

- a) þess viðmiðs sem um getur í d-lið 11. gr.,
- b) hvort verðbréfauppgjörskerfið sem verðbréfamiðstöðin rekur geti ekki afgreitt þá gjaldmiðla sem útgefandinn óskar eftir.

13. Við mat rekstraráhættu að fenginni aðgangsbæði verðbréfamiðstöðvar sem æskir aðgang, eða miðlægs mótaðila, skulu viðtökuverðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til þeirra viðmiða sem tilgreind eru í 11. mgr.

14. Við mat á rekstraráhættu að fenginni aðgangsbæði viðskiptavettvangs skulu viðtökuverðbréfamiðstöð og lögbært yfirvald hennar taka tillit til a.m.k. þeirra viðmiða sem tilgreind eru í d-lið 11. mgr.

2. ÞÁTTUR

Ferli aðgangssynjunar

(Ákvæði 33. gr. (3. mgr.), 49. gr. (4. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) og 53. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

90. gr.

Ferli

1. Sé aðgangsbæði synjað skal aðilinn sem æskir aðgang eiga rétt á að leggja fram kvörtun, innan eins mánaðar frá viðtöku synjunar, hjá lögbæru yfirvaldi viðtökuverðbréfamiðstöðvarinnar, miðlæga mótaðilans eða viðskiptavettvangsins sem synjaði honum um aðgang, í samræmi við 33. gr. (3. mgr.), 49. gr. (4. mgr.), 52. gr. (2. mgr.) eða 53. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

2. Lögbæra yfirvaldinu sem um getur í 1. mgr. er heimilt að krefjast viðbótarupplýsinga um aðgangssynjunina frá aðilanum sem æskir aðgang og viðtökuaðilanum

Svör við bæði um upplýsingar eins og um getur í fyrstu undirgrein skal senda lögbæra yfirvaldinu innan tveggja vikna frá viðtökudegi beiðninnar.

Í samræmi við 3. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal lögbært yfirvald viðtökuaðilans senda kvörtun eins og um getur í 1. mgr. innan tveggja viðskiptadaga frá viðtökudegi til viðeigandi yfirvalds sem tilgreint er í a-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 frá aðildarríki starfsstöðvar viðtökuaðilans.

3. Lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal hafa samráð við eftirfarandi yfirvöld um upphaflegt mat sitt á kvörtuninni innan tveggja mánaða frá viðtökudegi hennar, eftir því sem við á:

- a) lögbært yfirvald starfsstöðvar þátttakanda sem æskir aðgang í samræmi við 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- b) lögbært yfirvald starfsstöðvar útgefanda sem æskir aðgang í samræmi við 4. mgr. 49. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- c) lögbært yfirvald verðbréfamiðstöðvar sem æskir aðgang og viðeigandi yfirvald sem um getur í a-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og ber ábyrgð á eftirliti með verðbréfauppgjörskerfinu sem verðbréfamiðstöðin sem æskir aðgang rekur í samræmi við 2. mgr. 52. gr. og 3. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,

d) lögbært yfirvald miðlægs mótaðila, eða viðskiptavettvangs, sem óskar aðgangs í samræmi við 3. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og viðeigandi yfirvald sem um getur í a-lið 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og ber ábyrgð á eftirliti með verðbréfauppgjörskerfinu í aðildarríkinu þar sem viðkomandi miðlægur mótaðili, eða viðskiptavettvangur, sem óskar aðgangs hefur staðfestu í samræmi við 3. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.

4. Yfirvöldin sem um getur í a- til d-lið 3. mgr. skulu svara innan eins mánaðar frá dagsetningu beiðni um samráð sem tilgreint er í 3. mgr. Veiti yfirvald sem um getur í a- til d-lið 3. mgr. ekki álit sitt innan þeirra tímamarka skal það teljast hafa jákvætt álit á mati lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 3. mgr.

5. Lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal upplýsa yfirvöldin sem um getur í a- til d-lið 3. mgr. um lokamat sitt á kvörtuninni innan tveggja vikna frá þeim tímamörkum sem kveðið er á um í 4. mgr.

6. Sé eitt þeirra yfirvalda sem um getur í a- til d-lið 3. mgr. ósammála mati lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. er hverju þeirra sem er heimilt að vísa málinu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar innan tveggja vikna frá deginum sem lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. veitir upplýsingarnar um lokamat sitt á kvörtuninni í samræmi við 5. mgr.

7. Hafi málinu ekki verið vísað til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. senda rökstutt svar innan tveggja virkra daga frá tímamörkunum sem um getur í 6. mgr.

Lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. skal einnig upplýsa viðtökuáðilann og yfirvöldin sem um getur í a- til d-lið 3. mgr. um rökstudda svarið sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar innan tveggja virkra daga frá deginum sem það sendir aðilanum sem æskir aðgang rökstudda svarið.

8. Sé máli vísað til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, eins og um getur í 6. mgr., skal lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr. upplýsa aðilann sem æskir aðgangs og viðtökuáðilann um það innan tveggja virkra daga frá deginum sem málinu er vísað þangað.

9. Sé aðgangssynjun viðtökuáðilans gagnvart aðilanum sem æskir aðgangs talin óréttmæt að loknu ferlinu sem kveðið er á um í 1.–7. mgr. skal lögbæra yfirvaldið sem um getur í 1. mgr., innan tveggja vikna frá þeim tímamörkum sem tilgreind eru í 7. mgr., gefa út fyrirskipun um að viðtökuáðilinn veiti aðilanum, sem æskir aðgangs, aðgang innan þriggja mánaða frá þeim degi sem fyrirskipunin öðlast gildi.

Tímamörkin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu framlengd í átta mánuði ef um er að ræða sérsniðnar samtengingar sem krefjast verulegrar þróunar á upplýsingatæknitólum, nema verðbréfamíðstöðin sem æskir aðgangs og viðtökuverðbréfamíðstöðin semji um annað.

Fyrirskipunin skal tilgreina ástæður þeirrar niðurstöðu lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 1. mgr. að aðgangssynjun viðtökuáðilans hafi verið óréttmæt.

Fyrirskipunin skal send Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni, þeim yfirvöldum sem um getur í a- til d-lið 3. mgr., aðilanum sem æskir aðgangs og viðtökuáðilanum innan tveggja virkra daga frá gildistökudegi hennar.

10. Ferlið sem um getur í 1.–9. mgr. skal einnig gilda ef viðtökuáðilinn hyggst fella niður aðgang aðila, sem æskir aðgangs, sem hann veitir þegar þjónustu.

XIV. KAFLI

STARFSLEYFI TIL AÐ VEITA VIÐBÓTABANKAÞJÓNUSTU

(Ákvæði 1. og 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

91. gr.

Verðbréfamíðstöðvar sem bjóða sjálfar viðbótabankaþjónustu

Umsókn um starfsleyfi í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 909/2014 skal hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

a) afrit af ákvörðun stjórnar verðbréfamíðstöðvar sem sækir um þess efnis að sækja skuli um og fundargerð fundarins þar sem stjórnin samþykkti efni umsóknargagnanna og framlagningu þeirra,

- b) samskiptaupplýsingar þess einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni um starfsleyfi, sé sá einstaklingur ekki sá sami og leggur fram umsóknina um starfsleyfi sem um getur í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- c) gögn sem sanna tilvist starfsleyfis sem um getur í a-lið 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- d) gögn sem sýna að verðbréfamiðstöðin sem sækir um uppfylli þær varfærniskröfur sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og þær eftirlitskröfur sem um getur í 60. gr. þeirrar reglugerðar,
- e) gögn, sem innihalda öll skjöl sem skipta máli, þ.m.t. samþykktir, reikningsskil, áritanir endurskoðenda og skýrslur frá áhættunefndum, sem sýna fram á að verðbréfamiðstöðin sem sækir um uppfylli d-lið 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- f) upplýsingar um endurreisnaráætlunina sem um getur í f-lið 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- g) starfsáætlun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - i. hún hefur að geyma lista yfir viðbótarbankaþjónustu sem getið er um í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, og verðbréfamiðstöðin hyggst veita,
 - ii. hún hefur að geyma útskýringu á því hvernig sú viðbótarbankaþjónusta sem getið er um í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 tengist beint þeirri kjarna- eða viðbótarþjónustu sem getið er um í A- og B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöðin hefur starfsleyfi til að veita,
 - iii. hún er uppbyggð í samræmi við listann yfir viðbótarbankaþjónustu í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- h) gögn sem styðja ástæður þess að gera ekki upp peningagreiðslur verðbréfauppgjörskerfis verðbréfamiðstöðvarinnar gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil þess lands þar sem uppgjörð fer fram,
- i) ítarlegar upplýsingar um þær ráðstafanir sem tryggja að viðbótarbankaþjónustan sem fyrirhugað er að veita hafi ekki áhrif á snurðulausa kjarnaþjónustu verðbréfamiðstöðvar sem getið er um í A-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, þ.m.t.:
 - i. upplýsingatæknikerfið sem er notað við uppgjör peningahluta verðbréfaviðskipta, þ.m.t. yfirlit yfir skipulag upplýsingatæknimála og greiningu á tengdri áhættu og hvernig hún er milduð,
 - ii. rekstur og lagalegt fyrirkomulag ferlis afhendingar gegn greiðslu (DVP) og, sér í lagi, þær aðferðir sem notaðar eru til að taka á greiðslufallsáhættu sem stafar af uppgjöri peningahluta verðbréfaviðskipta,
 - iii. val, eftirlit með, lagaleg skjöl um og umsjón samtenginga við alla aðra þriðju aðila sem koma að ferli millifærslu peninga, einkum samkomulag sem skiptir máli við þriðju aðila sem koma að ferli millifærslu peninga,
 - iv. þá ítarlegu greiningu sem felst í endurreisnaráætlun verðbréfamiðstöðvar sem sækir um í tengslum við áhrif þess að veita viðbótarbankaþjónustu á kjarnaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar,
 - v. upplýsingagjöf um mögulega hagsmunaárekstra í tengslum við stjórnarhætti sem geta stafað af því að veita viðbótarbankaþjónustu, og ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta á þeim.

92. gr.

Verðbréfamiðstöðvar sem bjóða viðbótarbankaþjónustu gegnum tilnefnda lánastofnun

Umsókn um starfsleyfi í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) 909/2014 skal fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

- a) afrit af ákvörðun stjórnar verðbréfamiðstöðvar sem sækir um þess efnis að sækja skuli um og fundargerð fundarins þar sem stjórnin samþykkti efni umsóknargagnanna og framlagningu þeirra,

- b) samskiptaupplýsingar þess einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni um starfsleyfi, sé sá einstaklingur ekki sá sami og leggur fram umsóknina um starfsleyfi sem um getur í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- c) firmaheiti lánastofnunarinnar sem tilnefna á í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, félagsform hennar og skráð heimilisfang í Sambandinu,
- d) gögn sem sýna að lánastofnunin sem um getur í c-lið hafi fengið starfsleyfið sem um getur í a-lið 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- e) samþykktir og önnur viðeigandi lögboðin gögn tilnefndu lánastofnunarinnar,
- f) fyrirkomulag eignarhalds tilnefndu lánastofnunarinnar, þ.m.t. deili á hluthöfum hennar,
- g) auðkenning allra almennra hluthafa verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um og tilnefndrar lánastofnunar og öll hlutdeild milli verðbréfamiðstöðvar sem sækir um og tilnefndrar lánastofnunar,
- h) gögn sem sýna að tilnefnda lánastofnunin uppfylli þær varfærniskröfur sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og þær eftirlitskröfur sem um getur í 60. gr. þeirrar reglugerðar,
- i) gögn, þ.m.t. stofnsamning, reikningsskil, áritun endurskoðanda, skýrslur frá áhættunefndum eða önnur skjöl sem sýna fram á að tilnefnda lánastofnunin uppfylli kröfur í e-lið 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- j) upplýsingar um endurreisnaráætlunina sem um getur í g-lið 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- k) starfsáætlun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - i. hún hefur að geyma lista yfir viðbótarbankaþjónustu sem getið er um í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og tilnefnda lánastofnunin hyggst veita,
 - ii. hún hefur að geyma útskýringu á því hvernig sú viðbótarbankaþjónusta sem getið er um í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 tengist beint þeirri kjarna- eða viðbótarþjónustu sem getið er um í A- og B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöðin sem sækir um hefur starfsleyfi til að veita,
 - iii. hún er uppbyggð í samræmi við listann yfir viðbótarbankaþjónustu í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
- l) gögn sem styðja ástæður þess að gera ekki upp peningagreiðslur verðbréfauppgjörskerfis verðbréfamiðstöðvarinnar gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil þess lands þar sem uppgjórið fer fram,
- m) ítarlegar upplýsingar um eftirfarandi þætti tengsla á milli verðbréfamiðstöðvarinnar og tilnefndu lánastofnunarinnar:
 - i. upplýsingatæknikerfið sem er notað við uppgjör peningahluta verðbréfaviðskipta, þ.m.t. yfirlit yfir skipulag upplýsingatæknimála og greiningu á tengdri áhættu og hvernig hún er milduð,
 - ii. gildandi reglur og ferli til að tryggja hlítu við kröfur í tengslum við endanlegt uppgjör sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
 - iii. rekstur og lagalegt fyrirkomulag ferlis afhendingar gegn greiðslu (DVP), þ.m.t. þær aðferðir sem notaðar eru til að taka á þeirri greiðslufallsáhættu sem stafar af peningahluta verðbréfaviðskipta,
 - iv. val, eftirlit með og stjórnun samtenginga við alla aðra þriðju aðila sem koma að ferli millifærslu peninga, einkum samkomulag sem skiptir máli við þriðju aðila sem koma að ferli millifærslu peninga,
 - v. þjónustustigssamning sem kveður nánar á um starfsemi sem verðbréfamiðstöðin útvistar til tilnefndu lánastofnunarinnar eða tilnefnda lánastofnunarinnar til verðbréfamiðstöðvarinnar og hvers kyns gögn sem sýna fram á hlítu við þær útvistunarkröfur sem tilgreindar eru í 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014,
 - vi. ítarlega greiningu innifalda í endurreisnaráætlun verðbréfamiðstöðvar sem sækir um varðandi áhrif veitingar viðbótarbankaþjónusta á veitingu kjarnaþjónustu verðbréfamiðstöðvar,

- vii. upplýsingagjöf um mögulega hagsmunaárekstra í tengslum við stjórnarhætti sem geta stafað af viðbótarbankaþjónustu og ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta á þeim,
- viii. gögn sem sýna fram á að lánastofnunin hafi nauðsynlega samningslega og rekstrarlega getu til að hafa skjótan aðgang að veðtryggingum í formi verðbréfa sem staðsett eru í verðbréfamiðstöðinni og tengjast lánveitingum innan dags og, eftir atvikum, skammtímalánunum.

93. gr.

Sértækar kröfur

1. Sæki verðbréfamiðstöð um leyfi til að tilnefna fleiri en eina lánastofnun til að veita viðbótarbankaþjónusta skal umsókn hennar hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:

- a) þær upplýsingar sem um getur í 91. gr. fyrir hverja tilnefnda lánastofnun,
- b) lýsingu á hlutverki hvorrar tilnefndar lánastofnunar og tengslum milli þeirra.

2. Sé umsókn um starfsleyfi sbr. a- eða b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 lögð fram eftir að starfsleyfi sbr. 17. gr. þeirrar reglugerðar er veitt skal verðbréfamiðstöðin sem sækir um greina og upplýsa lögbært yfirvald um efnislegar breytingar sbr. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 nema það hafi þegar veitt þær upplýsingar í úttektar- og matsferlinu sem um getur 22. gr. þeirrar reglugerðar.

94. gr.

Stöðluð eyðublöð og sniðmát umsóknar

1. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal leggja fram umsókn um þau starfsleyfi sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 á því formi sem er að finna í III. viðauka þessarar reglugerðar.
2. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal leggja umsóknina sem um getur í 1. mgr. fram á varanlegum miðli.
3. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal tilgreina einkvæmt tilvísunarnúmer fyrir hvert skjal sem hún leggur fram í umsókn þeirrar tegundar sem um getur í 1. mgr.
4. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal tryggja að upplýsingar sem lagðar eru fram í umsókn þeirrar tegundar sem um getur í 1. mgr. tilgreini á skýran hátt hvaða tilteknu kröfu þessa kafla þær upplýsingar eiga við um og í hvaða skjali þær upplýsingar eru veittar.
5. Verðbréfamiðstöð sem sækir um skal afhenda lögbæru yfirvaldi sínu lista yfir öll skjöl sem lögð eru fram í umsókn þeirrar tegundar sem um getur í 1. mgr. ásamt tilvísunarnúmeri þeirra.
6. Allar upplýsingar skulu lagðar fram á því tungumáli sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að óska eftir því við verðbréfamiðstöðina að hún leggi fram sömu upplýsingar á tungumáli sem venja er að nota í alþjóð-afjármálageiranum.

XV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

95. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar skulu veittar lögbærum yfirvöldum eigi síðar en sex mánuðum fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 96. gr.

2. Þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar skulu veittar lögbærum yfirvöldum eigi síðar en sex mánuðum fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 96. gr.
3. Þær upplýsingar sem um getur í j- og r-lið 41. gr. og í d-, f-, h-, i- og j-lið 1. mgr. 42. gr. þessarar reglugerðar skulu veittar frá og með þeim degi sem um getur í 2. mgr. 96. gr.

96. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Ákvæði 54. gr. koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi framseldu gerðanna sem framkvæmdastjórnin samþykkti skv. 5. mgr. 6. gr. og 15. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, eftir því hvort kemur síðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu vera í umsókn um viðurkenningu á verðbréfamiðstöð í þriðja landi

(Ákvæði 12. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

Almennar upplýsingar

Upplýsingaliðir	Eigin texti
Umsóknardagur	
Firmaheiti lögaðila	
Skráð heimilisfang	
Nafn þess einstaklings sem ábyrgist umsókn	
Samskiptaupplýsingar þess einstaklings sem ábyrgist umsókn	
Nafn annars einstaklings/annarra einstaklinga sem bera ábyrgð á hlítinu verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014	
Samskiptaupplýsingar einstaklings/einstaklinga sem bera ábyrgð á hlítinu verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi við reglugerð (ESB) nr. 909/2014	
Deili á hluthöfum eða félagsmönnum sem eiga hlutdeild í hlutafé verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi	
Tilgreining á skipulagi samstæðu, þ.m.t. öllum dótturfélögum og móðurfélagi verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi	
Listi yfir aðildarríki þar sem verðbréfamiðstöð í þriðja landi hyggst veita þjónustu	
Upplýsingar um kjarnaþjónustu sem talin er upp í A-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöð í þriðja landi hyggst veita í Sambandinu fyrir hvert aðildarríki	
Upplýsingar um viðbótarþjónustu sem talin er upp í B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöð í þriðja landi hyggst veita í Sambandinu fyrir hvert aðildarríki	
Upplýsingar um aðra þjónustu sem er heimil samkvæmt, en ekki talin upp sérstaklega í B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöð í þriðja landi hyggst veita í Sambandinu fyrir hvert aðildarríki	
Gjaldmiðill eða gjaldmiðlar sem verðbréfamiðstöð í þriðja landi afgreiðir eða hyggst afgreiða	
Tölfræðileg gögn um þá þjónustu sem verðbréfamiðstöð í þriðja landi hyggst veita í Sambandinu fyrir hvert aðildarríki	
Mat á þeim ráðstöfunum sem verðbréfamiðstöð í þriðja landi hyggst gera til að gera notendum sínum kleift að hlíta öllum sértækum landslögum aðildarríkis/-ríkja þar sem verðbréfamiðstöð í þriðja landi hyggst veita þjónustu sína	

Upplýsingaliðir	Eigin texti
Hyggist verðbréfamiðstöð í þriðja landi veita þá kjarnaþjónustu sem um getur í 1. og 2. lið A-þáttar viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, lýsing á þeim ráðstöfunum sem hún hyggst gera til að gera notendum sínum kleift að hlíta viðkomandi lögum aðildarríkis þar sem hún hyggst veita slíka þjónustu eins og um getur í d-lið 4. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014.	
Reglur og ferli sem greiða fyrir uppgjöri viðskipta í fjármálagerningum á áformuðum uppgjorsdegi	
Fjármagn verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi, á hvaða formi og með hvaða aðferðum því er viðhaldið og ráðstafanir til að tryggja það	
Gögn sem sýna að reglur og ferli verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi samræmist að fullu gildandi kröfum í því þriðja landi þar sem hún hefur staðfestu, þ.m.t. reglur um varfærni, skipulag, rekstrarsamfellu, endurreisn eftir stóráfall og viðskiptahætti	
Upplýsingar um alla útivistunarsamninga	
Reglur um lok yfirfærslu verðbréfa og peninga	
Upplýsingar um þátttöku í því verðbréfauppgjorskerfi sem verðbréfamiðstöð í þriðja landi rekur, þ.m.t. skilyrði fyrir þátttöku og ferli fyrir tímabundinnar sviptingar og skipulegrar útgöngu aðila sem uppfylla ekki lengur skilyrði hennar	
Reglur og ferli til að tryggja heilindi verðbréfaútgáfu	
Upplýsingar um það kerfi sem er komið á til að tryggja vernd verðbréfa þátttakenda og viðskiptavina þeirra	
Upplýsingar um samtengingar verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi og samtengingar við aðra rekstraraðila markaðsinnviða og með hvaða hætti eftirlit er haft með tengdri áhættu og henni stýrt	
Upplýsingar um reglur og ferli sem er komið á til að bregðast við greiðslufalli þátttakanda	
Endurreisnaráætlun	
Fjárfestingarstefna verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi	
Upplýsingar um ferli sem tryggir tímanlegt og skipulegt uppgjör og yfirfærslu eigna viðskiptavina og þátttakenda til annarrar verðbréfamiðstöðvar ef verðbréfamiðstöð lendir í vanskilum	
Upplýsingar um yfirstandandi dómsmál eða mál utan dómstóla, þ.m.t. stjórnarsýslumál, einkamál eða gerðardómsmál, sem geta valdið verðbréfamiðstöð í þriðja landi verulegum fjárhagslegum og öðrum kostnaði Upplýsingar um allar endanlegar ákvarðanir í málum sem um getur hér að ofan	
Upplýsingar um meðferð verðbréfamiðstöðvar í þriðja landi á hagsmunarárekstrum	
Upplýsingar sem ber að birta á vefsetri Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar í samræmi við 3. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því er varðar 25. gr. þeirrar reglugerðar	

II. VIÐAUKI

Skrár yfir viðbótarþjónustu verðbréfamistöðvar

(Ákvæði 29. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

Nr.	Viðbótarþjónusta samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014	Tegundir skráa
A. Viðbótarþjónusta verðbréfamistöðvar, önnur en bankaþjónusta, sem ekki felur í sér greiðslufalls- eða lausafjárahættu		
1	Skipulagning kerfis til verðbréfalánveitingar, sem umboðsaðili meðal þátttakenda í verðbréfauppgjörskerfi	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á afhendingar-/viðtökuaðilum, b) Upplýsingar um hverja verðbréfalánveitingu/lántöku, þ.m.t. magn og virði verðbréfa og ISIN-númer, c) Tilgangur hvernar verðbréfalánveitingar/lántöku, d) Tegundir veðtrygginga, e) Verðmat veðtrygginga.
2	Umsjón veðtrygginga sem umboðsaðili fyrir þátttakendur í verðbréfauppgjörskerfi	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á afhendingar-/viðtökuaðilum, b) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa og ISIN-númer, c) Tegundir veðtrygginga, d) Tilgangur með notkun veðtryggingar, e) Verðmat veðtrygginga.
3	Pörun uppgjors, beining fyrirmæla (<i>e. instruction routing</i>), staðfesting viðskipta, sannprófun viðskipta	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamistöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir rekstrar, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa og ISIN-númer.
4	Þjónusta sem tengist hlutaskrá	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamistöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa og ISIN-númer.
5	Stuðningur við afgreiðslu fyrirtækjaaðgerða, þ.m.t. skatta-, hluthafafunda- og upplýsingaþjónusta	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamistöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa/peninga, haghafa aðgerðarinnar og ISIN-númer.
6	Þjónusta við nýja útgáfu, þ.m.t. úthlutun og umsjón með ISIN-númerum og svipuðum kóðum	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamistöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. ISIN-númer.

Nr.	Viðbótarþjónusta samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014	Tegundir skráa
7	Beining (e. <i>routing</i>) og vinnsla fyrir mæla, innheimta og úrvinnsla gjalda og tengd skýrslugjöf	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa/peninga, haghafa aðgerðar, ISIN-númer og tilgang aðgerðar.
8	Uppsetning á samtengingum verðbréfamiðstöðva, útvegum, viðhald eða rekstur verðbréfareikninga í tengslum við uppgjörsþjónustu, umsjón veðtrygginga, önnur viðbótarþjónusta	<ul style="list-style-type: none"> a) Upplýsingar um samtengingar verðbréfamiðstöðva, þ.m.t. auðkenning verðbréfamiðstöðva, b) Tegundir þjónustu.
9	Almenn umsjón veðtrygginga sem umboðsaðili	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á afhendingar-/viðtökuaðilum, b) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa, ISIN-númer, c) Tegundir veðtrygginga, d) Tilgangur með notkun veðtryggingar, e) Verðmat veðtrygginga.
10	Skýrslugjöf til eftirlitsaðila	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir skýrslugjöfina b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um veitt gögn, þ.m.t. lagagrundvöll og tilgang.
11	Veiting upplýsinga, gagna og tölfræðiupplýsinga til markaðsrannsóknaraðila og hagstofa eða annarra opinberra aðila eða milliríkjastofnana	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um veitt gögn, þ.m.t. lagagrundvöll og tilgang.
12	Veiting upplýsingatækniþjónustu	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir þjónustuna, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar í tengslum við upplýsingatækniþjónustu.

B. Bankaþjónusta verðbréfamiðstöðvar sem tengist beint kjarna- eða viðbótarþjónustu sem talin er upp í A- og B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014

13	Veiting peningareikninga, og móttaka innlagna frá, aðilum að verðbréfauppgjörskerfi og eigendum verðbréfareikninga í skilningi 1. liðar I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽¹⁾	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir slíka þjónustu, b) Upplýsingar um peningareikninga, c) Gjaldmiðill, d) Fjárhæðir innstæðna.
----	---	--

Nr.	Viðbótarþjónusta samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014	Tegundir skráa
14	Veiting peningalána til endurgreiðslu eigi síðar en næsta viðskiptadag, peningalána til forfjármögnunar fyrirtækjaaðgerða og verðbréfalána til eigenda verðbréfareikninga, í skilningi 2. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa/peninga, ISIN-númer, d) Tegundir veðtrygginga, e) Verðmat veðtrygginga. f) Tilgangur aðgerða, g) Upplýsingar um öll tilvik í tengslum við slíka þjónustu og aðgerðir til úrbóta, þ.m.t. eftirfylgni.
15	Greiðsluþjónusta sem felur í sér afgreiðslu peninga og gjaldeyrisviðskipta, í skilningi 4. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn peninga, og tilgang aðgerðar.
16	Ábyrgðir og skuldbindingar sem tengjast verðbréfalánveitingum og -lántökum, í skilningi 6. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa/peninga og tilgang aðgerðar.
17	Fjárstýringarstarfsemi sem tekur til erlends gjaldeyris og framseljanlegra verðbréfa sem tengjast stýringu á löngum stöðum (jákvæðum stöðum) þátttakenda, í skilningi b- og e-liðar 7. liðar I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB	<ul style="list-style-type: none"> a) Auðkenning á þeim aðilum sem verðbréfamiðstöðin veitir slíka þjónustu, b) Tegundir þjónustu, c) Upplýsingar um hverja aðgerð, þ.m.t. magn og virði verðbréfa/peninga og tilgang aðgerðar.

(¹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjóð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

III. VIÐAUKI

Sniðmát fyrir umsókn verðbréfamiðstöðvar um að tilnefna lánastofnun eða veita viðbótarbankaþjónustu

(Ákvæði 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014)

Sniðmát 1

Fyrir verðbréfamiðstöð sem er að sækja um að veita viðbótarbankaþjónustu í samræmi við a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 skal veita eftirfarandi upplýsingar:

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafla, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar
1) firmaheiti verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, félagsform hennar og lögheimili í Sambandinu			
2) afrit af ákvörðun stjórnar verðbréfamiðstöðvar sem sækir um þess efnis að sækja skuli um starfsleyfi og fundargerð fundarins þar sem stjórnin samþykkti efni umsóknargagnanna og framlagningu þeirra			
3) samskiptaupplýsingar einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni um starfsleyfi, sé hann ekki sá sami og leggur fram umsóknina um starfsleyfi sem um getur í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
4) gögn sem sanna tilvist starfsleyfis sem um getur í a-lið 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
5) gögn sem sýna að verðbréfamiðstöðin sem sækir um uppfylli þær varfærniskröfur sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og þær eftirlitskröfur sem um getur í 60. gr. þeirrar reglugerðar			
6) gögn sem sanna að verðbréfamiðstöð sem sækir um fullnægi ákvæðum d-liðar 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
7) upplýsingar um endurreisnaráætlun sem um getur í f-lið 3. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
8) starfsáætlun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:			
a) hún hefur að geyma lista yfir viðbótarbankaþjónustu sem getið er um í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og ráðgert er að veita			
b) hún hefur að geyma útskýringu á því hvernig sú viðbótarbankaþjónusta sem getið er um í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 tengist beint þeirri kjarna- eða viðbótarþjónustu sem getið er um í A- og B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöðin hefur starfsleyfi til að veita			

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar
c) hún er uppbyggð í samræmi við listann yfir viðbótarbankaþjónustu í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
9) gögn sem styðja ástæður þess að gera ekki upp peningagreiðslur verðbréfauppgjörskerfis verðbréfamiðstöðvarinnar gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil þess lands þar sem uppgjörrið fer fram			
10) ítarlegar upplýsingar um þær ráðstafanir sem tryggja að viðbótarbankaþjónusta sem sótt er um að veita hafi ekki áhrif á snurðulausa kjarnaþjónustu verðbréfamiðstöðvar sem um getur í A-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, einkum upplýsingar um eftirfarandi:			
a) upplýsingatæknikerfið sem er notað við uppgjör peningahluta verðbréfavíðskipta, þ.m.t. yfirlit yfir skipulag upplýsingatæknimála og greiningu á tengdri áhættu og hvernig hún er milduð			
b) rekstur og lagalegt fyrirkomulag ferlis afhendingar gegn greiðslu og, sér í lagi, þær aðferðir sem notaðar eru til að taka á þeirri greiðslufallsáhættu sem stafar af peningahluta verðbréfavíðskipta			
c) val, eftirlit með, lagaleg skjöl um og umsjón samtenginga við alla aðra þriðju aðila sem koma að ferli millifærslu peninga, einkum samkomulag sem skiptir máli við þriðju aðila sem koma að ferli millifærslu peninga			
d) þá ítarlegu greiningu sem felst í endurreisnaráætlun verðbréfamiðstöðvar sem sækir um í tengslum við áhrif þess að veita viðbótarbankaþjónustu á kjarnaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar			
e) upplýsingagjöf um mögulega hagsmunaárekstra í tengslum við stjórnarhætti sem geta stafað af því að veita viðbótarbankaþjónustu, og ráðstafanir sem gerðar eru til úrbóta á þeim			
11) ef við á, tilgreiningu á öllum efnislegum breytingum á skjölum sem lögð eru fram til að fá starfsleyfið sem um getur í 2.mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem fylgir sama töflusniðmáti, ef uppfærð skjöl hafa ekki þegar verið afhent við úttekt og mat sem um getur í 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			

Sé umsókn um starfsleyfi sem um getur í a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 lögð fram á sama tíma og umsókn um starfsleyfi sem um getur í 17. gr. þeirrar reglugerðar skal verðbréfamiðstöðin sem sækir um veita eftirfarandi upplýsingar til viðbótar við þær upplýsingar sem krafist er skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og þessari reglugerð:

1	Nafn einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni, ef hann er ekki sá sami og leggur fram umsóknina um starfsleyfi skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	...
2	Samskiptaupplýsingar einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni, ef hann er ekki sá sami og leggur fram umsóknina um starfsleyfi skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	...
3	Viðtökudagur starfsleyfis sem um getur í a-lið 3. mgr. 54. gr.	...

Sniðmát 2

Fyrir verðbréfamiðstöð sem er að sækja um að tilnefna sérstaka lánastofnun til að veita viðbótarbankaþjónustu í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014:

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar
1) firmaheiti verðbréfamiðstöðvar sem sækir um, félagsform hennar og lögheimili í Sambandinu			
2) afrit af ákvörðun stjórnar verðbréfamiðstöðvar sem sækir um þess efnis að sækja skuli um starfsleyfi og fundargerð fundarins þar sem stjórnin samþykkti efni umsóknargagnanna og framlagningu þeirra			
3) samskiptaupplýsingar þess einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni um starfsleyfi, sé sá einstaklingur ekki sá sami og leggur fram umsóknina um starfsleyfi sem um getur í 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
4) firmaheiti lánastofnunar sem tilnefna á í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, félagsform hennar og lögheimili í Sambandinu			
5) gögn sem sýna að lánastofnunin sem um getur í 4. lið hafi fengið starfsleyfið sem um getur í a-lið 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
6) samþykktir og, ef við á, önnur lögboðin gögn tilnefndu lánastofnunarinnar			
7) skipulag eignarhalds tilnefndu lánastofnunarinnar, þ.m.t. deili á hluthöfum hennar			

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafli, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar
8) auðkenning allra almennra hluthafa verðbréfamiðstöðvarinnar sem sækir um og tilnefndrar lánastofnunar og öll hlutdeild milli verðbréfamiðstöðvar sem sækir um og tilnefndrar lánastofnunar			
9) gögn sem sýna að tilnefnda lánastofnunin uppfylli þær varfæriskröfur sem um getur í 1., 3. og 4. mgr. 59. gr. og þær eftirlitskröfur sem um getur í 60. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
10) gögn, þ.m.t. stofnsamningur, reikningsskil, áritun endurskoðanda, skýrslur frá áhættunefndum eða önnur skjöl sem sanna að tilnefnda lánastofnunin uppfylli kröfur e-liðar 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
11) upplýsingar um endurreisnaráætlun sem um getur í g-lið 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
12) starfsáætlun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:			
a) hún hefur að geyma lista yfir viðbótarbankaþjónustu sem getið er um í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og ráðgert er að veita			
b) hún hefur að geyma útskýringu á því hvernig sú viðbótarbankaþjónusta sem getið er um C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 tengist beint þeirri kjarna- eða viðbótarþjónustu sem um getur í A- og B-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og verðbréfamiðstöðin sem sækir um hefur starfsleyfi til að veita			
c) hún er uppbyggð í samræmi við listann yfir viðbótarbankaþjónustu í C-þætti viðauka reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
13) upplýsingar um ástæður þess að gera ekki upp peningagreiðslur verðbréfauppgjörskerfis verðbréfamiðstöðvarinnar í gegnum reikninga sem stofnaðir eru hjá seðlabanka sem gefur út gjaldmiðil þess lands þar sem uppgjorið fer fram			
14) ítarlegar upplýsingar um uppbyggingu tengsla milli verðbréfamiðstöðvarinnar og tilnefndu lánastofnunarinnar, einkum upplýsingar um eftirfarandi:			
a) upplýsingatæknikerfið sem er notað við uppgjör peningahluta verðbréfaviðskipta, þ.m.t. yfirlit yfir skipulag upplýsingatæknimála og greiningu á tengdri áhættu og hvernig hún er milduð			

Umfang upplýsinga sem leggja skal fram	Einkvæmt tilvísunarnúmer skjals	Titill skjals	Kafla, hluti eða blaðsíða skjals þar sem upplýsingar eru veittar
b) gildandi reglur og ferli til að tryggja hlítu við kröfur í tengslum við endanlegt uppgjör sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
c) rekstur og lagalegt fyrirkomulag ferlis afhendingar gegn greiðslu (DVP) og, sér í lagi, þær aðferðir sem notaðar eru til að taka á þeirri greiðslufallsáhættu sem stafar af peningahluta verðbréfavíðskipta			
d) val, eftirlit með og stjórnun samtenginga við alla aðra þriðju aðila sem koma að ferli millifærslu peninga, einkum samkomulag sem skiptir máli við þriðju aðila sem koma að ferli millifærslu peninga			
e) þjónustustigssamning sem kveður nánar á um starfsemi sem verðbréfamiðstöðin útvistar til tilnefndu lánastofnunarinnar og hvers kyns gögn sem sýna fram á hlítu við útvistunarkröfur sem tilgreindar eru í 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			
f) þá ítarlegu greiningu sem felst í endurreisnaráætlun verðbréfamiðstöðvar sem sækir um í tengslum við áhrif þess að veita viðbótarbankaþjónustu á kjarnaþjónustu verðbréfamiðstöðvarinnar			
g) upplýsingagjöf um mögulega hagsmunaárekstra í tengslum við stjórnarhætti sem stafa af viðbótarbankaþjónustu, og ráðstafanir sem gerðar eru til að taka á þeim			
h) gögn sem sýna fram á að lánastofnunin hafi nauðsynlega samningslega og rekstrarlega getu til að hafa skjótan aðgang að veðtryggingum í formi verðbréfa sem staðsett eru í verðbréfamiðstöðinni og tengjast lánveitingum innan dags og, eftir atvikum, skammtímalánnum			
15) ef við á, tilgreining á öllum breytingum á skjölum sem lögð eru fram til að fá starfsleyfið sem um getur í 2.mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sem fylgir sama töflusniðmáti, ef uppfærð skjöl hafa ekki þegar verið afhent við úttekt og mat sem um getur í 22. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014			

Sé umsókn um starfsleyfi sem um getur í b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 lögð fram á sama tíma og umsókn um starfsleyfi sem um getur í 17. gr. þeirrar reglugerðar skal veita eftirfarandi upplýsingar til viðbótar við þær upplýsingar sem krafist er skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 og þessari reglugerð:

1	Firmaheiti aðila sem tilnefndur er til að veita viðbótarbankaþjónustu	...
2	Lögheimili	...

3	Nafn einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni	...
4	Samskiptaupplýsingar einstaklings sem ber ábyrgð á umsókninni	...
5	Auðkenning móðurfélaga tilnefndrar lánastofnunar/lánastofnana, ef við á	...
6	Lögbært yfirvald tilnefndrar lánastofnunar/lánastofnana	...
7	Viðtökudagur starfsleyfis sem um getur í a-lið 4. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014	...